skoðun 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Híbýli og viðhald
Fasteignir

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
20. desember 2010
298. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Ungur stílisti

Júlía Tómasdóttir er þrettán ára stílisti sem hefur séð um búninga í tveimur myndum.

fólk 54

Okkar skömm

Hvernig hefur það gerst að það þyki allt að því ásættanlegur lífsstíll að standa í röð eftir mat, spyr Guðmundur Andri.

í dag 21

Sjötta markið

Gylfi Þór Sigurðsson hefur farið mikinn í þýska boltanum.

sport 48

veðrið í dag

NOKKUÐ BJART sunnan- og vestanlands en él eða dálítil snjókoma norðan- og austantil. Strekkingur allra vestast og með SA-ströndinni en annars hægari vindur. Frost um mestallt land.

VEÐUR 4

✓Pabbi
✓Mamma
✓Afi
✓Amma

65 kíló af fíkniefnum tekin

Lögreglan á Suðurnesjum hefur lagt hald á um 65 kíló af fíkniefnum það sem af er ári. Það er um þrefalt meira magn en á síðasta ári. Yfirlögregluþjónn þakkar aukinni samvinnu og meiri meðvitund almennings.

LÖGGÆSLA Lögreglan á Suðurnesjum hefur haldlagt um það bil þrefalt meira magn fíkniefna í ár en í fyrra.

Það sem af er ári hafa rúmlega 65 kíló af fíkniefnum verið haldlögð í umdæminu, samkvæmt bráðabirgðatölum, á móti tæpum 23 kílóum í fyrra. Þar vega þungt 37 kíló af fíkniefninu khat, sem Lithái og Breti voru gripnir með í ágúst síðastliðnum, en einnig hefur meira magn öðrum efnum, svo sem kókaíni, verið haldlagt.

„Ég held að góður árangur í baráttunni við fíkniefnavandann, innflutning efna, sölu og dreifingu skýrist fyrst og fremst af mikilli og góðri samvinnu þeirra sem að þessum málum koma, það er að segja lögreglu og tollgæslu," segir Gunnar Schram yfirlögregluþjónn á Suðurnesjum.

„Samstillt vinnubrögð þessara aðila eru að skila mikilvægum árangri," bætir Gunnar við. „Að mínu mati hefur þessi samvinna eflst mjög með hverju ári og þessir aðilar vinna orðið í dag sem ein heild. Enda er það nauðsynlegt ef árangur á að nást."

Þá segir Gunnar fleiri þætti spila inn í, svo sem aukna meðvitund almennings í þessum efnum sem vegi þungt því árvökulir borgarar veiti oft gagnlegar upplýsingar.

Auk kílóanna 65 hefur lögregla tekið um 500 kannabisplöntur það sem af er ári. Mun fleiri Íslendingar en útlendingar voru teknir í smyglmálum fíkniefna eins og á síðasta ári. Þá hafa átta smyglarar verið teknir með fíkniefni innvortis í ár á móti ellefu í fyrra.

- jss / sjá síðu 4

Haldlögð fíkniefni 2009 og 2010

Efni	2010*	2009
Hass	282	185
Marijúana	606	231
Tóbaksblandað	68	34
Amfetamín	3.326	20.053
Kókaín	4.395	2031
Mephedrone (Meow Meow)	486	
Sveppir	5	172
Heróín	0	0,3
Kannabislauf	4.807	78
Khat	37.085	
Amfetamínvökvi uppreiknaður	14.100	
Heildarmagn á árinu	**65.160 g**	**22706,41**

2010:
Málsaðilar:
122 *Íslendingar*
31 *erlent ríkisfang*

2009:
Málsaðilar:
129 *Íslendingar*
30 *erlent ríkisfang*

* Bráðabirgðatölur 17.12.2010
Heimild: Lögreglan á Suðurnesjum

Á GRÆNNI GREIN „Salan hefur gengið stórvel, jafnvel bara stórkostlega vel," segir Ásgerður Einarsdóttir, umsjónarmaður jólatrjáasölu Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í hús Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallarveg í gær virtist nóg að gera. „Trén sem eru yfir tveimur metrum eru bara nánast búin, enda eru þau falleg. Við héldum að fólk myndi minnka við sig í kreppunni en fólk virðist vilja gleðja sig með fallegum trjám."

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikill kuldi í kortunum:

Nokkrar líkur á hvítum jólum

VEÐUR Útlit er fyrir fimbulkulda á landinu næstu daga, en norðanátt mun koma yfir landið og hafa í för með sér mikinn kulda sem mun standa alla vikuna. Það gæti haft í för með sér að hvít jól verði víðast hvar.

Jafnvel er talið að frostið geti farið niður fyrir tíu stig auk þess sem frekar hvasst verður, sérstaklega á þriðjudag, en þá má búast við hvað mestum kulda.

Seinni hluta vikunnar verða austlægari áttir með minnkandi frosti og auknum líkum á éljum.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfræðingur segir nokkrar líkur á hvítum jólum.

„Það lítur út fyrir að lægð myndist sunnan við land á miðvikudag og úrkomusvæði færist inn á land seinni part miðvikudags eða á fimmtudag.

Það er þó óvíst ennþá hvenær þetta gerist nákvæmlega og hvernig lægðin hreyfir sig. Það eru hins vegar meiri líkur en minni að það muni snjóa þar sem ekki er snjór nú þegar."

- þj

Þráinn Bertelsson vonsvikinn með ósamstöðu VG og segist ekki mega forfallast:

Varamaður Þráins styður ekki VG

STJÓRNMÁL Katrín Snæhólm Baldursdóttir, varaþingmaður Þráins Bertelssonar, þingmanns Vinstri grænna, starfar með þinghópi Hreyfingarinnar og segist mundu tilheyra þingflokki Hreyfingarinnar ef hún yrði kölluð inn á þing í forföllum Þráins.

Vangaveltur hafa verið uppi um þingstyrk ríkisstjórnarinnar í kjölfar þess að þrír þingmenn Vinstri grænna sátu hjá í atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar þó að þremenningarnir hafi raunar allir sagst styðja ríkisstjórnina á síðustu dögum.

Þráinn Bertelsson segist vonsvikinn með ósamstöðuna hjá vinstrimönnum á þingi og segist munu forðast það í lengstu lög að kalla til varamann. „Ég er sem betur fer heilsugóður og bjargast alveg ágætlega án varamanns," segir Þráinn.

Þráinn Bertelsson var kjörinn á þing fyrir Borgarahreyfinguna í alþingiskosningunum í fyrra en gekk til liðs við Vinstri græna í september. Hann segist styðja ríkisstjórnina af heilum hug en er óánægður með málflutning þremenninganna. Honum finnst ósanngjarnt að sitja undir dylgjum á þá leið að þeir þingmenn Vinstri grænna sem greiddu atkvæði með fjárlagafrumvarpinu séu að ráðast á velferðarkerfið sér til skemmtunar.

- mþl / sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS

Addi, var The Game ekki geim í geimið?

Nei, þetta eru víst einhver geimvísindi.

Addi Exos þurfti nýlega að aflýsa tónleikum sem hann hafði skipulagt með rappstjörnunni The Game, þar sem hinn síðarnefndi var skyndilega gripinn mikilli flughræðslu.

Vaxandi titringur er á Kóreuskaga vegna heræfinga Suður-Kóreumanna:

Öryggisráð SÞ boðað á neyðarfund

KÓREA Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ætlar að boða til neyðarfundar vegna vaxandi titrings á Kóreuskaga.

Rússar, sem óskuðu eftir fundinum, vilja að Öryggisráðið sendi stjórnvöldum í Suður- og Norður-Kóreu varnaðarorð.

Suður-Kóreumenn segjast ætla að halda heræfingum sínum áfram á eyjunni Yeonpyeong nálægt landamærunum. Norðanmenn hafa hins vegar fordæmt æfingarnar og hóta að svara í sömu mynt.

Hætt er við að klofningur verði innan Öryggisráðsins þar sem Kínverjar og Rússar vilja að stjórnvöld í Suður-Kóreu láti af æfingum á meðan Bandaríkjamenn segja að þær verði að fara fram vegna yfirvofandi ógnar að norðan.

„Það eru engin áform um að blása æfinguna af. Nú bíðum við bara eftir rétta veðrinu," var haft eftir stjórnvöldum í Suður-Kóreu. - kh

FRÁ KÓREU Mikill titringur er á Kóreuskaga og hefur Öryggisráð SÞ verið boðað á neyðarfund. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grábotni setti nýtt met:

Hrútur gaf 280 sæðisskammta

DÝRALÍF Hrúturinn Grábotni 06-833 setti fyrir helgi nýtt met í sæðismagni sem gefið hefur verið á einum degi. Samtals gaf hann 280 sæðisskammta, en gott þykir ef hrútur skilar 100 skömmtum. Sæðistakan fór fram á Sauðfjársæðingastöð Suðurlands.

Fram kemur á vef Búnaðarsambands Suðurlands að um sé að ræða mesta magn sem hrútur hefur gefið af sæði á einum degi hjá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands og er talið líklegt að um Íslandsmet sé að ræða. - jhh

Sextugur maður fyrir bíl:

Banaslys varð í Reykjavík

SLYS Maður á sextugsaldri lést þegar ekið var á hann á Snorrabraut við Bergþórugötu laust fyrir klukkan fimm á laugardag.

Maðurinn hlaut höfuðáverka auk frekari meiðsla og var fluttur á slysadeild Landspítalans. Hann var úrskurðaður látinn skömmu síðar. Ekki er hægt að gefa upp nafn mannsins að svo stöddu.

Málið er í rannsókn hjá lögreglu en talið er að maðurinn hafi farið yfir götuna á rauðu ljósi. Ekki er talið að um hraðakstur hafi verið að ræða. - mmf

Lúxushótel biðst afsökunar:

Jólatré fyrir rúman milljarð

ABU DHABI, AP Forsvarsmenn lúxushótels í borginni Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, sem stærðu sig af rúmlega eins milljarðs króna dýru jólatré með gulli og gimsteinum, hafa viðurkennt að jólaandinn hafi hlaupið með þá í gönur. Í yfirlýsingu sem Emirates Palace hótelið hefur sent frá sér segir að það sjái eftir tilraunum til að blása út jólatrjáahefðina með því að skreyta tréð rándýrum og glæsilegum munum.

Jólatréð hefur valdið deilum síðan það var sett upp í síðustu viku. Sumir vildu meina að smekkleysan hafi verið algjör á meðan aðrir töldu það krúttlegt. - fb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í ruslageymslu

Eldur kom upp í ruslageymslu í fjölbýlishúsi á Egilsstöðum á laugardag. Húsið var rýmt þar sem reykur kom úr þaki. Nokkurt tjón varð á ruslageymslunni en það tókst að ráða niðurlögum eldsins áður en slökkvilið bar að.

Yndisleg tilfinning að vera á heimleið

Foreldrar Jóels Færseth Einarssonar eru loks á heimleið frá Indlandi eftir að ríkisborgararéttur fyrir hinn fimm vikna gamla dreng er endanlega í höfn. Voru föst á Indlandi vegna misræmis milli landa á lögum um staðgöngumæðrun.

FÓLK „Þetta er alveg yndisleg tilfinning eftir allt sem við erum búin að ganga í gegnum. Þetta er búið að ganga svo brösuglega að við erum alveg í skýjunum," segir Helga Sveinsdóttir í samtali við Fréttablaðið, en hún er nú farin að huga að heimferð frá Mumbai í Indlandi ásamt manni sínum, Einari Þór Færseth, og Jóel, fimm vikna gömlum syni þeirra.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardag eignuðust hjónin hann með aðstoð staðgöngumóður á Indlandi, en lentu í miklum vandræðum með að fá drenginn viðurkenndan sem íslenskan ríkisborgara og komust því ekki með hann heim til Íslands. Alþingi hjó svo á hnútinn er það veitti Jóel íslenskan ríkisborgararétt á laugardag og er fjölskyldunni því fátt að vanbúnaði.

„Við eigum enn eftir að fá vegabréfið en trúum ekki öðru en að nú sé málið loks í höfn og við bíðum spennt eftir að koma heim."

Helga segir óvíst hvenær þau komi heim, en þau vonist til þess að það geti orðið fyrir jól. Jóel litli hafi það annars mjög gott.

„Hann dafnar vel og er hraustur og sprækur."

Ástæðan fyrir því að erfiðlega gekk að fá leyst úr málum þeirra Helgu og Einars er ákveðið lagalegt tómarúm hér á landi um staðgöngumæðrun.

Samkvæmt lögum er staðgöngumæðrun bönnuð hér á landi en ekkert í indverskum lögum bannar slíkt.

Þau leituðu því á náðir alþingismanna, sem veittu málinu loks brautargengi og veittu Jóel ríkisborgararétt ásamt 42 öðrum. Þingsályktunartillaga sextán þingmanna úr Sjálfstæðisflokki, Samfylkingu og Framsóknarflokki liggur nú fyrir á Alþingi en þar er kallað eftir lagasetningu um að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði heimiluð.

thorgils@frettabladid.is

Á HEIMLEIÐ Jóel litli dafnar vel og er á heimleið ásamt foreldrum sínum. Staðgöngumóðir gekk með hann og olli það flækjum sem urðu til þess að fjölskyldan komst ekki fyrr heim. MYND/ÚR EINKASAFNI

Barnaklámsmál í Austurríki:

107 teknir með barnaklám

VÍN, AP Austurríska lögreglan hefur lagt hald á barnaklám sem var í vörslu 107 manna, þar á meðal fimm kennara. Klámið fannst við leit á heimilum þeirra.

Rannsókn málsins hófst fyrir einu ári þegar lögreglan í Lúxemborg fann 163 austurrískar IP-tölur sem höfðu verið notaðar til að komast á barnaklámsíður. Aðeins var hægt að rekja 107 tölur af þessum 163.

Mennirnir sem um ræðir eru á aldrinum átján ára til sjötugs og koma úr öllum geirum samfélagsins, að sögn lögreglunnar. Einn þeirra hafði yfir að ráða 20 þúsund ljósmyndum og 300 myndböndum með barnaklámi. Annar hafði tekið myndir af börnum nágranna síns í baði. - fb

Fjárhagsáætlun samþykkt:

Góð staða þótt byggður sé skóli

HVALFJARÐARSVEIT Áætlað er að verja um 320 milljónum króna í byggingu og sextán milljónum í kaup á búnaði í nýjan Heiðarskóla í Hvalfirði á næsta ári. Í tilkynningu um nýsamþykkta fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar er sveitarsjóðurinn sagður standa „mjög vel" þrátt fyrir þessar framkvæmdir.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar árið 2011 var samþykkt á hundraðasta fundi sveitarstjórnarinnar þriðjudaginn 14. desember síðastliðinn.

„Fjárhagsáætlunin byggir á óbreyttum útsvarstekjum, óbreyttum Jöfnunarsjóðsframlögum og svipuðum fasteignagjaldastofni frá áætlun ársins 2010," segir í tilkynningu. Vegna óvissu og erfiðs efnahagsástands á að endurskoða fjárhagsáætlunina á fyrri hluta 2011. - óká

Sprengingar í spennistöðvum álvera taldar mjög óvenjulegar:

Rannsókn hafin á sprengingu

BRUNI Rannsókn er hafin á sprengingunni sem varð í spennistöð álvers Alcoa á Reyðarfirði á laugardag. „Enn er ekkert vitað um orsakir sprengingarinnar," segir Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar.

Fulltrúi lögreglu kemur að rannsókn málsins en ekkert er vitað um tjón vegna eldsins né hvaða áhrif hann muni hafa á framleiðslu álversins.

„Slökkvistarfið gekk ágætlega," segir Guðmundur. Um fimmtíu slökkviliðsmenn hafi tekið þátt í aðgerðunum.

Sprenging varð í spennistöð álversins og við sprenginguna varð eldur laus. Enginn slasaðist en rafmagn fór af álverinu.

Að sögn Ernu Indriðadóttur, framkvæmdastjóra upplýsingamála hjá Alcoa, tókst starfsmönnum með snarræði að ná tökum á ástandinu og byrjuðu að koma straumi á álverið upp úr klukkan sjö. Slökkviliðinu tókst svo að ráða niðurlögum eldsins á tíunda tímanum.

Guðmundur og Erna eru sammála um að svona sprengingar séu mjög óvenjulegar í álverum. - mmf

ELDUR Í ÁLVERI Slökkvistarf í álverinu á Reyðarfirði gekk ágætlega eftir aðstæðum. MYND/HALLA SIGRÚN SVEINBJÖRNSDÓTTIR

iPhone 4 og iPad: Verðið gildir með áskrift og frelsi hjá Nova. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

GENGIÐ 17.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,52	116,08
Sterlingspund	180,53	181,41
Evra	153,90	154,76
Dönsk króna	20,657	20,777
Norsk króna	19,453	19,567
Sænsk króna	17,048	17,148
Japanskt jen	1,3761	1,3841
SDR	177,67	178,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,2164

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kate Middleton og Vilhjálmur Bretaprins studdu krabbameinssjúka í Norfolk:

Fyrsta góðgerðasamkoma verðandi prinsessu

LONDON, AP Kate Middleton kom í fyrsta sinn fram opinberlega á laugardagskvöld eftir að tilkynnt var um trúlofun hennar og Vilhjálms Bretaprins.

Parið mætti saman á góðgerðasamkomu í Norfolk-sýslu til styrktar krabbameinssjúkum og vakti að vonum mikla athygli. Þetta voru ákveðin tímamót fyrir Middleton því þetta var sú fyrsta af fjölda góðgerðasamkoma sem hún verður viðstödd í framtíðinni.

Hin 28 ára Middleton verður ekki opinber hluti af konungsfjölskyldunni fyrr en hún og Vilhjálmur ganga í hjónaband 29. apríl á næsta ári. Samt sem áður tók hún í fyrsta sinn þátt í árlegum jólahádegisverði í Buckingham-höll um helgina þar sem allt konungsfólkið var samankomið, þar á meðal Elísabet Englandsdrottning.

„Hún leit gullfallega út," sagði Sophie Pinasent, sem var viðstödd góðgerðasamkomuna í Norfolk, um Middleton. „Hún var yndisleg og þau litu út fyrir að vera mjög hamingjusöm. Mér fannst þetta mjög spennandi allt saman."

Það að Middleton hafi verið viðstödd þessa samkomu gefur til kynna að hún muni einbeita sér að stuðningi við krabbameinssjúka eftir að hún verður prinsessa. Lítið er þó vitað um áhugamál hennar og því gætu annars konar góðgerðamál orðið fyrir valinu.

Á sama tíma og Middleton og Vilhjálmur voru á góðgerðasamkomunni var Harry, bróðir Vilhjálms, staddur í Berlín. Þar tók hann á móti verðlaunum fyrir mannúðarstarf sitt. - fb

Á GÓÐGERÐASAMKOMU Kate Middleton og Vilhjálmur kampakát á góðgerðasamkomunni á laugardagskvöld. MYND/AP

HERMENN Hermenn NATO að störfum í Afganistan. Þrettán afganskir hermenn voru drepnir í gær.

Tvær árásir í Afganistan:

Þrettán drepnir af talibönum

AFGANISTAN, AP Þrettán afganskir hermenn voru drepnir í tveimur árásum í Afganistan.

Fyrri árásin átti sér stað í skráningarmiðstöð hermanna í héraðinu Kunduz þegar vígamenn talibana réðust þangað inn. Þeim átökum lauk eftir að einn vígamaðurinn sprengdi sjálfan sig upp.

Í hinni árásinni sátu tveir vígamenn fyrir rútu með afgönskum hermönnum á leið til vinnu. Fimm voru drepnir og níu til viðbótar særðust. Talibanar hafa lýst ábyrgð á bárum árásunum á hendur sér. - fb

LEIÐRÉTTING

Í viðtali við Hallgrím Helgason vegna Roklands á laugardaginn var nöfnum leikarans Ólafs Darra og persónunnar Bödda víxlað þannig að skilja mátti orð höfundarins sem svo að Ólafur Darri væri „ósympatískur". Þau orð áttu auðvitað við persónuna Bödda úr Roklandi.

Burðardýr fíkniefna lengst vaktað í sautján sólarhringa

Lögreglan á Suðurnesjum hefur látið útbúa sérstakt salerni sem notað er þegar smyglarar eru með efni innvortis. Lögreglumenn hafa þurft að vakta smyglara í allt að sautján sólarhringa þar til efnin skiluðu sér.

LÖGGÆSLA Lögreglumenn á Suðurnesjum hafa lengst þurft að vakta smyglara með fíkniefni innvortis í sautján sólarhringa.

Gunnar Schram yfirlögregluþjónn segir að lögregla fylgist með þeim hverja einustu mínútu allan sólarhringinn, þar til efnin hafa skilað sér niður.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur látið útbúa sérstakt salerni sem notað er þegar smyglararnir eru með efnin innvortis. Salernið er smíðað af hagleiksmanni í Keflavík og hefur hann komið í góðar þarfir. Áður var notast við ferðasalerni þar sem lögreglumenn þurftu að vera í óþægilegu návígi við úrganginn þegar verið var að leita að fíkniefnabögglunum.

Þessi búnaður er þannig úr garði gerður að bein renna liggur frá salerni í fangaklefa á lögreglustöðinni í eins konar kassa eða vask. Vaskurinn sá arna er algjörlega loftþéttur og úr honum liggur öflugt loftræstikerfi, þannig að frá honum berst engin lykt.

Tveir þykkir gúmmíhanskar eru fastir við op sem eru á hlið hans. Frágangur þeirra er með þeim hætti að ekkert loft kemst út um opin sem þeir eru festir við. Í þessa hanska smeygja menn sér þegar burðardýr hefur skilað efnunum af sér, sem fara þá eftir rennunni frá salerni í vaskinn.

Glerlok er á vaskinum sem gerir það að verkum að lögreglumenn sjá vel það sem þeir eru að fást við. Þá er skolslanga niðri inni í vaskinum, sem notuð er við aðgerðina. Í botni hans eru svo tvær grindur, eins konar síur sem koma í veg fyrir að fíkniefnapakki skolist niður.

Lögreglumenn sem Fréttablaðið ræddi við á Suðurnesjum segja þennan búnað gjörbyltingu frá því sem áður var.

Fyrirmyndina sáu þeir á Heathrow-flugvelli fyrir nokkrum árum og gerðu sér strax grein fyrir að svona búnaður myndi nýtast vel á Suðurnesjum, þar sem mörg burðardýr með efni innvortis koma í gegnum Leifsstöð. Sérstakar verklagsreglur hafa verið settar vegna notkunar á búnaðinum, rétt eins og gildir um önnur störf lögreglu, þannig að vinnuferli er skýrt, frá því að burðardýr er tekið, gegnumlýst og fært í fangaklefa og þar til fíkniefnin eru í hendi.

jss@frettabladid.is

SALERNIÐ Hér byrjar ballið hjá smyglurunum.

LEITARÚTBÚNAÐURINN Óskar Halldórsson, aðalvarðstjóri í lögreglunni á Suðurnesjum, sýnir fréttamönnum Fréttablaðsins búnaðinn sem notaður er til að leita að fíkniefnabögglum sem smyglarar fíkniefna losa frá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FERÐASALERNI Var notað áður en búnaðurinn var tekinn í notkun.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

HVÍT JÓL?
Nú eru talsverðar líkur á að jól verði hvít um mestallt land. Fyrri hluta vikunnar verður lítilsháttar snjókoma eða él norðan- og austanlands en síðdegis á miðvikudag lítur svo út fyrir snjókomu sunnan- og vestanlands.



Á MORGUN
Strekkingur allra vestast og með SA-strönd.

MIÐVIKUDAGUR
Vaxandi vindur þegar á daginn líður.

HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	6°
Berlín	-5°
Billund	-3°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	23°
London	-1°
Mallorca	16°
New York	2°
Orlando	17°
Ósló	-12°
París	1°
San Francisco	11°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

VELDU JÓLASTEIKINA
AF KOSTGÆFNI

Besti hryggurinn
að mati landsliðs matreiðslu-meistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaups. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

Verði þér að góðu

Veislulæri
Hagkaups

Veislulæri Hagkaups er unnið í samstarfi við landslið matreiðslumanna. Við notum eingöngu sérvalin lambalæri sem eru krydduð með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, lime, chili pipar, salti og olíu. Útkoman er einstök.

Verði þér að góðu

Smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 8 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Verði þér að góðu

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Þarf að endurskoða bótakerfið frá grunni?

Já	87,1%
Nei	12,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú bann við staðgöngumæðrun á Íslandi?

Segðu þína skoðun á visir.is

Röskun flugáætlunar hafði áhrif á tvö þúsund farþega íslensku flugfélaganna:

Utanlandsflug fór úr skorðum

SAMGÖNGUR Mikil röskun varð á utanlandsflugi íslensku flugfélaganna í gær vegna snjókomu víða um Evrópu.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að veðrið hafi haft áhrif á um fimmtán hundruð farþega félagsins. „Það má segja að allt okkar flug til London hafi farið úr skorðum. Það varð að aflýsa nokkrum flugferðum þangað og þaðan," segir Guðjón og bætir við að einnig hafi þurft að aflýsa flugi til og frá París og að auki hafi flugi til Frankfurt seinkað verulega. Til að bregðast við töfum á flugi hefur verið ákveðið að setja tvær aukaflugferðir til London og Parísar í dag.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir að flug hafi raskast töluvert í gær og það hafi haft áhrif á um sex hundruð manns. „Við þurftum ekki að fella niður neitt en það eru búnar að vera mjög misjafnar tafir." Matthías segir að starfsmenn Iceland Express hafi dreift miklu af matarmiðum. „Það hefur þó komið fyrir að einhverjir hitti ekki á starfsmann hjá okkur. Við hvetjum fólk til að bera sig eftir því."

RÖSKUN Á FLUGI Snjókoma hafði mikil áhrif á flugáætlun íslensku flugfélaganna.

Matthías býst við að flugáætlun verði komin nokkurn veginn í lag í dag. - mmf

Erill var hjá slökkviliðinu:

Eldur kom upp í iðnaðarhúsi

BRUNI Mikill erill var hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær. Slökkviliðið var kallað út vegna bruna í iðnaðarhúsi í Kópavogi snemma í gærmorgun. Mikill reykur var á staðnum en fljótlega gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Seinni part sunnudags hafði slökkviliðið farið í þrjátíu sjúkraflutninga en þar af var um þriðjungur forgangsflutningar. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu er það talsvert meira en gengur og gerist á sunnudögum. - mmf

2.400 með lán í frystingu:

140 í sértækri skuldaaðlögun

EFNAHAGSMÁL Í byrjun nóvember höfðu 140 manns fengið sértæka skuldaaðlögun. Rúmlega 2.400 einstaklingar voru með lán sín í frystingu á sama tíma. Þetta kemur fram í svari efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar.

EINAR K. GUÐFINNSSON

Um 3.000 einstaklingar hafa fengið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna í bönkum og sparisjóðum og nemur fjárhæðin um 12 milljörðum króna. Þá hafa um 1.600 manns fengið afskrifaðar skuldir eftir svokallaðri 110% leið. - smog

Lík bandarískrar konu fundið:

Ferðalangur í skógi myrtur

JERÚSALEM, AP Lík bandarískrar konu sem var ferðalangur í Jerúsalem fannst skammt fyrir utan borgina í gær.

Konan hafði verið bundin og stungin mörgum sinnum. Vinkona hennar, sem er af ísraelskum uppruna en býr í Bretlandi, tilkynnti hvarf hennar á laugardag eftir að ráðist hafði verið á þær. Vinkonan hafði einnig verið bundin og stungin en tókst að sleppa undan árásarmönnunum.

Konurnar voru á göngu í skógi þegar tveir arabískir menn réðust á þær. Talinn er möguleiki á því voðaverkið hafi verið af pólitískum ástæðum.

Engin merki voru um að konunni hefði verið nauðgað eða að hún hefði verið rænd. - fb

ÞRÁINN BERTELSSON Hann segir að ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af því að hann forfallist af þingi. „Það leiðir af þessu að ég má ekki forfallast," segir Þráinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stuðningur við ríkisstjórnina knappur

Ríkisstjórnin virðist ekki geta treyst á atkvæði allra stjórnarliða í stórum málum. Þingstyrkurinn gæti enn dvínað því varaþingmaður Þráins Bertelssonar telur sig til þinghóps Hreyfingarinnar. Þráinn segist því ekki mega forfallast.

FRÉTTASKÝRING

Hver er þingstyrkur ríkisstjórnarinnar?

Katrín Snæhólm Baldursdóttir, varaþingmaður Þráins Bertelssonar, þingmanns Vinstri grænna, er þátttakandi í starfi þinghóps Hreyfingarinnar og segist mundu tilheyra þingliði flokksins ef hún væri kölluð inn á þing í forföllum Þráins. Þingstyrkur ríkisstjórnarinnar er því viðkvæmari en fjöldi þingmanna bendir til.

KATRÍN SNÆHÓLM BALDURSDÓTTIR

Töluvert hefur verið gert úr hjásetu þriggja þingmanna Vinstri grænna við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins í síðustu viku og því jafnvel verið haldið fram í kjölfarið að ríkisstjórnin hafi einungis stuðning 32 þingmanna og þar með meirihluta sem stendur og fellur með einum þingmanni. Þremenningarnir hafa þó allir sagst styðja ríkisstjórnina.

Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor segir það alvarleg tíðindi fyrir ríkisstjórnina að umræddir þingmenn hafi ekki greitt atkvæði með fjárlögunum.

„Stuðningurinn við ríkisstjórnina er greinilega mjög knappur. Á endanum er þetta nú samt sem áður spurning um hvort þeir eru tilbúnir að verja stjórnina vantrausti."

ÓLAFUR Þ. HARÐARSON

Þrátt fyrir tregðu þremenninganna er Ólafur ekki svartsýnn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. „Það hefur verið spáð illa fyrir stjórninni lengi en hún lifað allt af og ég sé engin merki þess að hún sé endilega að fara að geispa golunni. Það ber líka að horfa á það að þrátt fyrir allt hefur stjórnin komið ýmsu í gegn. Hún hefur komið fjárlögunum í gegn og á endanum er ekki spurt að því með hve mörgum atkvæðum það var gert. Ríkisstjórnin virðist líka vera komin á rólegri sjó varðandi skuldamál heimilanna og sömuleiðis með aðgerðum sínum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Helsta blikan sem er á lofti er náttúrlega Icesave-málið en það virðast vera meiri líkur en minni á að það geti gengið með sæmilega friðsömum hætti í gegn," segir Ólafur.

Ólafur telur enn fremur ekki miklar líkur á kosningum á næstunni. „Ég held að það sé ekki mikill áhugi á kosningum. Ef þessi ríkisstjórn fellur finnst mér líklegra að önnur stjórn verði mynduð án kosninga en þetta eru auðvitað bara vangaveltur."

magnusl@frettabladid.is

Þráinn segist ekki mega forfallast

Varaþingmaður Þráins Bertelssonar, Katrín Snæhólm Baldursdóttir, er þátttakandi í þinghópi Hreyfingarinnar og styður ekki ríkisstjórnina. Hún segist ekki hafa rætt við Þráin síðan hann gekk í Vinstri græna og er óánægð með það hve lítið hefur breyst hjá núverandi ríkisstjórn.

Þráinn segir ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að hann forfallist af þingi. „Það leiðir af þessu að ég má ekki forfallast. Mér finnst Hreyfingin ekki gervilegur hópur og af hverju ætti ég þá að fjölga í honum?" segir Þráinn og bætir við að hann muni forðast það í lengstu lög að taka sér frí. „Ég er sem betur fer heilsugóður og bjargast alveg ágætlega án varamanns."

Þráinn segist vonsvikinn með ósamstöðuna sem virðist ríkja meðal vinstrimanna á þingi og segist styðja ríkisstjórnina af heilum hug. „Mér þóttu það mjög söguleg tíðindi að hér eftir hrunið skyldi vera mynduð vinstristjórn, að þjóðin skyldi reiða sig á vinstriflokkana til að reisa landið úr rústunum. Ég var þó að vona að það væri meiri samstaða meðal vinstrimanna en þessi skortur á samstöðu hjá vinstrimönnum er ekki ný tíðindi."

Aðspurður um hve djúpstæður ágreiningurinn er í þingflokki Vinstri grænna segist Þráinn ekki viss um að sömu ástæður liggi til grundvallar hjá þeim þremur þingmönnum sem sátu hjá við afgreiðslu fjárlaga. „Mér sýnist að einn í hópnum eigi bara frekar erfitt með samstarf yfirleitt við aðra. Hjá öðrum sýnist mér þetta snúast um andstöðu við Evrópusambandið sem er komin langt út fyrir það sem skynsamlegt getur talist," segir Þráinn en bætir því við að hann hafi ekkert nema gott um þetta fólk að segja nema einn hlut. „Mér finnst það fyrir neðan allar hellur að þurfa að sitja undir dylgjum af hálfu fólks sem segist hafa lausnir á öllum málum; það þurfi hvergi að skera niður, það sé hægt að skapa öllum vinnu og svo framvegis, ef bara samhentur meirihluti í Vinstri grænum væri ekki að þjóna einhverri ónáttúru sinni með því sér til skemmtunar að ráðast á velferðarkerfið. Þetta er ekki satt, þetta er ekki sanngjarnt og það er bara ljótt að segja þetta."

www. blind.is/vefverslun
Leikur að læra
Dæmi:
BUNJA - talandi reikniköngull með 80 gagnvirkum ævintyraleikjum og 100 aðlagandi reikniþrepum
BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939
Stuðningur til sjálfstæðis
Hugtök Markaðsráðgjöf, Des. 2010

Gjafakortið sem gildir alls staðar
Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.
- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er
MP BANKI
Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

GEFÐU FRÍ UM JÓLIN

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

EVRÓPA frá 29.900* kr.
eða 20.000 Vildarpunktar og 19.554* kr.

USA frá 54.900* kr.
eða 40.000 Vildarpunktar og 28.140* kr.

Jólapakkatilboðið gildir til London, Manchester, Glasgow, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Osló, Amsterdam, Frankfurt og Parísar í Evrópu og til New York, Boston og Seattle í Bandaríkjunum.

Jólapakkar eru í boði fyrir öll farrými: Economy Class, Economy Comfort og Saga Class.
Jólapakkar Vildarklúbbsins eru í boði á Economy Class og Economy Comfort.
Sérstakt barna- og ungbarnaverð í boði, sjá nánari upplýsingar á www.icelandair.is.
Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 17. apríl 2011 (síðasti ferðadagur).
Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld með Icelandair.

Vildarkort VISA og Icelandair: Vildarkortshafar fá 5.000 Vildarpunkta fyrir kaupin.

+ BÓKAÐU Á WWW.ICELANDAIR.IS

VISA

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2010 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. des. 2010 til og með 14. jan. 2011.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 3.000–14.400 Vildarpunkta.

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 51345 12/10

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: Nýherji hf., kennitala 530292-2079,
Borgartúni 37, 105 Reykjavík

Nýherji hf. hefur gefið út lýsingu í tengslum við útgáfu 92.000.001 nýs hlutar sem óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. þar sem allir áður útgefnir hlutir félagsins eru skráðir.

Lýsingin er dagsett 17. desember 2010, gefin út á ensku og birt á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is, auk heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og í fréttakerfi kauphallar. Lýsingin er eingöngu gefin út á rafrænu formi og verður hægt að nálgast hana á framangreindum stöðum næstu tólf mánuði að lágmarki.

Gert er ráð fyrir að nýju hlutirnir verði gefnir út í dag 20. desember 2010 og teknir til viðskipta miðvikudaginn 22. desember 2010, en með eins dags fyrirvara mun kauphöllin tilkynna opinberlega fyrsta viðskiptadag.

Með útgáfu hinna nýju hluta hækkar heildarfjöldi útgefinna hluta í Nýherja hf. úr 307.999.999 í 400.000.000. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf., hver hlutur er 1 króna að nafnverði, allir hlutir eru í einum flokki og jafn réttháir. Auðkenni hlutabréfaflokksins er NYHR í kerfum kauphallarinnar og er ISIN-númer hans IS0000000396.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. hefur umsjón með því að fá hina nýju hluti tekna til viðskipta í kauphöll.

Reykjavík, 20. desember 2010
Stjórn Nýherja hf.

NÝHERJI

BETRI LAUSNIR

Hjálparstarf kirkjunnar

LÁTUM
FRIÐARLJÓSIÐ
LÝSA UPP AÐVENTUNA

FRIÐARLJÓSIN verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót.
Þau fást einnig víða í verslunum.

GUFUNESS- OG FOSSVOGSKIRKJUGARÐUR
23. des. kl. 13–17
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17

KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU
23. des. kl. 10–16
24. des. kl. 10–16

KIRKJUGARÐUR AKUREYRAR
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17

Með því að kaupa FRIÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

PIPAR\TBWA - 102975

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

VÍSIR.IS

Samstarfshópur friðarsinna efnir til friðargöngu í þrítugasta og fyrsta sinn:

Rök friðarsinna enn mikilvæg

FÓLK Samstarfshópur friðarhreyfinga efnir til blysfarar niður Laugaveginn í 31. sinn á Þorláksmessu. „Þetta er bæði falleg samverustund, rétt í miðri jólaösinni, og tengist þeim málefnum sem hæst bera hverju sinni í friðarmálum,“ segir Stefán Pálsson, einn af skipuleggjendum blysfararinnar.

Samstarfshópurinn minnir á að málstaður og rök friðarsinna skipti jafn miklu máli nú og fyrir þrjátíu árum. Stefán segir að áherslurnar nú séu þó aðrar heldur en fyrir þrjátíu árum. „Þegar menn voru að byrja á þessu í kringum 1980 stóð kalda stríðið hvað hæst.“

En hver verður áherslan í ár? „Ræðumenn hafa nokkuð frjálsar hendur. Núna er búin að vera spenna í Kóreu og umfjöllun um kjarnorkuafvopnun. Þetta verður frekar á alþjóðlegum nótum,“ segir Stefán og bætir við að menn setji þá gríðarlegu fjármuni sem fara í hernaðaruppbyggingu í heiminum í samhengi við fátækt og hungur.

Safnast verður saman á Hlemmi korter í sex og leggur gangan stundvíslega af stað klukkan sex.

Undanfarin ár hafa svipaðar göngur verið farnar á Akureyri og Ísafirði. **- mmf**

BLYSFÖR Áherslurnar eru aðrar en fyrir þrjátíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍE bætir skilvirkni við krabbameinsleit

Uppgötvun Íslenskrar erfðagreiningar fækkar óþörfum sýnatökum við leit að blöðruhálskrabbameini. Ný aðferð eykur líkur á því að mein greinist tímanlega. Rannsóknin náði til mörg þúsund karla austan og vestan hafs.

VÍSINDI Íslensk erfðagreining hefur fundið aðferð til að gera leit að blöðruhálskrabbameini skilvirkari. Aðferðin eykur líkurnar á því að sjúkdómurinn greinist í tíma og fækkar sýnatökum. Fjöldi karlmanna gengst á hverju ári undir slíka aðgerð að óþörfu.

Uppgötvun ÍE felst í því að búið er að staðsetja erfðabreytileika í eggjahvítuefni sem blöðruhálskirtillinn framleiðir (PSA, prostate antigen) en unnt er að greina lítið magn af því í blóði. Algengasta aðferðin til að leita að krabbameini í blöðruhálskirtli er að mæla magn PSA. Ef það mælist yfir mörkum er sýnataka notuð til að ganga úr skugga um hvort um krabbamein sé að ræða en hækkun á PSA þarf alls ekki að þýða að svo sé. Hóflega hækkað gildi tengist yfirleitt góðkynja ástandi eins og góðkynja stækkun á líffærinu eða bólgum. Hins vegar getur það einnig verið til staðar á frumstigi krabbameins í blöðruhálskirtli og því þarf frekari rannsóknir, eða sýnatöku.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segir í tilkynningu til fjölmiðla að uppgötvunin byggi á erfðafræði í sinni hreinustu mynd og hafi mikið læknisfræðilegt notagildi. „Ef sjúkdómurinn greinist í tíma eru batalíkur mjög góðar. Áskorunin var að finna skilvirkari leið til að meta áhættuna á að fá sjúkdóminn, þekkja þá úr sem eru í mestri hættu svo hægt sé að beita viðeigandi meðferð. Uppgötvunin mun breyta meðferð við sjúkdómnum og fækka þeim sem gangast undir sýnatöku.“ Kári segir að ÍE vinni nú að því að þróa greiningarpróf sem byggja á þessari nýju vitneskju.

Rannsóknarniðurstöðurnar birtust í vefútgáfu tímaritsins Science Translational Medicine á miðvikudag.

Rannsóknin náði til þúsunda karlmanna. Fyrst voru 300 þúsund erfðabreytileikar kannaðir hjá sextán þúsund íslenskum karlmönnum sem ekki höfðu verið greindir með krabbamein. Niðurstöðurnar voru svo bornar saman við samanburðarhópa frá Íslandi, Hollandi, Spáni, Rúmeníu og Bandaríkjunum.

Nú greinast árlega um 200 karlar á Íslandi með blöðruhálskirtilskrabbamein og einn af hverjum fimm deyr af völdum þess. Árið 2015 er talið að einn af hverjum fjórum karlmönnum muni greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni.

svavar@frettabladid.is



LÍFFÆRAFRÆÐI BLÖÐRUHÁLSKIRTILSINS Blöðruhálskirtillinn liggur fyrir neðan þvagblöðruna og umlykur þvagrásina og blöðruhálsinn. Hann er á stærð við valhnetu og hlutverk hans er að framleiða sæðisvökva.

Gamalt einbýlishús á Hofsósi brann til kaldra kola aðfaranótt sunnudags:

Sjötugur karlmaður á batavegi

ELDSVOÐI Sjötugur karlmaður sem slapp naumlega úr eldsvoða á Hofsósi aðfaranótt sunnudags er á batavegi. Hann dvaldi á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks í gær vegna skurðar á höndum og reykeitrunar.

Eldurinn kom upp í gömlu einbýlishúsi við Suðurbraut 23 og fékk lögreglan og slökkvilið tilkynningu um brunann klukkan hálfsex. Allt tiltækt slökkvilið var sent á staðinn og lauk slökkvistarfi klukkutíma síðar. Þá hafði allt brunnið sem brunnið gat og stóð aðeins steyptur strompurinn eftir. Að sögn lögreglunnar á Sauðárkróki hafði húsið verið í endurnýjun og var fyrir nokkrum árum klætt að hluta með timbri. Maðurinn bjó í viðbyggingu við húsið og varð var við eldinn eftir að reykskynjari fór af stað. Hann náði að brjóta sér leið út úr húsinu í gegnum glugga og skarst við það á höndum. Svo virðist sem eldurinn hafi fyrst komið upp í eldra húsinu og líklegt er talið að eldurinn hafi logað í þó nokkurn tíma áður en maðurinn vaknaði við reykskynjarann.

Maðurinn bjó einn í húsinu, sem stóð eitt og sér við Suðurbrautina. Þó nokkur spölur er í næstu hús og því voru íbúar þar aldrei í hættu. Hagstæð vindáttin hjálpaði þar einnig til og lagði glóðina og reykinn beint út á sjó. **- fb**

ELDUR Þessi mynd var tekin af húsinu alelda um hálftíma eftir að eldurinn kom upp. MYND/FEYKIR

Gódar jólagjafir...

Sennheiser heyrnartól
Verð 17.900 kr.
Jólatilboð 11.900 kr.

Sennheiser þráðlaus heyrnartól
Verð 22.900 kr.
Jólatilboð 17.900 kr.

Sennheiser heyrnartól
Verð 5.900 kr.
Jólatilboð 3.900 kr.

Ljósakróna
Verð 74.900 kr.
Jólatilboð 55.000 kr.
Einnig fáanleg í hvítu

Saumavélar.
Verð frá 29.900 kr.

Hitapúðar í miklu úrvali
Verð frá 3.995 kr.



Nuddtæki
Verð frá 4.900 kr.

Braun hleðslurakvél
Verð 13.900 kr.
Jólatilboð 9.900 kr.

Braun handþeytari
Verð 5.900 kr.
Jólatilboð 3.900 kr.

Lítill snyrtispegill með stækkun
Jólaverð 1.980 kr.

Borðlampi, margir litir
Verð 6.900 kr.
Jólatilboð 4.900 kr.

Gólflampi
Verð 18.900 kr.
Jólatilboð 12.000 kr.

Blóðþrýstingsmælir
Verð 7.480 kr.
Jólatilboð 5.980 kr.

Ljósakróna
Verð 25.900 kr.
Jólatilboð 15.000 kr.

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

Vetrarsólstöður eru á morgun

Fagnaðu vetrarsólstöðum með BKI kaffi

Vetrarsólstöður eru á morgun!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

Tvisvar á ári eru sólstöður sem er sú stund þegar sólin er hvað lengst frá miðbaug himins til norðurs eða til suðurs. Vetrarsólstöður eru á morgun en sumarsólstöður voru 21. júní. Sumarsólstöður er sá tími þegar sólargangurinn er hvað lengstur. Vetrarsólstöður eru hinsvegar þegar nóttin er sem lengst og skammdegið ræður ríkjum. Orðið sólstöður merkir að sólin er nánast kyrr á meðan á þeim stendur og hækkar því ekki eða lækkar. Áður fyrr var einnig algengt að nota orðið sólhvörf.

Hafðu það huggulegt í rökkrinu. Kveiktu á kertaljósi, finndu þér góðan félagsskap, þægilegan stað og nýttu þér langar næturnar með hressandi BKI kaffi.

Nýttu tækifærið, njóttu rökkursins og slakaðu á með rjúkandi BKI kaffi.

BKI Classic
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.

BKI Extra
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir vetrarsólstöður
Kíktu á bki.is

FRÉTTASKÝRING: Staðgöngumæðrun á Íslandi

Umdeilt úrræði Staðgöngumæðrun er umdeilt mál sem hefur verið í eldlínunni síðustu daga. Þingkonan Ragnheiður Elín Árnadóttir er bjartsýn um að slíkt verði heimilað á Íslandi með lögum á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Snýst fyrst og fremst um siðferðisleg álitamál

Málefni íslensku fjölskyldunnar sem leitaði til indverskrar konu til að ganga með barn sitt sem staðgöngumóðir hefur varpað ljósi á málaflokk sem er viðkvæmur að mörgu leyti.

Eins og fram hefur komið er staðgöngumæðrun, hvort sem er gegn gjaldi eða í velgjörðarskyni, bönnuð með lögum á Íslandi. Málið hefur hins vegar komið til kasta Alþingis þar sem meðal annars kom til tals að heimila staðgöngumæðrun þegar lögum um tæknifrjóvgun var breytt árið 2008.

Árið eftir skipaði Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi heilbrigðisráðherra, starfshóp til að skoða málið út frá ýmsum forsendum, jafnt lagalegum, siðferðislegum og læknisfræðilegum.

Hópurinn skilaði áfangaskýrslu í febrúar síðastliðnum þar sem segir að tilgangurinn sé að varpa fram upplýsingum og sjónarmiðum sem gætu orðið grundvöllur upplýstrar samfélagsumræðu um hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi.

Læknisfræðileg álitamál

Í kafla skýrslunnar um læknisfræðileg álitaefni er lögð áhersla á að væntanlegar staðgöngumæður séu heilsuhraustar og ekki eldri en 35 ára.

Erfitt þykir að meta þörfina fyrir þennan valkost en talið er, miðað við forsendur skýrslunnar, að fjöldinn gæti verið upp að fimm pörum eða einstaklingum á ári.

Siðferðisleg álitamál

Staðgöngumæðrun er sögð geta verið farsæl lausn á ófrjósemisvanda og meiri líkur eru taldar á að vel takist til fyrir alla sem að málinu koma, en skýr greinarmunur er gerður á því hvort ráðist sé út í staðgöngumæðrun sem velgjörð eða í hagnaðarskyni.

Rök gegn því að leyfa slíkt í hagnaðarskyni eru margvísleg og snúa flest að stöðu staðgöngumóðurinnar og því hvort börn eða meðgöngu sé hægt að meta til fjár.

Segir í skýrslunni að meðal annars vegna þessara álitamála hafi flest þau lönd sem þó leyfi staðgöngumæðrun einungis leyft slíkt sem velgjörð en ekki gegn greiðslu.

Slíkt form staðgöngumæðrunar, það er án utanaðkomandi aðstoðar, er talið hafa viðgengist í gegnum aldirnar, án aðkomu yfirvalda.

Lögfræðileg álitamál

Meginrökin gegn því að leyfa staðgöngumæðrun þegar fyrrnefnd lög voru sett voru mál tengd móðerni barnsins, sem miðast alltaf við þá konu sem fæðir barnið.

Í samantekt skýrslunnar kemur fram að staðgöngumæðrun sé bönnuð á öllum Norðurlöndunum. Það sama gildir um flest önnur Evrópulönd, en meðal þeirra landa sem leyfa staðgöngumæðrun eru Bretland, Belgía, Holland og Grikkland.

Þá er fyrirkomulag mismunandi milli fylkja í Bandaríkjunum og mismunandi skilyrði, en víðast hvar er staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni bönnuð.

Bjartsýn á breytingar

Þingsályktunartillaga, þar sem lagt er til að undirbúið verði frumvarp um lögleiðingu staðgöngumæðrunar, var lögð fyrir Alþingi fyrir skemmstu og verður mælt fyrir henni í byrjun næsta árs.

Þar segir að allar nauðsynlegar upplýsingar ættu að liggja fyrir til að lögleiða staðgöngumæðrun, þó með ströngum skilyrðum. Meðal annars sé skýrt að slíkt verði aðeins leyft í velgjörðarskyni og hagsmunir allra aðila séu tryggðir.

Ragnheiður Elín Árnadóttir Sjálfstæðisflokki fer fyrir tillögunni. Hún segir í samtali við Fréttablaðið að flest mæli með því að setja skýra löggjöf um staðgöngumæðrun hér á landi.

RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

„Það sem vakir fyrir mér er að sú staðreynd sé viðurkennd að það er verið að nota þetta úrræði um allan heim og því eru íslensk pör og einstaklingar að fara út til að nýta sér þau.“

Ragnheiður segir þá staðreynd knýja á um að staðgöngumæðrun verði leidd í lög, og þá eftir íslenskum lagaramma og kröfum.

„Með því getum við komið í veg fyrir það sem margir óttast, varðandi neikvæða þætti sem gætu fylgt. Ég tel því einboðið að við fastsetjum lagarammann eftir okkar eigin viðmiðum.“

Ragnheiður telur að tillögunni verði vel tekið á þingi.

„Kannski hafa ekki allir hugleitt þessi mál, en þau sem ég hef rætt þetta við eru jákvæð fyrir því að skoða málið og ég er bjartsýn fyrir að ná meirihluta fyrir tillögunni.“

Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

Opnunartímar í desember:

Mánudagur 20. des.	10–22
Þriðjudagur 21. des	10–22
Miðvikudagur 22. des.	10–22
Fimmtudagur 23. des.	10–22
Aðfangadagur 24. des.	10–12

DEVOLD
UNDIRFATNAÐUR
– GEFÐU HLÝLEGA JÓLAGJÖF!

Tveggja laga ullarundirfatnaðurinn sem andar vel og flytur raka frá líkamanum þar sem hann gufar svo upp. Fötin eru mjög mjúk og þægileg og henta vel fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir ullarfatnaði.

DEVOLD ACTIVE nærbolur.
Verð 4.990 kr.

DEVOLD ACTIVE síðar ullarbuxur.
Verð 4.990 kr.

DEVOLD EXPEDITION nærbolur.
Verð 9.990 kr.

DEVOLD EXPEDITION síðar ullarbuxur.
Verð 9.490 kr.

DEVOLD MULTI SPORT nærbolur.
Verð 9.490 kr.

DEVOLD MULTI SPORT síðar ullarbuxur.
Verð 8.490 kr.

DEVOLD ACTIVE strokkur.
Verð 3.490 kr.

DEVOLD ACTIVE nærbolur.
Verð 4.990 kr.

HAFJELL JR sokkar.
Hlýir og góðir.
2 pör í pakka.
Verð 1.990 kr.

PIPAR\TBWA · SÍA

GLAÐUR Á GÚMMÍBÁT Fyrir skömmu sást til jólasveinsins á gúmmíbát skammt frá borginni Nice í Frakklandi. Að sjálfsögðu var hann í góðu skapi. MYND/AP

Bandaríska leyniþjónustan aðstoðar höfuðpaura pyntinganna á Guantanamo:

Styrktir vegna málskostnaðar

BANDARÍKIN, AP Bandaríska leyniþjónustan CIA samþykkti að greiða að minnsta kosti fimm milljónir dala, eða hálfan milljarð króna, í lögfræðikostnað fyrir tvo sálfræðinga sem skipulögðu og tóku sjálfir þátt í vatnspyntingum á föngum.

Sálfræðingarnir Jim Mitchell og Bruce Jessen voru ráðnir til CIA sem verktakar og keyptu sér því ekki tryggingu gegn hugsanlegri lögsókn, eins og starfsfólki leyniþjónustunnar er jafnan gert að gera við ráðningu.

Þeir töldu hins vegar ástæðu til að fara fram á frekari vernd, og var orðið við því.

Bandaríkjastjórn hefur viðurkennt að þrír fangar, sem árum saman hafa verið í fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu, hafi verið beittir svonefndum vatnspyntingum, sem felast í því að framkölluð er drukknunartilfinning.

Fyrir árásirnar á Bandaríkin haustið 2001 höfðu þeir Mitchell og Jessen árum saman starfað hjá Bandaríkjaher þar sem þeir kenndu hermönnum aðferðir til að standast pyntingar, og beittu þá pyntingaraðferðum á borð við þær sem síðar voru notaðar á fanga sem grunaðir voru um aðild að hryðjuverkum. - gb

Í GUANTANAMO Tveir bandarískir sálfræðingar skipulögðu pyntingaraðferðir leyniþjónustunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Tvö óhöpp hjá Borgarnesi:

Sluppu ómeidd úr bílslysum

UMFERÐ Tvö umferðaróhöpp áttu sér stað í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi á laugardag.

Fyrra óhappið varð við brúna á Miðfjarðará á laugardagsmorgun. Ökumaðurinn missti stjórn á bílnum sem skall utan í brúarhandriðið. Erlent fólk var í bílnum og slapp það ómeitt.

Seinna slysið varð í Langadal um klukkan fjögur seinni partinn á laugardeginum. Mikil hálka var á veginum og ökumaður missti stjórn á bílnum, sem valt á hliðina. Ökumaður slapp ómeiddur. - mmf

HRÍÐARBYLUR Í AMSTERDAM Hollendingar láta greinilega snjókomuna ekki hindra sig í að fara sinna ferða á hjóli. NORDICPHOTOS/AFP

Fannfergi veldur truflunum:

355 bréfberar hafa brotnað

ÞÝSKALAND, AP **Síðan í nóvember hafa 355 bréfberar slasast í hálku í Danmörku, sem þykir óvenjumikið því á síðasta ári slösuðust alls 450 bréfberar þar í landi.**

Fannfergi og leiðindaveður hefur verið að hrjá íbúa víða í Evrópu undanfarið, og virðist ekkert lát á.

Í Þýskalandi og Hollandi hefur þurft að fella niður flugferðir og umferðarslys hafa valdið meiðslum á fjölda fólks. Miklar tafir hafa verið í öllum samgöngum.

Í Bretlandi hafa einnig verið miklar umferðartruflanir. - gb

Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar:

Réttur til atvinnuleysisbóta lengdur

ALÞINGI Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar sem lengir rétt fólks til atvinnuleysisbóta tímabundið um eitt ár, úr þremur árum í fjögur.

Fjallað er um málið á vefsíðu stjórnarráðsins. Þar segir að réttur til fjögurra ára greiðslutímabils nái til þeirra sem misstu atvinnu og fengu atvinnuleysisbætur greiddar í fyrsta skipti 1. mars 2008 eða síðar.

Lenging greiðslutímabilsins mun auka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs. Aftur á móti má ætla að útgjöld til fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna aukist minna en ella. Er þá horft til þess að atvinnuleitendur þurfi síður á fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna að halda meðan þeir eiga rétt til atvinnuleysisbóta.

Breytingin er gerð vegna sérstakra og tímabundinna aðstæðna á innlendum vinnumarkaði og aukins langtímaatvinnuleysis. Gildistími ákvæðisins er því tímabundinn til 31. desember 2011.

FÓLK Atvinnuleysisbætur hafa verið lengdar tímabundið úr þremur árum í fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

PRICEWATERHOUSECOOPERS Fyrirtækið fær harða útreið í tveimur skýrslum sem unnar voru fyrir sérstakan saksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rannsakaðir af Alþingi og saksóknara

Endurskoðendur sæta nú sakamálarannsókn vegna síns þáttar í hruninu. Strax eftir áramót fer Alþingi af stað með ítarlega úttekt á starfi þeirra fyrir hrun.

FRÉTTASKÝRING

Hvað líður rannsóknum á þætti endurskoðenda í bankahruninu?

Tvö stærstu endurskoðunarfyrirtæki landsins sæta nú sakamálarannsókn vegna vinnu sinnar fyrir bankana í aðdraganda hrunsins.

Í tveimur skýrslum sem unnar voru fyrir embætti sérstaks saksóknara og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum komast erlendir rannsakendur að þeirri niðurstöðu að annað þeirra, PricewaterhouseCoopers, hafi sitthvað óhreint í pokahorninu. Það hafi lokað augunum fyrir því að Glitnir og Landsbankinn hafi í raun verið komnir að fótum fram árið 2007 og gleypt allt hrátt sem frá bönkunum kom án þess að spyrja nokkurra spurninga.

Lítið fæst gefið upp um sambærilega athugun á starfi KPMG fyrir Kaupþing, sem vitað er að hefur farið fram. Ekkert þriðja teymi erlendra sérfræðinga hefur hins vegar liðsinnt sérstökum saksóknara þá athugun.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, er fámáll um rannsókn embættisins á endurskoðendum. „Við höfum þetta formlega með húsleitum í október 2009. Síðan hafa verið fengin þessi tvö teymi sem frægt er orðið til að leggjast yfir gögn og greina fyrir okkur. Þau hafa fengið töluverða kynningu í fjölmiðlum en að öðru leyti er málið bara í ferli og við getum lítið sagt annað en það," segir hann.

Útgangspunkturinn þegar ráðist var í húsleitirnar hafi verið að komast að því hvort upplýsingar um fjárhagslega stöðu bankanna hefðu verið rangar. „Næsta skref var að fara í gegnum ábyrgð hvers og eins í því."

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

MAGNÚS ORRI SCHRAM

Ábyrgð endurskoðenda verður tekin til athugunar til víðar en hjá saksóknara. Í þingsályktunartillögu þingmannanefndar Atla Gíslasonar, sem fjallaði um rannsóknarskýrslu Alþingis og lagði til viðbrögð þingsins við henni, segir að í ljósi atburða skuli viðskiptanefnd hafa forgöngu um endurskoðun á lögum um endurskoðendur. Til grundvallar þeirri vinnu á að fara fram á vegum þingsins ítarleg úttekt á störfum ytri endurskoðenda fram að hruninu.

Magnús Orri Schram, varaformaður viðskiptanefndar, segir að úttektin sé ekki hafin. „Það var ákveðið að setja þetta mál í farveg í janúarbyrjun þegar álagið verður orðið minna," segir Magnús.

Á þessi stigi sé ekki hægt að segja til um í hvaða formi úttektin verði.

Endurskoðendur sjálfir hafa vísað því á bug að þeir hafi látið gagnrýni á störf sín í aðdraganda hrunsins sem vind um eyru þjóta og ekki brugðist við. Ný lög um endurskoðendur hafi þegar tekið gildi á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins, sem hafi gjörbylt starfsumhverfi þeirra, og staða þeirra hafi verið rætt á fjölda málþinga. stigur@frettabladid.is

JÓLAPAKKI

REKKJUNNAR!

VIÐ ERUM Í SVAKALEGA GÓÐU JÓLASKAPI

ARGH 201210

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blái húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

tasco

Tasco 40060660
STJÖRNUSJÓNAUKI með 700 x stækkun, 3,3x mið og 60mm linsu. 6 x 24 Leitarsjónauki. Þrífótur og tölvuhugbúnaður fylgir.

VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ

Tasco 49TN
Sjónauki og smásjá. 50 x 50mm stjörnusjónauki sem nýtist sem leitarsjónauki með 35x stækkun. Þrífótur fylgir. Smásjá 900x með stækkun, 19 fylgihlutum og tösku.

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

Nikon

Nikon ACTION7X35
Höggþolinn 7x35 SJÓNAUKI með 7x stækkun, 35mm gler. Þyngd: 715g . Taska fylgir.

VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ

tasco

Tasco LRF400
Öflugur FJARLÆGÐARMÆLIR fyrir golf og veiðimenn. Mælinákvæmni er ±90 sm á 732 metrum. Veðurvarinn með 4x stækkun og 2 stillingum. Slekkur á sjálfum sér. Taska með beltisfestingu fylgir. 280 gr.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

GRÆJURNAR FÁST

INTENSO

Intenso PHOTOMODEL7
Stafrænn 7" myndarammi með 800x400 punkta upplausn. Spilar myndir beint af USB 2.0 eða kortum. Skyggnusýningar og Zoom.

VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ

UNITED

United RCD6408
FERÐATÆKI með útvarpi, geislaspilara, segulbandi og heyrnatólstengi.

TILBOÐ 7.990
FULLT VERÐ kr. 8.990

GRUNDIG

Grundig RP5200
Mjög vandað FM/AM ÚTVARP fyrir 220v og rafhlöður.

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips AJ3121
ÚTVARPSVEKJARI með útvarpi og svefnrofa.

TILBOÐ 4.490
FULLT VERÐ kr. 4.990

JBL

JBL ONSTAGE MICRO
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.

VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ

Lenco AUDIO-VIDEO

Lenco DVP731
Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD skjá, hristivörn, Dolby Digital, MP3, USB, AV, heyrnatólstengi, kortalesara, hleðslurafhlöðu og fjarstýringu. NTSC & PAL. Hauspúðafesting og spennir fyrir 240V og 12v tengi í bíl fylgja.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990

JVC

JVC UXG110
6w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/WMA CD spilara, RDS útvarp með 20 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.

VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic MEÐ iPod VÖGGU

Panasonic SCHC30
Ofurþunn 2x20W samstæða með innbyggðri iPod/iPhone vöggu, D.Bass, MASH CD spilara, stafrænu RDS útvarpi með minnum, klukku með vekjara, Music Port tengi, Bamboo Cone gæða hátölurum, ofl. Hægt að festa á vegg.

VERÐ 64.990
FRÁBÆRT VERÐ

Tvær frábærar Blu-Ray myndir fylgja

Panasonic

Panasonic DMPBD45
High Definition 1080p Blu-Ray spilari með 24fps myndgæðum, P4HD, DVD uppskölun í 1080p, Dolby Digital og DTS-HD, VIERA Link, SD kortalesari, USB, HDMI 1.3 með Deep Color/ x.v.Colour, Composite og Digital Optical tengi ofl.

TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 49.990

Dantax

Dantax PRO2035BK
MÍKRÓSAMSTÆÐA með 70w RMS magnara og CD spilara með MP3, útvarpi með 30 minnum, USB, RCA, klukku, svefnrofa, 2x Aux inn, Subwoofer út ofl.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 84.990

Panasonic

Panasonic SCPT90
Fjölkerfa 330w heimabíókerfi með DVD, 1080p uppskölun, Progressive scan, 12bit/108MHz Video DAC, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, SCART, HDMI, hljóði inn (AUX/TV) ofl.

TILBOÐ 44.990
FULLT VERÐ kr. 49.990

MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON

2GB MP3 MEÐ ÚTVARPI

INTENSO

Intenso MusicWaver 2GB
2GB MP3 SPILARI með diktafóni, tónjafnara, OLED skjá, útvarpi með minni, USB 2.0, hleðslurafhlöðu með 12 tíma MP3afspilun. Spilar MP3, WMA og ASF.

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

4GB MP3 MEÐ ÚTVARPI

SanDisk

FÆST Í 3 LITUM

Sandisk Clip+4GB
Örsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, diktafóni, USB 2, stórum OLED skjá, útvarpi með minnum, innb. hleðslurafhlöðu (15 klst.). Virkar með Audible, Ogg Vorbis, FLAC, plus hljóðbækur og podcasts.

TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 14.990

SCANSONIC

Scansonic R2 - 4 LITIR
Hágæða FM/AM ÚTVARP með 5w RMS magnara, BassReflex, AUX og heyrnatólstengi. 100-240V. Fæst í fjórum litum: hvítt, svart, valhneta eða leðurklætt.

VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ

HVÍTT, SVART, HNOTA EÐA LEÐURKLÆTT

HJÁ OKKUR

OLYMPUS

Olympus T100
Digital myndavél með 12 millj. punkta uppl., 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,4" LCD skjá, Face Detection, Autofocus, hreyfimyndatöku, USB, 10,8MB minni, hleðslurafhlöðu ofl. Rauf fyrir SD kort. Þyngd 123g.

TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 19.990

Panasonic

Panasonic DMCF4
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, Linsa 5.0 - 20.0mm (35mm Samb. 28-112mm), 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku (1280x720), 50MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

FULL HD TÖKUVÉL

TOSHIBA

Toshiba S20
H.264 Full HD tökuvél með 1920 x 1080p uppl., 30fps, 5MP CMOS flögu, 8MP kyrrmyndavél, 4x Digital Zoom, 3.0" LCD skjá, hristivörn, 128MB innra minni, YouTube, Red-Eye Reduction, HDMI, Mini USB ofl. Tekur kort að 32GB.

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ

8GB KORT FYLGIR!

Panasonic

Panasonic DMCG10
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, Micro 4/3 útskiptanlegar linsur, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, HD hreyfimyndatöku, AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, 3" skjá, Live View Finder, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnema, hátalara, allt að 400 mynda rafhlöðu, mini HDMI og USB 2.0.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

UNITED

United 19DD92HD
19" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1440x900p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 59.990

UNITED

United 22DD92HD
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990



UNITED

United 26DD92HD
26" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, Nicam Stereó, 3x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 89.990



Dantax

Dantax 32LCDVD92
32" HD LCD SJÓNVARP með WXGA 1366x768p upplausn, 10.000:1 skerpu, innbyggðum DVB-T móttakara, 40w stereó hljóði, 2x HDMI, 2x Scart, VGA tengi, ofl.

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

ALLT FYRIR PAKKANA

Jólapappír
verð frá
99kr.
meterinn*

*Fæst í eftirtöldum stærðum:
5m 489kr.
6m 589kr.
10m 989kr.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Náttúrufræðistofnun Íslands flytur í nýtt og glæsilegt húsnæði:

Tryggari varðveisla dýrgripa

NÁTTÚRA Umfangsmikil og verðmæt gripasöfn Náttúrufræðistofnunar Íslands eru loks komin í viðunandi húsnæði eftir að stofnunin opnaði í nýju og sérútbúnu húsi í Urriðaholti í Garðabæ á föstudag.

Nýja húsið er sérstaklega sniðið utan um starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Það er 3.500 fermetrar að stærð og nýjustu tækni er beitt til að tryggja varðveislu náttúrugripa, sem margir eru mjög verðmætir og sjaldgæfir.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri stofnunarinnar, segir að stofnunin sé nú enn betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu. „Í fyrsta skipti verður hægt að veita vísindamönnum og nemendum aðgang að söfnum til rannsókna. Einnig er þetta í fyrsta skipti í rúmlega 120 ára sögu stofnunarinnar sem hún getur boðið starfsfólki sínu upp á frambærilegar rannsóknarstofur.“ Bygging hússins, sem er hannað af Arkís, hófst í október í fyrra og var Ístak aðalverktaki byggingarinnar.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra var á meðal fjölda gesta við opnunina og flutti þar ávarp. - þj

GERBREYTT AÐSTAÐA Umhverfisráðherra flutti ávarp þegar nýtt húsnæði Náttúrufræðistofnunar var formlega tekið í gagnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt fangelsi mun rísa á Hólmsheiði

Útboðsgögn vegna framkvæmda á byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði verða tilbúin innan fárra vikna. Stefnt er á að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta næsta árs. Hönnunin heldur rekstrarkostnaði fangelsisins í lágmarki.

FANGELSISMÁL Útboð til framkvæmda á nýju fangelsi á Hólmsheiði verður tilbúið hjá dómsmálaráðuneytinu innan fárra vikna. Byggingin verður 3.600 fermetrar, með 56 klefum sem skiptast niður á þrjár deildir; kvennadeild, skammtímavistun og gæsluvarðhald.

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra segir að stefnt sé að því að framkvæmdir geti hafist á fyrri hluta næsta árs.

„Það hefur verið unnið að þessu í nokkurn tíma og málið er í góðum farvegi,“ segir Ögmundur.

Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, segir málið hafa dregist mikið og vinnslu útboðsgagnanna hafa tekið mun lengri tíma en búist var við í fyrstu. Málið sé þó í fullri vinnslu og gögnin ættu að vera tilbúin innan fárra vikna.

„Hugmyndin er sú að reyna að hafa þetta eins hagkvæmt í rekstri og hægt er,“ segir Haukur. Fangelsisbyggingin verður á einni hæð þar sem ein vaktstofa verður í miðjunni. Rýmisskiptingin gerir það að verkum að þótt einungis ein varðstofa sé til staðar sé viðráðanleg fjarlægð út í alla ystu klefana.

„Það verður einungis inngangur í eina álmu, sem gerir það að verkum að á daginn þegar fangelsið er opið þarf bara að manna einn inngang,“ segir Haukur. „Að nóttu til verður ekkert mannað nema þessi eina vaktstofa í miðju fangelsisins.“

Hönnunin gerir það að verkum að möguleikar til aðgreiningar eru miklir og verður byggingunni skipt niður í sjálfstæðar einingar eftir deildum. Haukur segir fangelsisaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu hafa verið óviðunandi í nokkurn tíma og því sé brýnt að hefja aðgerðir.

„Fangelsið á Skólavörðustígnum er bókstaflega ónýtt og einingin á Kópavogsbraut er of lítil og óhagkvæm í rekstri,“ segir hann.

Á heimasíðu arkitektanna sem hönnuðu bygginguna, Alex Poulsen Arkitekter, segir að áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar verði um 71 milljón danskra króna, eða um einn og hálfur milljarður íslenskra króna. Haukur vill ekki staðfesta hvort sú tala sé nákvæm eins og er.

„Hugmyndin er sú að ríkið geri einhvers konar kaupleigusamning um reksturinn,“ segir hann. „Fyrst og fremst verður um mánaðarleg gjöld að ræða.“ sunna@frettabladid.is

HÓLMSHEIÐI Fangelsið á Hólmsheiði verður á einni hæð til þess að halda rekstrarkostnaði í algjöru lágmarki. MYND/ALEX POULSEN ARKITEKTER



TEIKNING AF FANGELSINU Gert hefur verið ráð fyrir eldhúsum í öllum göngum fangelsisins og í miðjunni verða aðskildir garðar. MYND/ALEX POULSEN ARKITEKTER

Prima Care gerir lóðarleigu- og kaupréttarsamning við Mosfellsbæ:

Einkasjúkrahús fyrir liðskipti fær lóð

HEILBRIGÐISMÁL Félagið PrimaCare ehf. hefur tryggt sér lóð í Mosfellsbæ undir fyrirhugað einkasjúkrahús fyrir liðskipti með tilheyrandi hóteli.

Í frétt frá Mosfellsbæ kemur fram að um er að ræða tvo samninga sem undirritaðir voru á föstudag af Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra og Gunnari Ármannssyni, framkvæmdastjóra PrimaCare. Annars vegar sé lóðarleigusamningur milli Mosfellsbæjar og PrimaCare þar sem gert er ráð fyrir lóðarleigu samkvæmt gjaldskrá Mosfellsbæjar og hins vegar kaupréttarsamning þar sem PrimaCare sé veitt heimild til að kaupa lóðina á tilteknum tímapunkti og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

„Þegar fjármögnun félagsins er lokið, allir verksamningar sem þarf til að klára verkið hafa verið undirritaðir og allar tryggingar til reiðu, hefur Prima Care heimild til að nýta rétt sinn til að kaupa lóðina,“ segir á vef Mosfellsbæjar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er ætlunin að flytja inn sjúklinga erlendis frá, fyrst og fremst frá Bandaríkjunum, til að gangast undir liðskiptaaðgerðir í Mosfellsbæ. Áætlaðar tekjur eru um fjórtán milljarðar króna á ári.

Á bilinu 80 til 120 rúm eiga að vera á sjúkrahúsinu sem verður með fjórum skurðstofum sem anna þrjú til fimm þúsund aðgerðum á ári. Á hótelinu verða 250 til 300 rúm og er áætlað að þar gisti sex til tíu þúsund gestir á ári. „Gert er ráð fyrir að árlegar tekjur fyrirtækisins verði í kring um 120 milljónir dollara, sem samsvarar um 14 milljörðum íslenskra króna sem gerir fyrirtækið að einu af 40 stærstu fyrirtækjum landsins. - gar

GUNNAR ÁRMANNSSON OG HARALDUR SVERRISSON Framkvæmdastjóri PrimaCare og bæjarstjóri Mosfellsbæjar tókust í hendur er þeir höfðu skrifað undir samninga sem tryggja fyrirtækinu lóð í bænum undir liðskiptasjúkrahús.

Fyrir alla sælkera

Bjóðum upp á heitreyktar og grafnar villigæsabringur og villibráðapaté frábært sem forréttur eða smáréttur

Mikið úrval af sælkeravörum í sælkeraborði okkar í **Hagkaup Kringlunni**

HAGKAUP
Ein fer betra verð

Ómótstæðilegar sælkerasósur / meðlæti sem fullkomna réttinn...

Einnig erum við með mikið úrval af sælkeravörum sem hægt er að fá í sneiðum og stykkjum eins og Serrano hráskinku, salami með grænum pipar, heil læri, tilbúið roast beef, sveitaskinku, pepperoni stubba, rauðvínssalami, ítölsk salami, frönsk salami, íslensk krydd salami og mikið úrval af ostum m.a. Montana frá Hollandi og sænskan Gamle Gard á frábæru verði.

Glæsilegar gjafakörfur

HÁTÍÐAKÖRFUR - LÚXUSKÖRFUR - FYRIRTÆKJAKÖRFUR

Smurbrauð

Úrval af ljúffengu smurbrauði

Sushi

Bjóðum upp á Sushi bæði Maki og Nigiri bita alla föstudaga

Erum byrjaðir að taka á móti pöntunum á okkar glæsilegu gjafakörfum. Margar gerðir, skoðaðu úrvalið og allar upplýsingar á **www.kokkarnir.is** eða komdu til okkar í osta- og sælkeraborðið í **Hagkaup Kringlunni**.

Ómótstæðilegar sælkeravörur fyrir þá sem skipta þig máli...
verð frá kr. 2990

kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

Sími: 511 4466 - kokkarnir@kokkarnir.is - www.kokkarnir.is

FRÉTTASKÝRING: Tunglmyrkvi á vetrarsólstöðum

TUNGLMYRKVI ÁRIÐ 2008 Þegar tunglið er inni í alskugga jarðar fær það á sig rauðleitan blæ, en sólarljósið berst í gegnum lofthjúp jarðar sem tvístrar rauða litnum síðar en hinum litunum. MYND/RICHARD TRESCH FIENBERG

Jólalegt tungl á vetrarsólstöðum

Á morgun, á vetrarsólstöðum og stysta degi ársins, verður almyrkvi á tungli. Ef veður leyfir sést myrkvinn vel frá Íslandi þótt tunglið sé tiltölulega lágt á lofti á vesturhimni. Almyrkvinn hefst klukkan 07.40 og stendur í rúma klukkustund.

„Almyrkvar á tungli eru alltaf mjög glæsilegir og mikið sjónarspil. Þeir eru ekki svo óalgengir og sjást að meðaltali á tveggja til þriggja ára fresti frá hverjum stað á jörðinni. Þannig sást almyrkvi síðast frá Íslandi í febrúar árið 2008," segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness. „Ferlið allt tekur nokkrar klukkustundir en hápunkturinn er að sjálfsögðu almyrkvað tungl. Í þetta sinn er tunglið almyrkvað frá 07.40 til 08.54. Fyrir og eftir er gaman að fylgjast með skugga jarðar gleypa tunglið hægt og bítandi. Við almyrkvann sjálfan fær tunglið á sig rauðan lit sem er alltaf sérstakt að sjá. Þennan rauða lit má rekja til allra sólarupprása og sólarlaga sem umlykja jörðina á þessu augnabliki. Frá yfirborði tunglsins sæi geimfari þunnan rauðan hring umlykja myrkvaða jörð, sem er án efa tignarleg sjón."

Að sögn Sævars þarf áhugafólk engan sérstakan búnað til að sjá almyrkvann þótt ekki sé verra að kíkja á tunglið með venjulegum handsjónauka eða stjörnusjónauka.

Sól, jörð og tungl

Tunglmyrkvar geta aðeins orðið þegar sólin, jörðin og tunglið liggja hér um bil í beinni línu. Tunglmyrkvar verða því aðeins þegar tungl er fullt og fer inn í skugga jarðar. Þrátt fyrir þetta verða tunglmyrkvar þó ekki mánaðarlega því brautarplan tunglsins og brautarplan jarðar eru ósamsíða. Tunglbrautin hallar um fimm gráður frá braut jarðar og vegna hallans fellur skuggi jarðar yfirleitt undir eða yfir tunglið.

Skuggi jarðar er tvískiptur og því eru til þrjár gerðir af tunglmyrkvum: Almyrkvar, deildarmyrkvar og hálfskuggamyrkvar. Gerð myrkvans hverju sinni fer eftir því hvernig tunglið færist inn í skugga jarðar. Alskugginn er dimmasti hluti jarðskuggans og þar sést sólin alls ekki. Hálfskugginn er hins vegar ekki eins dimmur en innan hans sést hluti sólar.

Tunglmyrkvar sjást frá allri næturhlið jarðar, ólíkt sólmyrkvum sem sjást aðeins frá takmörkuðu svæði á jörðinni. Í þetta sinn sést myrkvinn best frá Norður-Ameríku en líka vel frá Íslandi þótt tunglið sé tiltölulega lágt á lofti á morgunhimninum í vestri. Síðast sást almyrkvi frá Íslandi aðfaranótt 21. febrúar 2008.

SÆVAR HELGI BRAGASON

Jörðin er kúla!

Tunglmyrkvinn á morgun hefst þegar tunglið snertir hálfskugga jarðar klukkan 05.30 að íslenskum tíma. Hálfskugginn er daufur og því sést lítil sem engin breyting á tunglinu þegar þetta gerist. Það er í raun ekki fyrr en um sjötíu prósent tunglsins eru komin inn í hálfskuggann að einhverjar birtubreytingar sjást. Hálfskuggamyrkvinn verður meira áberandi eftir því sem á líður.

Þegar tunglið byrjar að ganga inn í alskuggann, klukkan 06.32, hefst deildarmyrkvi, sem er mun greinilegri. Snemma í deildarmyrkvanum sést örugglega óræk sönnun þess að jörðin sem við byggjum er kúla, því jarðskugginn er augljóslega bogadreginn.

Deildarmyrkvinn varir í 68 mínútur. Klukkan 07.40 hefur tunglið í heild sinni færst inn í alskuggann og er þá almyrkvað. Hraði tunglsins í gegnum skuggann er um einn kílómetri á sekúndu, svo almyrkvi getur mest staðið yfir í eina klukkustund og 42 mínútur. Í þetta sinn stendur almyrkvinn yfir til klukkan 08.54 eða í klukkustund og fjórtán mínútum betur.

Rautt tungl

Þegar tunglið er inni í alskugga jarðar fær það á sig rauðleitan blæ. Sólarljósið berst í gegnum lofthjúp jarðar sem tvístrar rauða litnum síðar en hinum litunum. Ljósið berst til tunglsins og gefur því rauðan lit. Litur tunglsins við almyrkva er háður skýjum, ryki og mengun í lofthjúpi jarðar. Stundum hverfur tunglið nánast alveg vegna óhreininda í loftinu.

„Þegar Pínatúbófjall á Filippseyjum gaus í júní 1991 spúði það mikilli gjósku upp í efri hluta lofthjúpsins sem dreifðist yfir norðurhvelið næstu vikur og mánuði á eftir," segir Sævar. „Í almyrkva sem varð ári síðar varð tunglið kolsvart og grátt en ekki rauðleitt eins og við má búast að þessu sinni."

Að almyrkva loknum færist tunglið smám saman í austurátt á braut sinni í kringum jörðina. Ferlið endurtekur sig en nú í öfugri röð. Forgönguhvel tunglsins stingur sér út úr alskugganum og hefst þá deildarmyrkvi aftur. Þegar tunglið er allt komið út úr alskugganum hefst hálfskuggamyrkvi á ný. Smám saman færist myrkrið af tunglinu svo að lokum skín fullt tungl skært á himni eins og ekkert hefði í skorist, segir Sævar.

Næst eftir tæpt ár

Næst sést tunglmyrkvi frá Íslandi að ári liðnu, hinn 10. desember 2011. Sá myrkvi verður um miðjan dag. Því sést ekki almyrkvað tungl frá Reykjavík en deildarmyrkvi verður sýnilegur þaðan. Austast á landinu sést tunglið almyrkvað þegar það kemur upp fyrir sjóndeildarhringinn undir lok almyrkvans.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Tunglmyrkvi sýnilegur víða um heim



Heimild: NASA © Graphic News

66°N
Verslanir 66°NORÐUR | www.66north.is | Sími: 535 6600 || Vír vinnufatаverslun | www.facebook.com/vir
Laugavegur dúnjakki 28.500 kr.
Logn hettupeysa 14.800 kr.
Básar ullarbuxur 9.500 kr.
Dickies skór 16.000 kr.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Traust og fylgi hrynur af stjórnarflokkunum.

Áhrif hrunsins að fjara út?

Fréttablaðið birti um helgina athyglisverðar niðurstöður úr nýrri könnun Markaðs- og miðlarannsókna (MMR) á fylgi stjórnmálaflokkanna og hversu vel fólk treystir þeim til að hafa forystu í tilteknum málaflokkum. Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar áður; í apríl í fyrra og í febrúar síðastliðnum.

Niðurstaðan af samanburði á þessum könnunum er í stuttu máli sú að bæði fylgi og traust stjórnarflokkanna tveggja hrynur frá því á hveitibrauðsdögum vinstri stjórnarinnar í fyrra. Sjálfstæðisflokkurinn sækir hins vegar mjög í sig veðrið.

Í apríl í fyrra sögðust þannig tæplega 60% kjósenda ætla að kjósa annan hvorn stjórnarflokkinn. Þá sagðist jafnframt meirihluti svarenda treysta öðrum hvorum stjórnarflokknum bezt til að hafa forystu í öllum málaflokkunum þrettán, sem MMR spurði um. Nú hefur samanlagt fylgi stjórnarflokkanna fallið í um 37% og í engum málaflokki segist meirihluti treysta öðrum hvorum þeirra bezt til að fara með forystu.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur á sama tíma hækkað úr 30,8% í 40,4% og hann nýtur mests trausts kjósenda í ellefu af þrettán málaflokkum.

Stjórnarflokkarnir hafa augljóslega glutrað úr höndum sér því mikla tækifæri sem fyrsta hreinræktaða vinstri stjórnin fékk eftir hrunið.

Traust á Sjálfstæðisflokknum var þá í lágmarki og margir kenndu honum um hvernig fór við stjórn efnahagslífsins. Forystumenn stjórnarflokkanna töluðu þá digurbarkalega um að nú væri færi á að ýta Sjálfstæðisflokknum og hugmyndum hans til hliðar í íslenzkum stjórnmálum og það til frambúðar.

Á rúmlega hálfu öðru ári hefur þeim sem treysta stjórnarflokkunum til að leiða endurreisn atvinnulífsins fækkað um meira en helming. Aðeins tæpur fjórðungur kjósenda telur annan hvorn stjórnarflokkinn nú til þess fallinn. Það vekur sömuleiðis athygli hversu mikið traust stjórnarflokkarnir hafa misst í málaflokkum sem þeir fara með í ríkisstjórninni, til dæmis VG í menntamálum, skattamálum, umhverfismálum og samningum um Icesave og Samfylkingin í heilbrigðismálum, efnahagsmálum og samningum við Evrópusambandið (þar sem flokkurinn hefur tapað forystunni í hendur Sjálfstæðisflokknum!).

Flestir telja þó enn VG bezt treystandi til að hafa forystu í umhverfismálum og um rannsóknir á tildrögum bankahrunsins.

Niðurstöður könnunar MMR benda til að áhrif hrunsins á valdahlutföll og traust á stjórnmálaflokkunum séu að byrja að ganga til baka. Það grillir aftur í hið hefðbundna fjögurra flokka mynztur sem hefur reynzt svo dæmalaust lífseigt í íslenzku stjórnmálalífi. Forystumenn stjórnarflokkanna, sem hugðust breyta þessu til frambúðar, geta engum um kennt nema sjálfum sér að hafa glutrað tækifærinu niður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Minnihlutastjórn

Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, var í viðtali í Kastljósinu á föstudagskvöld. Þar var hún spurð út í stuðning þremenninganna úr VG sem greiddu ekki atkvæði með fjárlagafrumvarpinu, við ríkisstjórnina. Svar Lilju við spurningunni var áhugavert. Lilja sagðist styðja ríkisstjórnina til góðra verka en vísaði svo til Norðurlandanna og sagði þar oft hafa verið við völd minnihlutastjórnir sem hefðu þurft að semja um stuðning einstakra þingmanna við ákveðin mál. Hafi menn efast um að flokkarnir í ríkisstjórn séu þrír en ekki tveir bindur þetta svar sennilega enda á að þær vangaveltur. Af svarinu má ráða að stuðningur þremenninganna við ríkisstjórnina sé skilyrtur og sérstaklega verði að semja við þá um framgang mála.

Tekist á um fjárhaginn

Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, kynnti á laugardag fjárhagsáætlun sem hann hefur unnið fyrir bæinn. Stillir Gunnar henni upp sem valkosti við fjárhagsáætlun meirihlutans í bæjarstjórn en aðrir bæjarfulltrúar, þar á meðal hinir þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, unnu saman að fjárhagsáætlun.

Hægrimaður og vinstrimenn

Gunnar gefur ekki mikið fyrir fjárhagsáætlun meirihlutans þrátt fyrir að samflokksmenn sínir hafi unnið að henni. Í samanburði sem hann birti á áætlununum talar hann um áætlun Gunnar I. Birgissonar annars vegar og áætlun vinstrimanna hins vegar. Í huga Gunnars virðist því eingöngu vera einn alvöru hægrimaður í bæjarstjórn Kópavogs, hann sjálfur.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR

Á að hrekja heimilislækna úr heilsugæslunni?

Heilsugæslan

Elínborg Bárðardóttir
heimilislæknir, fv. form. Félags íslenskra heimilislækna

Ég hef áhyggjur af skorti á framtíðarsýn heilsugæslu á Íslandi. Í umræðu um fyrirsjáanlegan skort á heimilislæknum hafa fleiri en ein stétt heilbrigðisstarfsmanna stigið fram og tjáð hug sinn um að taka að sér hluta af vinnu lækna í móttöku sjúklinga, greina sjúkdóma og meðhöndla. Allar þessar stéttir vísa til reynslu erlendis og vilja vinna sjálfstætt en minnast ekki á að erlendis er slík móttaka venjulega undir stjórn og á ábyrgð lækna.

Mjög mikilvægt er að ráðamenn láti ekki slá ryki í augu sér með skammtímalausnum eða skyndiplástrum og bútasaum í heilsugæslu á kostnað varanlegra lausna.

Framtíð heilsugæslunnar felst nú sem áður í vel menntuðum heimilislæknum sem geta þjónað hlutverki sínu sem persónulegur læknir sem þekkir vel til skjólstæðinga sinna og fjölskyldna þeirra. Heimilislæknir sem vinnur teymisvinnu skjólstæðingi sínum til heilla þar sem samfella og góð samskipti og traust er haft að leiðarljósi.

Ég kalla eftir langtímahugsun og ábyrgð þingmanna og ráðherra í málefnum heilsugæslunnar og heimilislækninga og spyr: Af hverju voru árum saman engar nýjar stöður heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu á meðan öðrum sérfræðingum á samningi við tryggingarstofnun fjölgaði? Af hverju er heimilislæknum ekki heimilað að starfa sjálfstætt eins og öðrum sérfræðingum? Af hverju hafa námsstöður í heimilislækningum verið af skornum skammti þrátt fyrir viðvaranir Félags heimilislækna um nauðsyn þess að fjölga námsstöðum? Af hverju er ekki búið að setja á stofn aðgerðahóp til að snúa þessari óheillaþróun við og fjölga heimilislæknum? Ráðuneyti heilbrigðismála hefur í mörg ár talað um að efla þurfi heilsugæsluna, er ekki kominn tími til að láta verkin tala?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Okkar skömm

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Eitt er það sem íslenskt samfélag ætti að skammast sín fyrir…

Ekki endilega útrásarvíkingarnir – jafnvel þótt þau hafi komið úr þjóðardjúpinu, krakkar úr Breiðholtinu, Vesturbænum, Akureyri, Hólminum eða Hlíðunum, og gengu í leikskólana okkar, grunnskólana og framhaldsskólana, voru fermd af prestunum okkar og alin upp á heimilunum okkar – búin til af íslensku samfélagi – íslensku þjóðinni hefur engu að síður tekist að þvo hendur sínar af þessum skilgetnu afkvæmum sínum og við getum á góðum degi sannfært okkur um að þetta hafi verið geimverur. Og haldið áfram án þess að horfast of fast í augu við okkur sjálf.

Ekki klerkar sem klípa, ekki barnadrykkjan í miðbænum um helgar, ekki fasteignabólan, ekki einu sinni fótboltalandslið karla: allt eru þetta vandræðaleg einkenni á íslensku samfélagi sem má bera kinnroða fyrir – en það sem við megum hins vegar skammast okkar fyrir – innilega – og við þurfum að hugleiða af alvöru hvernig við eigum að útrýma – eru opinberar biðraðir fátæklinga eftir mat.

Einkavæðing eymdarinnar

Það er erfitt að skilja hvernig það hefur verið látið gerast á nokkrum misserum að það þyki allt að því ásættanlegur lífsstíll að standa í röð og fá útdeilt mat handa sér og fjölskyldu sinni. Við höfum vissulega dæmin úr Íslandssögunni af þurfalingum við höfðingjasetrin og biskupsstólana á mestu harðindatímum þjóðarinnar þegar hungursneyð varð af völdum eldgosa og hallæra. Og Thor Jensen og Margrét Þorbjörg opnuðu súpueldhús þegar spænska veikin geisaði hér 1918 – það var tími drepsóttar. Þá voru aðrir tímar og aðrar hugmyndir ríktu um skyldur samfélagsins við þegna sína; þá var ekki félagslegt kerfi og engar bætur þegar fyrirvinna féll frá eða enga vinnu var að hafa. Súpueldhús hafa tíðkast í Bandaríkjunum fyrir útigangsmenn en að öðru leyti eru svona biðraðir óþekktar meðal nágrannaþjóða sem hafa annan hátt á að liðsinna bágstöddum. Þetta er ekki sagt til þess að lasta það fólk sem stendur fyrir matargjöfum um þessar mundir né heldur þá sem það leggja á sig að þiggja þær. Þetta er áfellisdómur yfir gjörvöllu samfélaginu.

Þetta er einkavæðing eymdarinnar. Það á að vera hlutverk félagslega kerfisins að koma nauðstöddum til hjálpar. Það á að vera búið að reikna út hvað fólk þarf til framfærslu sér, hvað það þarf af mat handa börnum sínum og sjálfu sér og síðan á það að fá miða fyrir þessum mat sem það getur framvísað í verslunum. Það getur ekki verið íslenskum ráðamönnum ofviða að koma á slíku kerfi.

Stormur reiðinnar

Það geisar stormur – það er stormur reiðinnar. Hann blæs um valdafólk og valdastofnanir, þá sem eru breyskir, þá sem eru spilltir og þá sem hneykslanlegir. Hneykslunargirnin er orðin að sjálfstæðu afli í samfélaginu og fer um í hvirflum og hrífur með sér fólk. Margir komast ekki í gegnum daginn án þess að taka hneykslunarandköf að minnsta kosti tvisvar fyrir hádegi.

Stormur reiðinnar beinist nú að öryrkjum og bótaþegum eftir að í ljós komu undarlega háar fjárhæðir hjá manneskju sem gaf sig sjálf á tal við Stöð tvö til að lýsa kröm sinni. Önnur kona – sem líka er öryrki – reyndist samkvæmt fréttum hafa sólundað miklu fé í spilasölum og vanrækt börnin sín. Þetta er vissulega hneykslanlegt, og raunalegt. En það er engu að síður brýnt að dæma ekki heilu samfélagshópana eftir svona stökum dæmum og allra síst þá sem höllum fæti standa eða ekki geta séð sér og sínum farborða vegna veikinda. Öll kerfi er hægt að misnota, sé vilji og hugkvæmni og siðvilla fyrir hendi: þá reynum við að bæta kerfið, sjá við þeim brotlegu og leiða þá á rétta braut, en áfellumst ekki alla þá sem það þurfa að nota.

> Þetta er einkavæðing eymdarinnar. Það á að vera hlutverk félagslega kerfisins að koma nauðstöddum til hjálpar.

Og manneskja sem lætur miklar fjárhæðir fara um sínar hendur en þarf samt sem áður að leita á náðir opinberra matargjafa til að gefa börnum sínum að borða þarf augljóslega á hjálp að halda við að greiða úr sinni óreiðu, frekar en fordæmingu og hneykslun. Hvað eiga börnin að gera við hneykslun samborgaranna – borða hana? Hvað eigum við sjálf að gera við hneykslun okkar? Fjúka þar um?

Löngu er kominn tími til að opinberir aðilar komi skikki á starfsemi þeirra einkastofnana sem deila út matargjöfum og virðast stundum í hálfgerðri samkeppni og gott ef ekki markaðssetningu á sjálfum sér. Þessa þörf fyrir matargjafir og aðra ölmusu þurfa yfirvöld að kanna og uppfylla hana með mannsæmandi hætti. Hvað sem líður bankahruni og kerfishruni þá er íslenskt samfélag eitt hið ríkasta í heimi, fámennt og komin hefð fyrir lítilli stéttaskiptingu. Það að sjá til þess að allir þegnar geti brauðfætt sig og sína er algjört lágmarksskilyrði þess að hér geti talist vera siðað samfélag.

Það góða fólk sem vill láta gott af sér leiða verður áreiðanlega í engum vandræðum með að finna tilefni til þess þó að þessar opinberu sýningar á eymd í beinni útsendingu verði aflagðar.

AF NETINU

Þegar öllu er snúið við

Mér var brugðið í gær þegar ég þurfti að taka leigubíl í borginni. Rætt var um pólitík í leigubílnum þegar skyndilega bílstjórinn blandaði sér í málin. Sagðist aldeilis hafa vit á málum.

Hann hefði jú komið bæjarstjóra einum til valda fyrir norðan. Ég gat sagt honum að ég hafi tekið þátt í því að koma þeim sama bæjarstjóra frá.

Við það efldist bílstjórinn og tók að kalla ríkisstjórn og stjórnarflokka öllum illum nöfnum. „Þessi ríkisstjórn hefur komið okkur öllum á kaldan klaka.“ Eitthvað reyndum við að fá manninn til að stilla sig og horfa málefnalega á stöðuna. En það tókst ekki. Frekar að hann gaf í (bæði í orðum og bókstaflega).

Ég hef ekki fundið fyrir jafn mikilli heift í pólitískum umræðum. Eiginlega varð mér brugðið og ekki víst að ég aki með viðkomandi leigubílstjóra aftur.

Segi frá þessu vegna ræðu Péturs Blöndals sem var reyndar skemmtileg Freudian slip. En öllu gamni fylgir alvara.

Hjá sumu fólki er það orðinn sá heilagi sannleikur að þessi ríkisstjórn sé upphaf kreppunnar. Öllu snúið við.

blog.eyjan.is/gislibal/

Gísli Baldvinsson

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

BLÁBER
BOX
469
KR./PK.

JARÐARBER
BOX
399
KR./PK.

FJÖLBREYTT ÚRVAL

Konfektepli, rauð og græn epli

Wellington
íslensk nautalund

Afgeidd gegn pöntun fyrir jól
og áramót í kjötborði Nóatúns

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

Kjötmeistarar Nóatúns

Nýttu þér sérþekkingu okkar því við erum hér fyrir þig.

Við gerum meira fyrir þig!

Við erum boðin og búin að vinna kjötið eftir þínum óskum. Við skerum pöruna, fyllum svínalundina og kryddum lærið að okkar besta hætti. Leitaðu ráða hjá okkur og tryggðu þér þannig vel heppnaða máltíð.

Fyllt með trönuberjum, Camembert og villisveppum

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

HÁTÍÐAR-
LAMBALÆRI
NÓATÚNS 2010
2198 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI ÚR KJÖTBORÐI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

HÚSAVÍKUR
HANGIFRAMPARTUR
1498 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI ÚR KJÖTBORÐI

SÓLFUGL
KALKÚNASKIP
SMJÖRSPRAUTAÐ
2698 KR./KG

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

DAG Nótt noatun.is 24·7

Hamraborg – Nóatún 17 – Austurver - Hringbraut – Grafarholt

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

Hangikjötsborð Nóatúns

Láttu kjötmeistarana hjálpa þér við valið á hangikjötinu

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

Fyllt með grænum eplum, kanil og myntu

FYLLT LAMBAFILE

3998 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

KRÓNHJARTARFILE FROSIÐ

9980 KR./KG

DÖNSK, 2,6 KG HERRAGARÐSÖND

1998 KR./STK.

RÉTTA BLANDAN

EGILS MALT OG APPELSÍN

159 KR./STK.

NATURFRISK ENGIFERÖL

199 KR./STK.

FYRIR SÆLKERANA

CELEBRATIONS KONFEKT, 400 G

1189 KR./PK.

GÓÐ GJÖF

OSTAHÚSIÐ OSTAKARFA 1

2589 KR./STK.

ROLO SÆLGÆTI

279 KR./PK.

RIVER RICE HRÍSGRJÓN, 1 KG

398 KR./PK.

ALLRA SMÁKÖKUR 2 TEGUNDIR

698 KR./PK.

MYLLU MARENSBOTN BRÚNN

579 KR./STK.

NÓATÚN

Leikskóli heimsækir kirkju

Skóli og kirkja

Siggeir Ævarsson
sagnfræðistúdent

Umræðan um tillögur Mannréttindaráðs Reykjavíkur er varða samskipti skóla og kirkju er á ótrúlegum villigötum. Það þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart þegar hagsmunaaðilar (les. kirkjunnar menn) reyna markvisst að afvegaleiða umræðuna. Þeir sem láta hvað hæst í sér heyra virðast reyndar fæstir hafa lesið svo mikið sem stafkrók í tillögum. Það sem slær mig þó hvað mest er hversu margir virðast ekki geta séð muninn á trúboði og trúfræðslu.

Ég hef nefnilega ekkert á móti því að börn séu frædd um kristinn sið, sem og raunar öll trúarbrögð. Mér þykir líka eðlilegt að í kennslu sé meiri áhersla lögð á fræðslu um kristni heldur en t.d. íslam, enda á kristnin djúpar rætur í menningu okkar. Þessi kennsla á þó ekkert erindi við börn á leikskólaaldri, sem eiga mjög erfitt með að greina ævintýrin í sögubókunum frá raunveruleikanum.

Á dögunum fékk ég tækifæri á að upplifa frá fyrstu hendi heimsókn leikskóla í kirkju. Dóttir mín, þriggja ára, tilkynnti mér það glöð í bragði að hún væri að fara í kirkjuna að syngja með leikskólanum. Ég tók þessum fréttum með jafnaðargeði, enda sé ég ekkert að því að börn komi saman og syngi jólalög. Raunar fagnaði ég því að fá loksins að sjá svona heimsókn með eigin augun, því kirkjan hefur hamrað á því að ekkert trúboð fari fram í þessum heimsóknum, og þær séu allar á forsendum skólanna. Það er hins vegar skemmst frá því að segja að á þessari samkomu fór harla lítil fræðsla fram og hlutleysi var það síðasta sem einkenndi hana.

Presturinn byrjaði samkomuna á því að láta börnin teikna kross með fingrunum, og lét þau síðan signa sig, og sagði þeim að þau væru að merkja sig börn guðs. Einnig leiddi presturinn börnin áfram í látbragðsleik sem endaði þannig að þau bönkuðu á lófann á sér. Hver var að banka? Jú, það var enginn annar en Jesús Kristur, bankandi á hjarta þeirra. Presturinn spurði hvort það væri ekki örugglega pláss fyrir Jesú þar, því hann væri besti vinur þeirra. Svo hélt hún áfram og sagði að það væri rosalega gott að tala við vin sinn og í framhaldinu lét hún öll börnin spenna greipar og þau fóru saman með Faðir vor.

> Hefði ekki verið hægt að sleppa signingunni og bæninni og draga svolítið úr þessu yfirborðskennda og væmna helgisiðafasi?

Síðan sagði presturinn börnunum söguna af Jesúbarninu sem hún lauk með þeim orðum að þetta væri merkilegasta saga í heimi. Það er auðvitað alveg satt, þetta er ekkert nema saga. Það hefði presturinn mátt leggja miklu meiri áherslu á. Uppáhaldssaga dóttur minnar er Rauðhetta, og hún getur ekki farið að sofa nema að fá að heyra hana fyrst. En hún á mjög bágt með að greina atburði sögunnar frá raunveruleikanum og spyr mig gjarnan áður en hún sofnar hvort það sé ekki örugglega læst, „svo það komi enginn refur inn til okkar“. Þriggja ára gamalt barn hefur engar forsendur til að greina á milli þess sem er sannleikur eða skáldskapur. Mig langar í þessu samhengi að rifja upp orð John Locke, sem voru rituð fyrir meira en 300 árum síðan en eiga enn ótrúlega vel við í dag:

„Ekkert er algengara en að börn fái inn í hugann fullyrðingar... frá foreldrum sínum, fóstrum eða fólkinu í kringum þau. Og með því að þeim er lætt inn í óviðbúinn og fordómalausan skilning þeirra, og festast þar smátt og smátt, eru þær að lokum (hvort heldur sannar eða ósannar) svo rígnegldar þar af löngum vana og innrætingu að útilokað er að draga þær út aftur.“

Að þessu sögðu má hverjum manni það ljóst vera að öll orð kirkjunnar á þá leið að ekkert trúboð sé stundað í skólum eru lítið annað en innantóm. Því hvað var þessi heimsókn í kirkjuna annað en trúboð í sinni tærustu birtingarmynd? Hefði ekki verið hægt að sleppa signingunni og bæninni og draga svolítið úr þessu yfirborðskennda og væmna helgisiðafasi? Þá hefði þessi samkoma einfaldlega verið hlýleg og vinaleg stund þar sem börnin komu saman til að syngja og leika saman leikrit. Þess í stað var um einhliða trúaráróður að ræða, sem börnin og þeirra ómótuðu hugar sátu undir grandalaus með öllu.

Fram undan er fimbulkuldi

Reykjanesbær

Hannes Friðriksson
íbúi í Reykjanesbæ

Sú fjárhagsáætlun sem forystumenn meirihluta sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ hafa nú lagt fram fyrir árið 2011 er þungur áfellisdómur yfir þeirra eigin störfum og stefnu. Þar er boðaður mikill niðurskurður, auk þess sem ekki er tekið tillit til fjölda óvissuþátta sem fyrirsjáanlegir eru.

Fjárhagsáætlun þessi er í hróplegu ósamræmi við þær skýringar og loforð sem forystumenn sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ hafa gefið undanfarin ár og staðfestir í raun það sem áður hefur verið sagt. Hér stendur ekki steinn yfir steini, og fjárhagsstaða Reykjanesbæjar er með þeim hætti að ekki verður lengur við unað.

> Óskabarn forystumanna meirihlutans Fasteign er komið að fótum fram

Meginstef fjárhagsáætlunarinnar er sparnaður, sem á næsta ári mun koma fram í nær allri þjónustu bæjarins. Þannig er ljóst að nú í fyrsta sinn verður lögbundin þjónusta undir viðmiðunarmörkum, og sú lögbundna fjárhagsaðstoð til þeirra er illa standa mun verða með því lægsta á landinu öllu. Segja má að ekki sé mikill sómi falinn í því.

Framlög til menningarmála og íþróttastarfs verða skert stórlega, og það þrátt fyrir að á undanförnum árum hafi verið lagður til hliðar milljarður króna í Manngildissjóð sem ætlað var til að sinna þeim málum. Þeim sjóð var eytt í hítina til greiðslu annarra skulda en til var ætlað og án þess að slíkt hafi nokkru sinni verið sjáanlega samþykkt í bæjarráði eins og reglur sjóðsins mæltu þó fyrir um.

Afleiðingar fjármálastjórnar forystumanna meirihluta sjálfstæðismanna undanfarin ár eru nú að koma í ljós. Fram undan er fimbulkuldi sem skellur á íbúum Reykjanesbæjar af fullum þunga á næsta ári með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Skuldir bæjarsjóðs hafa fimmfaldast frá árinu 2002, úr 5 milljörðum króna í 29 milljarða króna á árinu 2010, án þess að séð verði að eitthvað það standi eftir sem sannanlega bæti hag bæjarbúa. Eftir standa skuldir sem nema um það bil 400% af tekjum bæjarins. Á bak við leiktjöldin stendur bær í rústum.

Skuldir hafnarinnar sem árið 2002 voru 1,2 milljarðar eru nú tæplega 6 milljarðar króna. Án þess að fyrirséð sé að höfnin komi til með að standa undir þeirri skuld að óbreyttu og til framtíðar litið. Lánardrottnar hafnarinnar standa í röðum til þess að fá úrlausn sinna mála, og óvíst um afdrif þeirra mála.

Öllum er okkur ljóst að óskabarn forystumanna meirihlutans Fasteign er komið að fótum fram og bærinn hefur ekki lengur efni á að greiða þá leigu sem krafist er, um leið og Fasteign hefur ekki tök á að bjóða lægri leigu sem bærinn stendur undir í ljósi fjárhagstöðu sinnar. Leitað er að lausnum en ljóst er að þar verður erfitt um vik sökum sameiginlegrar ábyrgðar eigendanna á skuldum fyrirtækisins. Þar vega skuldir vegna bygginga Háskólans í Reykjavík þungt, og jafnvel er möguleiki á að þær gætu lent á íbúum Reykjanesbæjar í takt við eignarhluta bæjarins í Fasteign. Það er undir vilja lánardrottnanna komið.

Fasteignir Reykjanesbæjar eiga við rekstrarvanda að etja, um leið og Víkingaheimar og Kalka eru komin í greiðslufall. Ljóst er að sá rekstur stendur ekki undir þeim skuldum sem til hefur verið stofnað, og bæjarsjóður mun ekki geta hjálpað til.

Öllum, og sérstaklega meirihlutanum, ætti að vera orðið ljóst að ekki verður hægt að hagræða eða skera meira niður en nú er gert ráð fyrir. Eftir standa gríðarlegar skuldir sem ljóst er af fjárhagsáætluninni að bærinn ræður ekki við. Það er ljóst að þær óraunhæfu hugmyndir forustumanna meirihlutans um 100 milljón króna hagnað af rekstri bæjarsjóðs standa hvorki undir greiðslu skuldanna eins og þær liggja nú fyrir, né því óvænta og ófyrirséða. Hvað ætla forystumenn meirihluta sjálfstæðismanna að gera við því? Það kemur ekki fram í fjárhagsáætluninni.

Einkaflugmannsnám
10 vikna kvöldnámskeið hefst í janúar 2011
Skráning er hafin á www.flugskoli.is
Flugskóli Íslands Tækniskólinn
www.flugskoli.is

Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag

Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn að störfum í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Hólavallagarði og munu þeir leiðbeina eftir bestu getu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum www.gardur.is

Þjónustusímar:
Skrifstofan í Fossvogi, sími 585 2700 og skrifstofan í Gufunesi, sími 585 2770, eru opnar á Þorláksmessu og aðfangadag frá kl. 9:00 til 15:00

Ratkort er hægt að fá afhent á skrifstofunum eða prenta út á www.kirkjugardar.is

Upplýsingar eru veittar í síma allan desembermánuð á skrifstofutíma. Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 9:00 til 12:00

Á aðfangadag frá kl. 9:00 til 15:00 er allur akstur um kirkjugarðinn í Fossvogi óheimill, nema fyrir hreyfihamlaða.

Gleðilega jólahátíð

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.
Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

AF NETINU

Mikilvægt að skattar verði lækkaðir aftur

Sú blandaða leið skattahækkana og niðurskurðar var því miður nauðsynleg, en verður að teljast tímabundin neyðarráðstöfun. Mikilvægt er að skattar verði lækkaðir aftur eins fljótt og auðið er, því slík ofurskattlagning mun að öðrum kosti verða dragbítur á hagvöxt og velmegun okkar í framtíðinni. Til þess að hægt sé að lækka skatta og auka kaupmátt með því að hækka laun þarf atvinnulífið að fara á fulla ferð. Þótt lántaka til vegagerðar og aðrar opinberar framkvæmdir séu hugsanlega réttlætanlegar til að „kikkstarta“ efnahagslífinu eru stóriðjuframkvæmdir að mínu mati betur til þess fallnar, þar sem þær auka útflutning og innstreymi gjaldeyris þegar til lengri tíma er litið.

blog.eyjan.is/gudbjorn
Guðbjörn Guðbjörnsson

Lýðræðið og foringjaræðið

Ég er lýðræðið. Sá sem er mér ósammála er á móti lýðræði. Sá sem er í æðri stöðu en ég beitir mig ofríki eða foringjaræði sé hann mér ósammála. Þetta finnst mér tónninn í máli þremenninganna í VG.

Nú er fjarri að Steingrímur og Jóhanna séu heilög og saklaus af því að nota stöðu sína. Hér hafa verið nefnd dæmi um hvernig þau vanvirða þingnefndir, þegar þeim hentar. En það breytir því ekki að þremenningarnir eru afar ósannfærandi í málflutningi sínum.

Að þeirra mati eru þau lýðræðið. Við fólk sem þannig hugsar er ekki hægt að deila.

sme.midjan.is/
Sigurjón M. Egilsson

Veiðileg Jól

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!

NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Tilvalinn í jólapakka golfarans og veiðimannsins.
Jólatilboð aðeins 22.995,-

PROLOGIC GÆSAGALLI
Vatnsheldur jakki og buxur í felulitum.
Verð aðeins 29.900,-

RJÚPNAVESTI
Frábært verð.
Aðeins 8.995,-

GÆSAFLAUTUR
Aðeins 3.595,-

SKOTABELTI
Vinsæl og vönduð belti í felulitum.
Aðeins 4.995,-

DAM TASLAN VÖÐLUR .
Verð aðeins 8.995,-

FLUGUHNÝTINGASETT
Veniard fluguhnýtingasett með öllu.
Verð aðeins 13.995,-

DANVISE
Jólatilboð aðeins 9.995,-

DAKOTA - ÚR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK
Verð frá 8.995,-

HNÍFASETT
Verð aðeins 5.995,-

SAVAGE GEAR LAXAHÁFAR
Verð frá 6.895,-

SKOTVEIÐIHANSKAR
Verð aðeins frá 3.995,-



ÍSBOR, STÖNG OG SPÚNAR
Jólatilboð aðeins 14.995,-

DR.SLICK VEIÐISETT
Töng, skæri, klippur og box.
Frá 4.895,-

SIMMS FREESTONE ÖNDUNAVÖÐLUR OG SIMMS SKÓR.
Aðeins 49.900,-

RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR
Frábært verð.
Aðeins 29.900,-

VEIÐISETT
Ron Thompson Steelhead veiðistöng og Okuma hjól með girni.
Aðeins 9.995,-

SCIERRA TVÍHENDUPAKKI
Góður tvíhendupakki með öllu á jólatilboði.
Aðeins 39.900,-

NÝTT Á ÍSLANDI!
HEAT factory
ALDREI AFTUR KALT!

HEAT FACTORY VARMAPÚÐI
Varmapúðar sem passa í hanska og fleira.
Aðeins 195,-

HEAT FACTORY MERINO ULLARSOKK- AR- EÐA VETTLINGAR
Vasi fyrir Heat Factory varmapúða. Heat Factory varmapúðar fylgja með. Aldrei aftur kalt!
Verð frá 3.895,-

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

Ofsóknir gegn bahá'íum í Íran

Bahá'ía

Sigríður Jónsdóttir
formaður þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi

Þegar bandaríska blaðakonan Roxana Saberi var handtekin í Íran á síðasta ári sökuð um njósnir, var hún flutt í Evin-fangelsið illræmda í Teheran. Þar deildi hún um tíma klefa með tveimur miðaldra konum sem höfðu verið í fangelsinu í tæpt eitt ár, þar af helminginn í einangrun. Þessum konum höfðu aldrei verið birt sakarefni en ljóst var af frásögnum þeirra og annarra fanga að eini glæpur þeirra var að rækja trú sína og þjóna samlöndum sínum en víkja ekki frá prinsippum sínum þrátt fyrir þrýsting þeirra sem höfðu þær í haldi.

HVERGI BETRA VERÐ Á 24"

OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

JÓLALÖG Í LÁGAFELLSKIRKJU Arnhildur Valgarðsdóttir organisti og Inga Backman söngkona flytja jólalög frá ýmsum löndum og tímum í Lágafellskirkju í kvöld. Ljúfri stemningu er heitið á tónleikunum og kaffi að þeim loknum. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

ANNA SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR

Aðventuvaka í Fríkirkjunni

Í tilefni af vetrarsólstöðum halda Anna Sigríður Helgadóttir söngkona, Aðalheiður Þorsteinsdóttir organisti, ásamt Önnu Huldu Júlíusdóttur kirkjuhirði og séra Bryndísi Valbjarnardóttur sálnahirði, kvöldvöku með tali og lágstemmdum tónum í Fríkirkjunni í Reykjavík annað kvöld.

Vakan hefst klukkan 20.30. Áhersla er lögð á notalega hvíld og er áhugasömum bent á að þeir geti jafnvel haft með sér púða.

Vakan er öllum opin og aðgangur ókeypis. - bs

JÓLIN KOMA

JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Veitir ekki af jákvæðni

Bókaútgáfan Útúrdúr gefur safn ræðna myndlistarmannsins Ásmundar Ásmundssonar út á miðvikudag. Ræðurnar hefur hann haldið síðustu tíu árin og segir þær spanna vítt svið.

RÆÐULIST Ræður Ásmundar Ásmundssonar í bókinni eru um fimmtíu talsins og eru flestar birtar á íslensku og ensku, auk fáeinna á þýsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessi útgáfa kemur til að frumkvæði útgefandans, sem taldi að ræðurnar mínar ættu erindi við samtímann. Hann gaukaði þessari hugmynd að mér og ég tók undir það að ekki veitti af jákvæðum skilaboðum til landsmanna, ekki síst í þessu kreppuástandi sem við búum við um þessar mundir. Frá upphafi hef ég haft jákvæðni að leiðarljósi í ræðum mínum og því þykir mér mjög viðeigandi að gefa þær út í bók," segir myndlistarmaðurinn Ásmundur Ásmundsson.

Bókaútgáfan Útúrdúr gefur á miðvikudag út bókina Kæru vinir – ræðusafn 2000-2010, safn ræðna sem Ásmundur hefur haldið við hin ýmsu tækifæri síðustu tíu árin og spanna vítt svið, allt frá fræðilegum úttektum á stöðu myndlistarinnar við Kaliforníuháskóla í Berkeley í Bandaríkjunum til tækifærisræðna við opnanir sýninga eða afmæli kollega. Flestar eru ræðurnar birtar bæði á íslensku og ensku og fáeinar á þýsku, auk þess sem bókin er prýdd fjölda ljósmynda.

Aðspurður segir Ásmundur ræður sínar fyrir löngu orðnar mikilvægan hluta af list sinni. „Þetta er mín aðferð til að láta gott af mér leiða, en auðvitað eru ekki allir sammála um hvaða aðferðum eigi að beita til þess. Það er flókið að halda ræður, oft er ég að tala til ókunnugs fólks á ókunnugum slóðum og vissulega hafa viðbrögðin verið af ýmsum toga. Ég hef jafnvel lent í því að fá fólk upp á móti mér, þótt fyrir mér vaki einungis að koma á framfæri jákvæðum og uppbyggilegum skilaboðum," segir Ásmundur.

Þetta er þriðja bók Ásmundar. Áður hefur hann gefið út bókina 101 Artists Quotes, sem kom að vísu út í Bandaríkjunum árið 1995, og fyrir tveimur árum skáldsöguna Díana í snjónum, sem hann segir löngu uppselda. Myndlistarmaðurinn hefur einnig skrifað fjölda greina í dagblöð og tímarit, auk pistla fyrir útvarp, og segir hann standa til að gefa út heildarsafn þeirra í náinni framtíð. kjartan@frettabladid.is

Þoka Þorgríms

Bækur ★★★

Þokan
Þorgrímur Þráinsson

Þorgrímur Þráinsson hefur nú í ein tuttugu ár skrifað barna- og unglingabækur og er einn fárra rithöfunda sem hafa náð til lesandi unglingsstráka. Það er því þakkarvert að Þorgrímur haldi því góða starfi áfram, en nýjasta bók hans, Þokan, er fjórða bókin í seríunni sem hófst með Svölustu 7unni fyrir sjö árum.

Þokan ber þess merki að vera bók úr miðri seríu. Sagan er sögð vera sjálfstætt framhald 009 sem kom út í fyrra, en stendur ekki sjálf nema að takmörkuðu leyti. Atburðir síðustu bókar eru söguhetjum enn ofarlega í huga án þess að vera útskýrðir vel fyrir ókunnugum lesanda og þeir atburðir sem eru að hefjast í þessum lið sögunnar eru ekki til lykta leiddir, heldur bíður lausnin væntanlega næstu bóka(r). Þetta hefur óhjákvæmilega óheppileg áhrif á heildarmyndina.

Sagan segir af því þegar vinahópur frá Akureyri eyðir helgi á Snæfellsnesi til að kanna söguslóðir Guðríðar Þorbjarnardóttur en kemst á snoðir um að tortryggilegir útlendingar séu að brasa eitthvað sem ekki þoli dagsins ljós. Í sögulok hafa áhugaverðar persónur verið kynntar til sögunnar, grunur hefur vaknað um hvað útlendingarnir séu að bauka, en lausnin er víðsfjarri. Persónusköpunin tekst með ágætum – Þorgrími lætur vel að lýsa ólmum og órökréttum tilfinningum unglinga af einlægni og hikar ekki heldur við að leyfa persónum sínum að velta sér upp úr því smáa og kjánalega í bland við heimsmálin, eins og fólki á þessum aldri er tamt. Vinahópurinn sem frá segir í bókinni er nokkuð stór – þrír strákar og þrjár stelpur – en engu að síður er auðvelt að henda reiður á öllum.

Undantekning frá þessu er stúlkan Ania sem er aðalsöguhetjunni Jóel stöðugt ofarlega í huga, en þau gengu saman í gegnum miklar þrekraunir fáum mánuðum áður. Aniu bregður ekki fyrir nema í mýflugumynd í þessari bók og samband þeirra verður ansi holt þeim sem ekki þekkja forsöguna. Jóel er sannfærandi ungur maður – oft ósanngjarn og sjálfmiðaður, en í grunninn góður strákur sem er forvitinn og opinn fyrir því ótrúlega.

Og hið ótrúlega er sannarlega í forgrunni hér. Í síðustu bók tók það form alþjóðapólitíkur og njósna, en nú er farið í aðra átt.

Jóel og vinkona hans Gunnhildur hugleiða mikið eðli hlutanna, sambúð manns og náttúru og fleira sem bar líka á góma í verðlaunabók Þorgríms, Ertu Guð, afi? sem kom út fyrr í haust. Eins og í þeirri bók leikur kvikmyndin Avatar lykilhlutverk í þessum vangaveltum – hér eru jafnvel leiddar líkur að því að risavaxin ofurmenni eins og íbúar Pandóru hafi komið til Íslands frá



Egyptalandi fyrir mörg þúsund árum. Þetta þykir Jóel og félögum ekki ósennilegt.

Þrátt fyrir óumdeilanlega galla á bókinni er hún auðlesin og oft spennandi. Á frásögninni er hreinlyndur einlægniblær sem virkar merkilega vel í þessu samhengi og gerir Jóel bara viðkunnanlegan, leitandi strák. Það er því ekki ósennilegt að sagan hitti í mark hjá aðdáendum fyrri bókanna í seríunni. Arndís Þórarinsdóttir

Niðurstaða: Mikil frásagnargleði, spenna og fínar persónur en söguþokan vantar.

Nikon D3100

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon

At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-

D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-

Nikon SCHOOL INTRO

Nýjung á Íslandi!

Nikon skólinn
Innifalið í kaupum er
2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

I AM YOUR BEST WINTER DEAL

MEÐ **COOLPIX S3000**
TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-

S3000 Verð 26.995.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Mánudagur 20. desember

Tónleikar

20.00 **Arnhildur Valgarðsdóttir** og **Inga Backman** flytja jólalög frá ýmsum löndum og tímum í **Lágafellskirkju** í kvöld kl. 20.

20.30 Saxófónleikarinn **Sigurður Flosason** og organistinn **Gunnar Gunnarsson** halda tónleika í **Laugarneskirkju** í kvöld kl. 20.30. Miðasala við innganginn.

21.00 **Camerarctica** heldur sína árlegu kertaljósatónleika í **Hafnarfjarðarkirkju** kl. 21 í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur, 1.000 krónur fyrir eldri borgara og nema. Frítt fyrir börn.

21.00 Hljómsveitin **Silfurberg** efnir til jólatónleika í félagsheimilinu **Laugarbakka** á Hvammstanga kl. 21 í kvöld.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Sálmaspuni í Laugarneskirkju

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og organistinn Gunnar Gunnarsson halda tónleika í Laugarneskirkju í kvöld.

Á tónleikunum verða flutt jóla- og aðventulög auk sálma af nýútkomnum geisladiski þeirra félaga, Sálmum tímans.

Á Sálmum tímans er að finna þrettán útsetningar Gunnars og Sigurðar á ólíkum sálmalögum, en spuni er sem fyrr miðlægur í nálgun dúósins.

Tíu ár eru liðin síðan Sigurður og Gunnar sendu frá sér fyrsta sálmaspunadiskinn, Sálma lífsins en það var árið 2000. Í kjölfarið komu svo Sálmar jólanna árið 2001 og Draumalandið 2004. Diskarnir með sálmaspuna þeirra félaga hafa notið fádæma vinsælda og fengið frábæra dóma og eru Sálmar tímans nokkurs konar sjálfstætt framhald af Sálmum lífsins. Á báðum diskunum er tónlist spunnin um ólíka sálma, innlenda og erlenda, gamla og nýja, vinsæla og lítt þekkta.

Á aðventutónleikunum í Laugarneskirkju í kvöld eru þeir Sigurður og Gunnar að fagna hvoru tveggja; tíu ára samstarfi um sálmaspuna útkomu Sálma tímans.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og er miðasala við innganginn.

SIGURÐUR OG GUNNAR Sigurður Flosason saxófónleikari og Gunnar Gunnarsson organisti fagna útgáfu fjórða disksins sem er afurð samstarfs þeirra.

Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is
LUMEX

Við erum öll útlendingar

Bækur ★★★★

Þankaganga – Myslobieg eftir Völu Þórsdóttur og Agnieszku Nowak

Vala Þórsdóttir og Agnieszka Nowak

VALA OG AGNIESZKA NOWAK

Bókin Þankaganga – Myslobieg eftir Völu Þórsdóttur og Agnieszku Nowak markar ákveðin skil í íslenskri bókaútgáfu. Hún er sumpart skrifuð til að vekja athygli á málefnum tvítyngdra barna og prentgripurinn sjálfur er liður í þeirri baráttu – á annarri hverri opnu er texti Völu og hinni er myndverk Agnieszku. Á opnunum sem textinn er á fer önnur blaðsíðan undir íslenskan frumtextann en hin undir pólska þýðingu Agnieszku.

Bókin hefur ekki farið hátt í flóðinu. Kannski hljómar lýsing verkefnisins eins og bókin eigi helst heima í sérkennslustofum grunnskólanna. Kannski er hin lágstemmda kápa ekki nógu lokkandi fyrir neytendur sem eru vanir því að barnabækur eigi að vera litfagrar og glansandi. Kápan lítur dálítið út eins og um sjálfsútgefna ljóðabók sé að ræða – með allri virðingu fyrir þeirri grein bókmennta.

En þetta er mikil synd, því bókin er alveg rífandi skemmtileg. Sagan er vel skrifuð og fyndin. Hún segir af hinni pólsk-íslensku Súsönnu Szczebrzeszysku sem er svo ógæfusöm að geta ekki sagt S. Vandræði hennar hafa því minnst með það að gera að hún er „af erlendu bergi brotin“ heldur ættu allir að geta séð sig í því hvernig henni finnst hún utangarðs.

Frásögnin er bráðsniðug og Súsanna er skemmtilega praktísk en samt hugmyndarík stelpa, sem gengur m.a. með samheitaorðabók í töskunni svo hún geti smíðað sér s-lausar setningar eftir þörfum. Fjölskylda hennar býr í Reykjavík en hefur áður búið bæði í Póllandi og á Egilsstöðum. Fjölskyldan samanstendur af Súsönnu, foreldrum hennar og föðurömmu hennar og – afa sem eru pólsk. Í sögunni kemur í ljós að það getur haft bæði kosti og galla að manns helsti umönnunaraðili kunni ekkert að segja á íslensku nema „veðurfréttir“.

Þankaganga er ekki skáldsaga í fullri lengd þar sem einungis 25 prósent síðnanna fara undir frumtextann. Flétta er því ekki í fyrirrúmi – í raun er þráðurinn bara sá að Súsanna getur ekki sagt S og að hún þarf að fara í talkennslu. En það kemur alls ekki að sök, því vangaveltur hennar, hversdagsleiki og útúrdúrar eru vel þess virði að lesa.

Agnieszka Nowak mun vera arkitekt að mennt og óþjálfaður lesandi þykist sjá handbragð þeirrar stéttar á stílhreinum teikningum hennar sem lýsa stundum því sem gerðist í kaflanum á undan og stundum einhverju sem ekki er beinlínis sagt frá í textanum. Myndirnar eru frumlegar og fyndnar og það er notaleg tilfinning þegar bókin er lesin, að hugsa sér að þeir tveir hópar sem lesi sinn hvorn opnuhelminginn af sögunni sjálfri hlæi saman að mynda-opnunum. Hugsjónirnar hafa ekki borið listina ofurliði í þessari bók, heldur vinna þessir tveir þættir saman eins og best verður á kosið. Bæði pólsku- og íslenskumælandi geta notið þessarar skemmtilegu sögu.

Arndís Þórarinsdóttir

Niðurstaða: Markmið bókarinnar nást fyllilega í flottu samspili mynda og texta.

SVAR VIÐ BRÉFI HELGU EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON HLÝTUR **BÓKMENNTAVERÐLAUN** STARFSFÓLKS BÓKAVERSLANA

TIL HAMINGJU!

„Svo skemmtileg saga að maður skríkir.“
– Egill Helgason, Kiljunni

★★★★★
„... sjaldgæf perla þar sem nútíð og fortíð, borg og sveit mætast og renna saman í óviðjafnanlegum texta.“
– Jón Yngvi, Fréttablaðið

★★★★★
„Þetta er í fáum orðum sagt alveg dásamleg bók.“
– Ingi F. Vilhjálmsson, DV

1. prentun - uppseld. 2. prentun - uppseld. 3. prentun - uppseld. 4. prentun - uppseld. **5. prentun væntanleg á morgun!**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning 2010

BJARTUR

3. sæti
metsölulista
Eymundsson
08.12-14.12

★★★★★
„... sagan er klassísk í hugsun sinni, lesanda til ómældrar ánægju og höfundi til sóma.“
– Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið

Bergsveinn Birgisson

Svar við bréfi Helgu

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2010 bókaverslana

„Virkilega hrífandi.“
– Þorgerður E. Sigurðardóttir, Kiljunni

DYNAMO REYKJAVÍK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

4 DAGAR TIL JÓLA OPIÐ 10:00-20:00

FJALLA ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
1598 KR/KG.

FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1998 KR/KG.

K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
1598 KR/KG.

FJALLA- HANGIKJÖTIÐ
ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ !*

ÚRBEINAÐURFRAMPARTUR
1798 KR/KG.

ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2518 KR/KG.

HANGIFRAMPARTUR M/BEINI
998 KR/KG.

KOFAREYKT HANGIKJÖT
NORÐLENSKT FRÁ **KJARNAFÆÐI**

VINSÆLASTA JÓLAKJÖTIÐ *ENGINN AFSLÁTTUR* BARA LÁGT VERÐ

Þýsk kalkúnabringa
1998 kr.kg.

AÐ MATREIÐA KALKÚNABRINGU;
sjá bonus.is / UPPSKRIFTIR

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
180g 10% & 18%
aðeins **139 kr.** dósin.

Fyrir sykraðar kartöflur
Hrein snilld 550g
298 kr.

EUROSHOPPER
ÞEYTIRJÓMI
250ml

HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1298 KR.KG.

HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
1598 KR.KG.

BÚRFELLS
HAMBORGARHRYGGUR
898 KR/KG.

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign á **Bónus-*Gjafakortið*** að eigin vali. Gjafakortið er áfyllingarkort og er aðeins til sölu og afgreiðslu á skrifstofu Bónus.

Skrifstofa Bónus Skútuvogi 13
er opin frá kl. 9-17 alla virka daga.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

4 DAGAR TIL JÓLA OPIÐ 10:00-20:00

KÆST OG SÖLTUÐ **SKATA**

KÆST OG SÖLTUÐ **TINDASKATA**

SKATA OG TINDASKATA KÆST OG SÖLTUÐ

FROSNIR KS **SALTFISKBITAR** ÚTVATNAÐIR

FROSNIR NF **SALTFISKBITAR** ÚTVATNAÐIR

ÚTVATNAÐUR FRYSTUR SALTFISKUR

NORÐANFISKUR ***Íslenskur lax***
REYKTUR LAX **1998** KR.KG

FERSK ÝSUFLÖK *ROÐ OG BEINLAUS*

NORÐANFISKUR ***Íslenskur lax***
GRAFINN LAX **1998** KR.KG

BÓNUS RÚGBRAUÐ 500g

FORSOÐNAR KARTÖLFUR 900g

HAMSATÓLG FRÁ STÓRUVÖLLUM

STEIKTAR FISKBOLLUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

7 SEKÚNDUR liðu þangað til fyrirsæta í föruneyti rapparans Diddy fattaði að það væri kviknaði í hári hennar í mögnuðu myndbandi sem gengur manna á milli á netinu. Diddy lýsti nýlega yfir að það væri allt í lagi með fyrirsætuna, enda var hún í baði þegar slysið gerðist.

Talar enn við Jolie

BILLY BOB THORNTON

Leikarinn Billy Bob Thornton var giftur leikkonunni Angelinu Jolie frá 1999 til 2003 og vakti hjónaband þeirra mikla athygli, þá sérstaklega vegna þess að hjónin gengu með blóð úr hvort öðru í nisti um hálsinn. Að sögn Thorntons talast hann og Jolie enn við og eru góðir vinir.

„Við tölum saman einstaka sinnum og hún virðist vera hamingjusöm í lífi og starfi. Hún er mjög gáfuð og skapandi og þess vegna er ég mjög stoltur af henni að vera loks að leikstýra eigin kvikmynd," sagði leikarinn um fyrrum eiginkonu sína.

Portman öfundsjúk

Kvikmyndin The Black Swan hefur vakið mikla athygli og líklegt þykir að myndin muni hreppa einhver Óskarsverðlaun. Leikkonurnar Natalie Portman og Mila Kunis sýna báðar frábæran leik.Portman er ekki par ánægð með alla þá athygli sem Kunis hefur fengið.

„Þetta átti að vera Óskarshlutverk Natalie og hún er ekki sátt með að Mila hafi stolið senunni. Natalie er ánægð með frammistöðu sína í kvikmyndinni en hún bjóst alls ekki við því að gagnrýnendur mundu lofa Milu eins mikið og þeir hafa gert."

HART BARIST Natalie Portman er ekki sátt.

KANINN SKILDI EKKI MYNDINA GOOD HEART

Danskir blaðamenn hafa ausið lofi yfir nýjustu mynd Dags Kára, The Good Heart. Berlingske Tidende segir hana eina af myndum ársins. Bandarískir kollegar þeirra voru á öndverðum meiði.

DAGUR KÁRI PÉTURSSON Dagur Kári er að vonum ánægður með viðtökurnar í Danaveldi við myndinni The Good Heart. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þrátt fyrir allt held ég að það sé einhver skandinavískur eða norður-evrópskur tónn í myndinni og ég held að þeir [Bandaríkjamenn] hafi tekið hlutum bókstaflega sem átti ekki að taka bókstaflega," segir leikstjórinn Dagur Kári Pétursson, spurður út í hin misjöfnu viðbrögð við The Good Heart.

Myndin hefur fengið frábæra dóma í Danmörku að undanförnu en hún var frumsýnd þarlendis á þriðjudaginn. Áður hafði myndin hlotið slæma dóma í Bandaríkjunum, þrátt fyrir að sögusviðið sé New York og bandarískar stjörnur séu í aðalhlutverki. Dagur telur að Bandaríkjamenn hafi misskilið myndina og þess vegna hafi hún ekki fallið í kramið þar. „Hún hitti ekki alveg á þeirra bylgjulengd, virðist vera."

Danir ausa aftur á móti lofi yfir hugarsmíð Dags Kára, sem er sérstaklega ánægjulegt fyrir leikstjórann því þar stundaði hann sitt kvikmyndanám og hefur verið með annan fótinn þar undanfarin ár. Dagblaðið Berlingske Tidende gefur myndinni fullt hús stiga og segir hana eina af þeim bestu á árinu og Politiken gefur henni fimm stjörnur. Kvikmyndamiðillinn Filmland á DR gefur myndinni sömuleiðis fimm í einkunn, af sex mögulegum. „Ég er rosalega ánægður. Þetta er eiginlega einróma lof yfir alla línuna. Þetta er breiður skali af blaðamönnum þannig að þetta er virkilega ánægjulegt," segir Dagur Kári og viðurkennir að þessi góðu viðbrögð hafi komið sér á óvart. „Í öðrum löndum hafa blaðamenn stundum skipst í tvær fylkingar, annaðhvort gefið mjög góða dóma eða mjög slæma. Þarna er almenn ánægja."

Þjóðverjar hafa einnig hrifist af myndinni og svo virðist því sem lokasprettur The Good Heart á þessu ári ætli að verða sérlega kröftugur.

freyr@frettabladid.is

Bridges var undrandi á gerð True Grit

Leikarinn Jeff Bridges, sem leikur í nýjustu mynd Coen-bræðra, vestranum True Grit, var fyrst um sinn ekki viss hvort gerð hennar væri nauðsynleg. Um er að ræða nýja útgáfu af samnefndri mynd frá árinu 1969 með John Wayne í aðalhlutverki.

Bridges leikur lögreglumann sem aðstoðar fjórtán ára stúlku við að finna morðingja föður síns. „Ég skildi ekki af hverju þeir vildu endurgera myndina en þeir sögðu: „Við viljum ekki endurgera hana. Við ætlum að gera mynd eftir bókinni og ætlum ekki að vísa í kvikmyndina"," sagði Bridges og átti þar við Coen-bræður. Hann var ánægður með þetta svar og ákvað að slá til: „Þetta þýddi það að ég þurfti ekki að reyna að herma eftir John Wayne. Ég gat nálgast hlutverkið nákvæmlega eins og mig langaði til."

True Grit verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín 10. febrúar og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu. Ekki síst vegna þess að Bridges lék fyrir tólf árum í einni vinsælustu mynd Coen-bræðra, The Big Lebowski. Þar fór hann með hlutverk hins húðlata keiluspilara, The Dude.

COEN-BRÆÐUR Leikstýra vestranum True Grit sem verður frumsýndur á næsta ári. Jeff Bridges var í fyrstu undrandi á endurgerðinni

Sérhæfðar gjafir

Beckham-hjónin hafa opinberað óskalista sína fyrir jólin en það eru afar sérhæfðar gjafir sem þau vilja fá frá hvort öðru. Victoria Beckham hefur beðið eiginmann sinn, David Beckham, um IPhone hulstur alsett demöntum á meðan knattspyrnustjarnan hefur beðið spúsu sína um gullhúðuð heyrnartól.

Það er greinilegt að Beckham-hjónin eiga allt og verða því að taka gjafalistann upp á annað og sérhæfðara stig.

GJAFMILD Victoria og David Beckham vilja gullhúðuð heyrnartól og demanta símahulstur frá hvort öðru í jólagjöf. NORDICPHOTOS/GETTY

markhonnun.is

netto

HÁTÍÐAR-HUMAR

í súpuna ❀ í forréttinn ❀ sem aðalréttur

29% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR

500g skelflettur verð nú **1.499 kr/pk.** áður 1.998
1 kg skelbrot verð nú **1.499 kr/pk.** áður 1.998
2 kg skelbrot verð nú **3.975 kr/pk.** áður 5.598

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **16. – 19.** DESEMBER

EMAMI

www.emami.is

EMAMI HEFUR OPNAÐ Í KRINGLUNNI

Í tilefni að því fylgir **frír bolur eða leggings** með öllum kjólum til jóla, í báðum verslunum okkar. Íslensk hönnun á góðu verði.

Verslanir EMAMI Kringlunni s: 5717070 Laugavegi 66 s: 5111880

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI ÍÞRÓTTIR

Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

FÖGUR FLJÓÐ Á RAUÐA DREGLINUM

Það var mikið um dýrðir í Berlín á þriðjudaginn en þá var frumsýnd kvikmyndin The Tourist sem skartar stórstjörnunum Johnny Depp og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum.

Það var aðeins afslappaðri andi yfir klæðnaði frumsýningargesta en gengur og gerist í Hollywood enda Berlínarbúar þekktir fyrir að vera töffarar.

Angelina Jolie mætti með Brad Pitt upp á arminn en bæði voru þau svartklædd frá toppi til táar og vakti kjóll Jolie mikla athygli en á hann voru festir svartir hanskar. Ekki er víst að kjóllinn eigi eftir að falla í kramið hjá tískugagnrýnendum.

Johnny Depp mætti án kærustunnar Vanessu Paradis en skemmst er frá því að segja að hún hafði miklar áhyggjur af því að hann væri að leika á móti Jolie og krafðist þess að fá að vera viðstödd á settinu í öllum ástarsenunum til að koma í veg fyrir að einhverjir blossar myndu kvikna milli aðalleikaranna.

Þrátt fyrir að hafa ekki toppað listana á frumsýningarhelginni geta aðstandendur The Tourist vel við unað enda er myndin tilnefnd til þriggja Golden Globe-verðlauna.

VÖN Brad Pitt og Angelina Jolie eru orðin vön að pósa fyrir framan myndavélina en takið eftir hinum svarta velúrkjól Jolie. NORDICPHOTOS/GETTY

ALLTAF TÖFF Johnny Depp var gráklæddur og með hatt á höfði. NORDICPHOTOS/GETTY

MOKKAKÁPA Leikkonan Mariella von Faber-Castell var klædd eftir veðri í Berlín enda desemberkuldi þar eins og hér. NORDICPHOTOS/GETTY

Flugfreyju- og flugþjónanám

10 vikna kvöldnámskeið hefst í janúar 2011

Skráning er hafin á www.flugskoli.is

Flugskóli Íslands Tækniskólinn

www.flugskoli.is

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

Ráðagóður Colin

Leikarinn Colin Farrell var gestur í breska spjallþættinum Chatty Man þar sem hann kynnti nýja kvikmynd sína, The Way Back.

Í þættinum sagði Farrell meðal annars frá dvöl sinni á meðferðarstofnun sem hann segir ekki hafa verið svo slæma. „Þar var gott fólk, engar myndavélar og svo eyddi maður miklum tíma á sófa. Mér fannst þetta yndislegt, það er ekki oft sem þú dvelur á stað þar sem hópur fólks er samankominn til að bæta líf sitt. Þegar maður loks kemur út er heimurinn hræðilegur, öll lætin og áreitið. Þetta er allt mjög athyglisverð upplifun," sagði leikarinn.

Þegar Farrell var inntur eftir því hvort hann lumaði á góðum ráðum handa ungum mótleikara sínum í kvikmyndinni, Jim Sturgess, sagðist hann ekki vera rétti maðurinn til að ráðleggja öðrum. „Jú, ég er með eitt gott ráð. Ef þú ákveður einhvern daginn að gera kynlífsmyndband vertu viss um að taka myndbandið með þér um leið og þú ferð," sagði hann, en kynlífsmyndband með leikaranum lak á netið árið 2006.

RÁÐAGÓÐUR Colin Farrell segir dvöl sína á meðferðarstofnun hafa verið yndislega. NORDICPHOTOS/GETTY

Tónlist ★★★★

Nú stendur mikið til

Sigurður Guðmundsson og Memfismafían

Þægileg jólastemning

Sigurður Guðmundsson gaf út sérlega góða plötu fyrir tveimur árum, Oft spurði ég mömmu, þar sem hann spreytti sig á gömlum slögurum og klæddi þá í sinn eigin, sérsaumaða og þægilega búning. Núna er röðin komin að jólalögum, sem eru útgáfur hans á erlendum lögum og einnig frumsamin lög eftir hann og Braga Valdimar Skúlason, sem er einnig textahöfundur plötunnar. Eins og búast má við eru textarnir vel heppnaðir og lögin eru það líka og koma manni auðveldlega í jólaskap, þrátt fyrir að vera mörg hver ekkert svo jólaleg í eðli sínu. Það er einmitt það mest töfrandi við plötuna því hún hefur að geyma óhefðbundin jólalög, að mestu laus við þessar týpísku bjöllur, kóra og kirkjuklukkur, og eitthvað segir mér að þessi gripur eigi eftir að lifa lengi. Vinalegur og þægilegur söngur Sigurðar skiptir þar sköpum og lögin eru afslöppuð og laus við öll læti og tilgerð.

Lögin Nú mega jólin koma fyrir mér og Það snjóar fá hæstu einkunn og hin standa einnig rækilega fyrir sínu. **Freyr Bjarnason**

Niðurstaða: Virkilega vel heppnuð jólaplata frá Sigurði Guðmundssyni.

Hjá okkur finnast gjafirnar

Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

Saeco Nina Plus
- 1050w ESPRESSO KAFFIVÉL
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **29.990**

Saeco XsmallPlus
- Sjálfvirk 1500w KAFFIVÉL
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **64.990**

Saeco Black Giro Plus
- Sjálfvirk 1400w KAFFIVÉL
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **99.990**

Saeco SyntiaBlack
- Sjálfvirk 1400w KAFFIVÉL
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Panarello flóunarstútur
- Kvörn úr keramík
- Tekur malað kaffi
- SBS kerfi
- Stál bollahaldari
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar

VERÐ **129.990**

Saeco Exprelia
- Sjálfvirk 1500w KAFFIVÉL - stál
- Digital skjár
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Tekur einnig malað kaffi
- Cappucino / Latte beint í bolla
- Panarello flóunarstútur
- Stál bollahaldari
- Baunahólf: 3000g
- Vatnstankur: 1,6 lítrar
- Korgskúffa: 11 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Sjálfhreinsikerfi

VERÐ **224.990**

WilliamBounds

Hágæða pipar- og saltkvarnir

Kaffikanna - síður vatnið

Mjólkurflóari

Kaffikvörn

Blandari

Eggjasuðutæki

Brauðrist

Eldhúsvog

Samloku/vöfflujárn

Hrísgrjónapottur

Brauðvél

Straujárn

Rafmagnshnífur

Dósaopnari

Raklette grill

SEVERIN

Frábær kaup í smátækjum

KitchenAid *Aðeins það besta í eldhúsið*

Margir litir fáanlegir!

JÓLATILBOÐ

Öllum KitchenAid hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Margir dáið á Twitter

Fréttastofa CNN er brjáluð yfir fölskum fréttaflutningi á Twitter og líklegast er að hún hafi verið fórnarlamb tölvuhakkara. Fyrir nokkru sendi CNN út skilaboð á samfélagsvefnum Twitter þar sem tilkynnt var að leikarinn Morgan Freeman væri dáinn. Skilaboðin voru hrein lygi enda las Freeman sjálfur skilaboðin, við hestaheilsu, en skilaboðin vöktu engu að síður mikla athygli og fréttin var ekki lengi að berast manna á milli á vefnum. CNN þykist ekki geta sýnt fram á hver sendi út skilaboðin og segist hafa sett mikla rannsókn í gang enda hefur falski fréttaflutningurinn rýrt trúverðugleika fréttastofunnar til muna.

Morgan Freeman er ekki sá eini af Hollywoodliðinu sem hefur verið dauður á Twitter en ungstirnin Miley Cyrus og Justin Bieber hafa einnig andast á samskiptasíðunni.

SPRELLIFANDI Leikaranum Morgan Freeman var ekki skemmt þegar hann las sína eigin dánarfrétt á twitter-síðu CNN en fréttastofan er bjáluð yfir uppátækinu, sem mun vera verk tölvuhakkara. NORDICPHOTOS/GETTY

UNGSTIRNIN EINNIG DAUÐ Á TWITTER Auðvelt er að falsa fréttaflutning enda fréttirnar fljótar að berast gegnum netið. Fréttir af andláti Justin Bieber og Miley Cyrus hafa einnig borist í gegnum Twitter en þær eru að sjálfsögðu alrangar. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjörnustríðslist í Reykjavík

27 listamenn opnuðu á föstudaginn listasýningu í Gallerí Crymo. Listaverkin eru nokkuð sérstök þar sem þau eru öll innblásin af Stjörnustríðsmyndinni The Empire Strikes Back en í ár eru þrjátíu ár liðin frá frumsýningu hennar. Meðal þess sem má sjá er auðvitað Svarthöfði og svo blómaskreytt drápsvél en listamaðurinn Davíð Örn Halldórsson lét flytja hana sérstaklega til landsins. Sýningin stendur til 13. janúar.

Tónistarmennirnir Örvar Þóreyjarson Smárason úr Múm og Árni Rúnar Hlöðversson frá FM Belfast mættu galvaskir enda var samstarfskona Árna Rúnars úr hljómsveitinni, Lóa Hlín, að sýna.

Ingvar Högni Ragnarsson og Þórunn Hafstað mættu til að skoða verk Þrándar Þórarinssonar, sem stendur á milli þeirra, í Gallerí Crymo.

Það fór vel á með þeim Hugleiki Dagssyni og Svarthöfða. Hugleikur er sá til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nicholas Kunysz og Una Björk Sigurðardóttir rýndu í Stjörnustríðslistina.

Leikkonan Birgitta Birgisdóttir og Hera Harðardóttir voru meðal gesta

MAGNAÐ MYNDBAND Þessi saklausi stóll er undir áhrifum frá tónlistarmyndbandi Bjarkar, sem MTV2 valdi það besta sem gert hefur verið.

Vélmenni Bjarkar innblástur stóls

„Ég vildi að stóllinn hefði sterkan karakter en ekki of sterkan þar sem ég vil að hann virki í fjölbreyttu rými,“ segir ítalski hönnuðurinn Luca Nichetto.

Nichetto hefur hannað stólinn Robo-Craft sem hann segir vera undir áhrifum frá myndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur við lagið All Is Full of Love. Myndbandið kom út árið 1999 og var leikstýrt af Chris Cunningham.

Eins og Björk er Nichetto umhverfissinni. Stóllinn er settur saman úr endurunnum efnum og málaður með vatnsmálningu. Þá er hann límdur saman úr náttúruvænu límu. Hann segist líka hafa tekið mið af því að framleiðandi stólsins framleiðir oft fyrir opin rými. „Ég vildi hanna stól sem myndi líta jafn vel út í nýtískulegu húsnæði og til dæmis á flugvelli,“ segir Nichetto í samtali við hönnunartímaritið Metropolis.

Myndband Bjarkar vakti gríðarlega athygli á sínum tíma og vann meðal annars til verðlauna á MTV-hátíðinni. Þá var það tilnefnt til Grammy-verðlauna, en tapaði fyrir myndbandi hljómsveitarinnar Korns við lagið Freak on a Leash.

Þá er það til sýnis á MOMA-listasafninu í New York og var í fyrsta sæti á lista MTV2 yfir 100 bestu tónlistarmyndbönd allra tíma.

- afb

NÝ JÓLASENDING af leikföngum

5.899
Pet Shop hjólapakkinn
dúkka, dýr ofl. fylgir

3.289
Dúkka og Pet Shop dýr
aukahlutir fylgja, 4 tegundir

3.999
Batman kall og breytanlegt farartæki

Batmobile fyrir Batman kalla
aukahlutir fylgja

5.799

2.399
Batman kallar
aukahlutir fylgja sem smella á kalla og farartæki

3.999
Barbie glamúr bíll

2.999
Ken Barbie dúkkur

3.299
Talandi Toy Story vasaljós

3.999
Transformer 5 pack combiner
5 farartæki sem mynda eitt stórt vélmenni

5.999
Stór talandi Spiderman
varpar vefpílum, aukahlutir fylgja

1.899
Nýjustu Ben10 kallarnir

4.399
Ben10 flaug
Ben10 kall fylgir, 3 tegundir

2.799
Breytanleg Bakugan bardagatæki með ljósum
tækin smella á Bakugan kúlur (seldar sér)

2.399
Disney prinsessur og hestar

2.299
Stóri Play-Doh leirkassinn
með leirföndurdóti

5.489
Stórir talandi Star Wars kallar
með ljósum

6.699
Nerf Recon CS-6
stór breytanleg píluvarpa

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Allt úrvalið fæst í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni, Spönginni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR SHREK OG KUNG FU PANDA

★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE ★★★★ - DAILY MIRROR ★★★★ - HOLLYWOOD REPORTER

MEGAMIND 3D

Will Ferrell, Tina Fey, Jonah Hill og Brad Pitt eru ótrúlega fyndin í þessari frábæru fjölskyldumynd.

sýnd með íslensku og ensku tali

NARNIA

★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE
THE LAST EXORCISM

★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE
★★★★ - ORLANDO SENTINEL
★★★★ - TIME OUT NEW YORK
Harry Potter

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L
MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali	kl. 8 - 10:10	L
THE LAST EXORCISM	kl. 6 - 8 - 10:10	16
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
HARRY POTTER	kl. 5:30 - 8:30 - 10:10	10
HARRY POTTER	kl. 5:30 - 8:30	
DUE DATE	kl. 8	10
KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali	kl. 5:50	7

SAMBÍÓIN AKUREYRI

MEGAMIND-3D ísl tal	kl. 6	L
MEGAMIND-3D enskt tal	kl. 8 - 10	L
HARRY POTTER	kl. 6	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 9	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

MEGAMIND-3D ísl. tal	kl. 5.30	L
MEGAMIND-3D enskt tal textalaust	kl. 8 og 10.30	L
HARRY POTTER	kl. 5. 8 og 10	10
NARNIA-3D	kl. 5.30 og 8	L
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 8 og 10.30	L
DUE DATE	kl. 5.40	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L
MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
THE LAST EXORCISM	kl. 10:10	16
THE JONESES	kl. 8	12
HARRY POTTER	kl. 5 - 8	10
RED	kl. 10:40	12

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI! 5%

MEGAMIND
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D

NARNIA
Í 3-D LÚXUS

FASTER
PARANORMAL ACTIVITY 2
16 ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS

"MYND SEM HITTIR Í MARK!" -H.H, MBL
Niko
L ÍSL. TAL ★★★★ -S.S., MBL

jackass 3D
12

SMÁRABÍÓ Gleraugu seld sér Nánar á Miði.is

MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	kl. 3.30 - 5.50	L
MEGAMIND 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
NARNIA 3 3D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7
NARNIA 3 3D LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
FASTER	kl. 8 - 10.10	16
PARANORMAL ACTIVITY 2	kl. 10.10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 3.50	L
JACKASS 3D ÓTEXTAÐ	KL. 5.50 - 8	12
ARTHÚR 3	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	kl. 6 - 9	7
FASTER	kl. 8 - 10.10	16
AGORA	KL. 6 - 9	14
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 6	L
UNSTOPPABLE	KL. 10.10	L
EASY A	KL. 6	L
YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER	KL. 8	L

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	kl. 5.45 - 8 - 10.15	7
UNSTOPPABLE	kl. 8	12
PARANORMAL ACTIVITY 2	kl. 10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 5.45	L

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

MEGAMIND
NARNIA
RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS
PARANORMAL ACTIVITY 2
jackass 3D

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

MEGAMIND 3D - ISL TAL	6	L
MEGAMIND 3D - ENS TAL	8 og 10 - ÓTEXTUÐ	L
NARNIA 3D	5.30	7
PARANORMAL ACTIVITY 2	8	16
THE NEXT THREE DAYS	5.40, 8 og 10.30	12
JACKASS 3D	10 - ÓTEXTUÐ	12

Eltihrellir gerir Lohan lífið leitt

Lindsay Lohan hefur glímt við ýmiss konar vandamál á árinu, flest tengd ofneyslu á eiturlyfjum og afleiðingum sem henni tengjast. Hún glímir nú við nýtt vandamál, sem hún getur ekki leyst með breyttu hugarfari og 90 daga meðferð; það er nefnilega eltihrellir sem gerir henni lífið leitt.

Samkvæmt fréttavefnum TMZ hefur ónefndur maður áreitt Lohan í gegnum síma, bæði með símtölum og smáskilaboðum. Hann á að hafa talað niður til Lohan, fjölskyldu hennar og baráttuna við eiturlyfjadjöfulinn. Lindsay Lohan er þessa dagana stödd á Betty Ford-meðferðarstofnuninni og hefur fengið stjórnendur stofnunarinnar til að leggja sér lið í baráttunni við eltihrellinn. Öryggisgæsla í kringum Lohan hefur verið hert og hún hefur verið færð í einkarými.

ÁREITT Lindsay Lohan á ekki sjö dagana sæla í meðferðinni.

Elizabeth Hurley fær að kenna á eigin bragði

Varla er liðin vika síðan fjölmiðlar greindu frá því að breska ofurfyrirsætan og leikkonan Elizabeth Hurley og indverski athafnamaðurinn Arun Nayar væru skilin. Einkalíf Liz er aftur komið á forsíður bresku blaðanna.

VEÐJAÐ Á RANGAN HEST Liz Hurley virðist hafa veðjað á rangan hest því nýr ástmaður hennar, Shane Warne, getur víst ekki látið aðrar konur í friði og skiptir þá engu máli hvort þær séu giftar eður ei. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrirsætan Liz Hurley skildi við indverska athafnamanninn fyrir þremur mánuðum samkvæmt breskum blöðum en Indverjinn kom þó af fjöllum þegar hann sá myndir af eiginkonu sinni í innilegum atlotum á forsíðum bresku blaðanna. Sá sem Liz hafði fallið fyrir og verið að hitta heitir Shane Warne og er áströlsk krikket-hetja. Fjölmiðlar greindu síðan frá því að Hugh Grant, gamall elskhugi Liz, hefði heimsótt hana á heimili leikkonunnar og huggað hana í hálftíma og héldu þá allir að allt væri fallið í ljúfa löð, Liz myndi halla sér upp að Shane og þau myndu lifa hamingjusöm til æviloka.

Shane þessi er hins vegar ekki allur sem hann er séður. Því hann er einn alræmdasti kvennabósi Ástralíu fyrr og síðar og fengi raunar marga þekkta kvennabósa til að roðna ef afrek hans í kvennamálunum yrðu tíunduð. Talið er að Shane hafi sængað hjá yfir þúsund konum og hann hélt ítrekað framhjá eiginkonu sinni til fjölda ára, Simone Callahan.

Breska blaðið The Mirror bætti síðan gráu ofan á svart í gær þegar það birti viðtal við Denis nokkurn Angeleri, mikilsvirtan lögfræðing í Melbourne. Því á meðan Shane hvíslaði ljúfum ástarorðum í eyru Liz Hurley reyndi hann að fá eiginkonu þessa Denis, hina lögulegu Adele, til lags við sig með ákaflega klúrum og klámfengnum sms-skilaboðum. Denis segir farir sínar ekki sléttar í viðtali við The Mirror. Konan hans sé ekki látin í friði af hinum ágenga Shane og hann hafi því neyðst til að grípa í taumana eftir að hafa rekist á skilaboðin fyrir algera tilviljun. Hann hafi rætt við Shane Warne, auglitis til auglitis, og niðurstaða fundarins hafi átt að vera ósköp einföld: „Þú lætur konu mína í friði.“

Víst er að frásögn Mirror af hegðun Shane, sem sendi Adele yfir hundrað smáskilaboð eftir að hafa séð hana úti á götu, mun ekki fara vel ofan í Liz og að mati The Mirror verður þess ekki langt að bíða að Liz sparki honum. Ónafngreindur vinur hennar lætur þó hafa eftir sér í viðtali við The Mirror að Hurley hafi vonast eftir því að hún gæti hugsanleg tamið Shane, nú skilji hún hins vegar að slíkt sé ógerningur. Fyrirsætan gæti hugsanlega leitað aftur til Arun Nayar sem er, samkvæmt indverskum fjölmiðlum, í sárum og skilji lítið af hverju Liz hafi losað sig við hann. Elizabeth Hurley er eflaust bara sama sinnis.

freyrgigja@frettabladid.is

Vinna saman

Stjörnuparið Scarlett Johanson og Ryan Reynolds ætla ekki að hætta við gerð heimildarmyndar um hvali þrátt fyrir að hjónabandi þeirra sé lokið. Þau byrjuðu að framleiða heimildarmynd um hvali á þessu ári og er leikstjóri myndarinnar ánægður yfir því að þau ætli ekki að láta skilnaðinn setja strik í reikninginn. Mikil vinna hefur verið lögð í heimildarmyndina hingað til en í henni fá áhorfendur að fylgjast með litlum hvalkálfi sem verður viðskila við móður sína.

Reynolds er sögumaður í myndinnu sem er frumsýnd á næsta ári.

VINNUFÉLAGAR Scarlett Johanson og Ryan Reynolds ætla ekki að láta skilnaðinn koma í veg fyrir að þau framleiði mynd saman. NORDICPHOTOS/GETTY

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

RARE EXPORTS(12)	18:00, 20:00, 22:00
THE KILLER INSIDE ME(16)	18:10, 20:15, 22:20
MY LEFT FOOT(L)	18:00
THE FISHER KING(16)	22:30
AS GOOD AS IT GETS(L)	20:00
THE SOCIAL NETWORK(L)	22:30
GNARR(L)	20:30
ÓRÓI(L)	18:20

THE KILLER INSIDE ME
EKKI KYSSA ÞENNAN JÓLASVEIN!
RARE EXPORTS
NYKLASSÍK: 10.-22. DES.
Tootsie
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR

Jólagjafir fyrir skíðafólk!
FRÁBÆRT VERÐ!

24.990

Fyrir hana

MCKINLEY JACKIE W SKI JACKET
Skíðaúlpa úr EXODUS útivistarefni með límdum saumum, 10.000 mm vatnsheldni og góðum öndunareiginleikum. Snjóhlíf um mittið sem taka má af. Dömustærðir.

20% AFSLÁTTUR
þegar keypt eru skíði, skíðaskór og bindingar.

VERÐDÆMI:
Safine candy skíði og bindingar og Divine skíðaskór.
63.980
fullt verð 79.980

44.990

49.990

34.990

SALOMON DIVINE 4
Skíðaskór. Dömustærðir.

2.990

INTERSPORT ALPINE FODRAL
Skíðapoki. Litir: Bleikur, svartur, grænn.

4.490

TECHNO PRO SAFINE
Skíðastafir.

TECHNO PRO SAFINE CANDY
Dömuskíði og bindingar.

TECHNO PRO SAFINE INFINITY
Dömuskíði og bindingar.

6.990

MCKINLEY BASIC LAYER ONE
Nærfatasett, síðermabolur og síðar nærbuxur. Dömustærðir.

2.690

FIREFLY FREE MITTEN
Lúffur með mjúku og hlýju THINSULATE-fóðri. Litir: Bleikir, svartir, fjólubláir. Dömustærðir.

15.990

CÉBÉ SPYNER FLEX
Skíðahjálmur. Litir: Svartur, hvítur, blár, svartur með bleiku.

1.690

MCKINLEY KNIT WINDBLOCKER
Húfa með eyrnabandi úr flís.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - sun. 10 - 18 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - lau. 10 - 22. sun. 12 - 22 **LINDUM SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - lau. 11 - 22. sun. 12 - 22
SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - sun. 10 - 18. **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - lau. 11 - 22. sun. 13 - 22

Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum. Allar vörur fáanlegar í LINDUM og á BÍLDSHÖFÐA!

OPIÐ TIL 22:00
alla daga til jóla
Á BÍLDSHÖFÐA Í LINDUM OG SMÁRALIND

EXPO - www.expo.is

20 DAGAR SWEDEN 2011

HEIMSMEISTARAR FRAKKA hafa spilað um verðlaunasæti á síðustu fimm heimsmeistarakeppnum. Þeir urðu í 4. sæti 2007, í 3. sæti bæði 2003 og 2005 og urðu svo heimsmeistarar á heimavelli árið 2001. Frakkar spiluðu ekki um verðlaun á HM 1999 en þeir urðu þá í 5. sæti.

ALEXANDER Mikilvægur íslenska landsliðinu í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Alexander Petersson:

Meiddur í baki

HANDBOLTI Alexander Petersson gat ekki spilað með Füchse Berlin þegar liðið vann öruggan sigur á Wetzlar, 28-19, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær.

„Við ákváðum að taka hann ekki með þar sem hann er enn að drepast í bakinu," sagði Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, við Fréttablaðið. „Það gæti verið að hann þurfi einhverja daga eða vikur í hvíld en það er ekki að sjá á myndum að meiðslin séu alvarleg," bætti hann við. Dagur óttast ekki fyrir hönd íslenska landsliðsins að Alexander missi af HM sem fer fram í Svíþjóð í næsta mánuði.

„Það er enn langt í mótið og við erum að vonast til þess að hann geti spilað með okkur á þriðjudaginn. Við þurfum að sjá til hvernig hann verður á æfingu á morgun [í dag]." - esá

Umspil um sæti á HM:

Ísland mætir Úkraínu

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir Úkraínu í umspili um laust sæti á HM í handbolta sem fer fram í Brasilíu á næsta ári en dregið var í gær.

Ísland var í neðri styrkleikaflokki í drættinum en liðin sem urðu í 4.-12. sæti á EM í handbolta voru í þeim efri – að undanskildu Rússlandi sem er ríkjandi heimsmeistari og þegar búið að tryggja sér þátttökurétt á HM í Brasilíu.

Úkraína varð í tólfta sæti á EM en Ísland, sem var að keppa á sínu fyrsta stórmóti í handbolta, í fimmtánda sæti. Úkraína er þó með ríka hefð í kvennahandbolta og hefur tekið þátt í nánast öllum stórmótum síðustu sextán árin.

Fyrri leikurinn fer fram hér á landi annaðhvort 4. eða 5. júní næstkomandi og liðin mætast svo aftur í Úkraínu viku síðar. - esá

Framar mínum væntingum

Hrafnhildur Lúthersdóttir náði glæsilgum árangri á HM í sundi í 25 m laug sem lauk í Dubai í gær. Hún setti fjögur Íslandsmet á mótinu og var aldrei neðar en í sextánda sæti í bringusundsgreinunum. „Kom skemmtilega á óvart," sagði hún.

SUND HM í sundi í 25 m laug lauk í Dubai í gær en þrír íslenskir sundmenn tóku þátt í mótinu. Hrafnhildur Lúthersdóttir, SH, náði glæsilegum árangri í sínum greinum og setti til að mynda fjögur Íslandsmet á mótinu.

Í gær keppti hún í 200 m bringusundi og varð í tólfta sæti á 2:24,15 mínútum og bætti þar með tveggja ára gamalt Íslandsmet Erlu Daggar Haraldsdóttur um meira en tvær og hálfa sekúndu. Ekki var keppt í undanúrslitum í greininni og því aðeins átta bestu sem fóru beint í úrslitin.

Hrafnhildur komst þó í undanúrslit í 50 og 100 m bringusundi og bætti Íslandsmetið í báðum greinum – tvívegis í fyrrnefndu greininni. Hún keppti einnig í 100 m fjórsundi og náði góðum árangri þar.

„Mér líður mjög vel og er afar ánægð með árangurinn," sagði Hrafnhildur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég er sérstaklega sátt við að það gekk allt upp sem ég ætlaði mér. Ég náði að toppa á mótinu og árangurinn var í raun framar mínum væntingum. Ég átti til að mynda ekki endilega von á því að komast í undanúrslit. Það kom skemmtilega á óvart."

Hrafnhildur segir að hún hafi æft mjög vel að undanförnu og að það hafi skilað sér á þessu móti. „Ég bjóst við að ég myndi bæta mig og ég er stolt af því."

Hrafnhildur nær yfirleitt sínu besta fram á síðari sprettinum sem gefur til kynna að lengri vegalengdir henti henni betur en þær styttri. „Mér hefur alltaf verið sagt að ég sé 200 metra bringusundsmanneskja. Það gekk vissulega vel en mér hafa alltaf fundist 100 metrarnir skemmtilegastir. Ég komst í undanúrslit í þeirri grein sem segir mér að ég sé ágætlega stödd á því sviði."

Aðeins tveir Evrópubúar náðu betri tíma en Hrafnhildur í gær en hún segir að það verði að skoða það í réttu samhengi. „Ég vil ekki gera lítið úr árangrinum en sundmenn einbeita sér yfirleitt frekar að keppnunum í 50 m laug og þá er einnig nýbúið að halda Evrópumeistaramótið í 25 m laug. Ég er þó sátt við mína stöðu á heimslistanum og þetta mót var góður undirbúningur fyrir HM í 50 m laug sem fer fram í Sjanghaí í sumar. Sjálfstraustið hefur aukist mikið eftir gott gengi á þessu móti.

Í FREMSTU RÖÐ Hrafnhildur Lúthersdóttir sló í gegn á HM í 25 m laug í Dubai. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég hef verið að keppa við margar stórar stjörnur og náð að halda í við þær."

Hrafnhildur er aðeins nítján ára gömul og heldur til Bandaríkjanna á milli jóla og nýárs þar sem hún mun hefja nám við University of Florida á nýju ári.

„Ég fer út 28. desember og svo er fyrsta æfing tveimur dögum síðar," sagði hún. „Mér líst afar vel á það enda er sunddeildin við þennan háskóla afar góð. Aðalþjálfarinn þar var valinn til að vera þjálfari bandaríska sundliðsins á Ólympíuleikunum í London árið 2012 og margir góðir sundmenn hafa komið úr þessum skóla."

Það eru því spennandi tímar fram undan hjá Hrafnhildi sem naut þess að heimsækja framandi slóðir nú um helgina. „Hér er eyðimörkin allt í kring og kameldýr sem mæta manni á leiðinni upp í sundhöll. Þetta hefur verið mikið ævintýri." eirikur@frettabladid.is

Á FRAMANDI SLÓÐUM HM í 25 m laug fór fram í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. MYND/SSÍ

SKORAÐI FJÖGUR Í GÆR Guðmundur Hólmar Helgason í leiknum gegn Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

U-21 lið Íslands gegn Noregi:

Einn sigur og eitt jafntefli

HANDBOLTI U-21 landslið Íslands lék um helgina tvo æfingaleiki gegn U-21 liði Noregs í íþróttahúsinu í Strandgötu í Hafnarfirði.

Fyrri leiknum lauk með sigri Íslands, 29-27, eftir að Norðmenn höfðu forystu í hálfleik, 12-11. Ísland komst yfir um miðjan síðari hálfleik og hélt forystunni allt til loka.

Liðin skildu svo jöfn í gær, 25-25, eftir að Ísland hafði náð góðri forystu snemma í síðari hálfleik. En í þetta sinn reyndust Norðmenn sterkari á lokasprettinum og náðu jafntefli.

Þrír leikmenn voru markahæstir með fjögur mörk hjá Íslandi í fyrri leiknum en fjórir leikmenn með þrjú í þeim síðari. Liðin mætast í lokaleik sínum á Selfossi í kvöld. - esá

Bara tveir leikir um helgina:

Allt á kafi í snjó

FÓTBOLTI Aðeins tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni um helgina en mikið var um frestanir vegna mikillar snjókomu. Þó að margir vellir hafi verið leikhæfir þá skarst lögreglan í leikinn víða og skipaði frestun til að tryggja öryggi áhorfenda kringum völlinn.

Avram Grant náði að kræka í stig fyrir West Ham gegn Blackburn en staða Grants er mjög ótrygg um þessar mundir enda sitja Hamrarnir í neðsta sætinu.

Danny Welbeck tryggði Sunderland stigin þrjú gegn Bolton þegar hann skoraði sitt fimmta mark í sex leikjum. Reyndist það eina mark leiksins en Welbeck er hjá Sunderland á lánssamningi frá Manchester United.

Craig Gordon, markvörður Sunderland, átti stórleik og átti ein af tilþrifum tímabilsins þegar hann varði skalla Zats Knight af stuttu færi og kom í veg fyrir að Bolton næði að jafna. Grétar Rafn Steinsson var varamaður og kom ekki inn á hjá Bolton í leiknum. - egm

Aðventuleikur blaðbera

Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Evrópumeistaramótinu í handbolta lauk í Herning í Danmörku í gær:

Þórir meistari með Noregi

HANDBOLTI Noregur varð í gær Evrópumeistari í handbolta eftir sigur á Svíum í úrslitaleik í Herning í Danmörku, 25-20. Þórir Hergeirsson er landsliðsþjálfari Noregs og vann sinn fyrsta titil sem aðalþjálfari liðsins. Hann var í mörg ár aðstoðarþjálfari Marit Breivik en undir stjórn hennar vann norska liðið marga stórtitla.

Þetta er í fjórða sinn í röð sem Noregur verður Evrópumeistari og í fimmta sinn frá upphafi. Liðið tryggði sér einnig með sigrinum þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Lundúnum árið 2012.

Svíar voru sterkari í fyrri hálfleik og náðu mest þriggja marka forystu. Norðmenn skoruðu hins vegar tvö síðustu mörk hálfleiksins og staðan að honum loknum var 11-10.

Norðmenn keyrðu svo yfir Svía í upphafi síðari hálfleiks og þegar staðan var orðin 19-13 eftir stundarfjórðung var ljóst í hvað stefndi. Þær norsku gáfu lítið eftir og unnu sem fyrr segir öruggan sigur.

Noregur hefur nú unnið nítján sinnum til verðlauna á stórmótum í handbolta en liðið hefur einu sinni orðið heimsmeistari, árið 1999, og einu sinni Ólympíumeistari, árið 2008. Þórir tók við sem aðalþjálfari í fyrra og vann bronsverðlaun með norska liðinu á HM í Kína í fyrra. Rúmenía fékk brons eftir sigur á Dönum. - esá

FAGNAÐ Á HLIÐARLÍNUNNI Þórir fagnar einu marka Noregs í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

SPORT
besta sætið

vodafone · ICELANDAIR · VÍS · Arion banki

HM Í HANDBOLTA HEFST 13. JANÚAR

SWEDEN 2018

ÁFRAM ÍSLAND!

LEYNIST HM Í HANDBOLTA Í JÓLAPAKKANUM ÞÍNUM?
Vinsælu gjafakortin fást hjá Stöð 2 í Skaftahlíð og í Kringlunni

HM Í SVÍÞJÓÐ ER HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftirvæntingin hefur aldrei verið meiri enda verða yfir 30 leikir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Umfjöllun í umsjón Þorsteins Joð og gesta verður betri og ítarlegri en nokkru sinni. Tryggðu þér áskrift og misstu ekki af þessum stórviðburði í janúar!

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Sunderland - Bolton	**1-0**
1-0 Danny Welbeck (32.).	
Blackburn - West Ham	**1-1**
1-0 Ryan Nelsen (51.), 1-1 Junior Stanislas (78.).	

Enska B-deildin

Leeds - QPR	**2-0**
Heiðar Helguson lék sem varamaður hjá QPR.	
Coventry - Norwich	**1-2**
Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry en fékk að líta beint rautt spjald á 35. mínútu.	
Derby - Reading	**1-2**
Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson voru ekki í liði Reading.	
Hull City - Bristol City	2-0
Ipswich - Leicester	3-0
Nottingham Forest - Crystal Palace	3-0
Sheffield United - Swansea	1-0

Þýska úrvalsdeildin

Wolfsburg - Hoffenheim	**2-2**
Gylfi Þór Sigurðsson lék allan leikinn með Hoffenheim og skoraði síðara mark liðsins.	
Frankfurt - Dortmund	1-0
Bremen - Kaiserslautern	1-2
Nürnberg - Hannover	3-1
Schalke - Köln	3-0
St. Pauli - Mainz	2-4
Leverkusen - Freiburg	2-2
Stuttgart - Bayern	3-5

Spænska úrvalsdeildin

Villarreal - Mallorca	3-1
Deportivo - Sporting	1-1
Levante - Athletic	1-2
Espanyol - Barcelona	1-5
Real Sociedad	1-2
Osasuna - Zaragoza	0-0
Almeria - Getafe	2-3
Malata - Atletico	0-3
Real Madrid - Sevilla	1-0

Þýska úrvalsdeildin

Hannover-Burgdorf - Lübbecke	**29-26**
Ásgeir Örn Hallgrímsson 5, Vignir Svavarsson 3, Hannes Jón Jónsson 2 – Þórir Ólafsson 0. Aron Kristjánsson er þjálfari Hannover-Burgdorf.	
Magdeburg - Rheinland	**34-24**
Sigurbergur Sveinsson skoraði 1 mark fyrir Rheinl.	
Balingen - Grosswallstadt	**23-27**
Sverre Andreas Jakobsson lék í vörn Grosswallst.	
Friesenheim - Rhein-Neckar Löwen	**26-30**
Róbert Gunnarsson 3, Ólafur Stefánsson 2, Guðjón Valur Sigurðsson 2 fyrir Löwen. Guðmundur Guðmundsson er þjálfari liðsins.	
Ahlen-Hamm - Melsungen	**33-33**
Einar Hólmgeirsson skoraði 5 mörk fyrir Ahlen-H.	
Kiel - Gummersbach	**26-26**
Aron Pálmarsson skoraði 1 mark fyrir Kiel. Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.	
Wetzlar - Füchse Berlin	**19-28**
Alexander Petersson skoraði x mörk fyrir Füchse. Dagur Sigurðsson er þjálfari liðsins.	
Lemgo - Hamburg	27-29
Göppingen - Flensburg	25-21

Fæ meira að spila eftir vetrarfríið

Gylfi Þór Sigurðsson hefur átt frábæru gengi að fagna í þýsku úrvalsdeildinni í haust og skoraði um helgina sitt sjötta mark á tímabilinu – þrátt fyrir að hafa verið í byrjunarliði Hoffenheim í aðeins fjórða sinn.

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sitt sjötta mark í þýsku úrvalsdeildinni á laugardaginn þegar lið hans, Hoffenheim, gerði 2-2 jafntefli við Wolfsburg á útivelli.

Hoffenheim komst 2-0 yfir strax í fyrri hálfleik og skoraði Gylfi síðara markið með skoti af stuttu færi. En þetta var fjórða jafntefli Hoffenheim í röð og ekki í fyrsta sinn sem liðið missir niður forystu.

„Þetta er skelfilegt. Í síðustu leikjum höfum við verið að missa leiki í jafntefli og það er orðið frekar þreytt," sagði Gylfi í samtali við Fréttablaðið.

„Í síðasta leik [gegn Nürnberg, innsk. blm.] spiluðum við vel en þeir jöfnuðu fjórum mínútum fyrir leikslok. Í þessum leik vorum við tveimur mörkum yfir en klúðruðum honum á síðasta korterinu. Ég veit ekki hvort megi skrifa þetta á reynsluleysi hjá okkur en þetta er hlutur sem við þurfum að laga."

Þýska úrvalsdeildin er nú komin í vetrarfrí og hefst ekki aftur fyrr en um miðjan janúar. Hoffenheim er í áttunda sæti deildarinnar með 25 stig en liðið byrjaði mjög vel í haust en hefur síðan gefið eftir.

Gylfi er á sínu fyrsta tímabili hjá liðinu eftir að hann var keyptur þangað fyrir 6,5 milljónir punda í sumar. Hann hefur sleggið í gegn – skorað sex mörk þrátt fyrir að hafa verið í byrjunarliðinu í aðeins fjórum deildarleikjum. Hann hefur alls komið við sögu í þrettán af sautján leikjum Hoffenheim í haust en oftast sem varamaður.

„Ég er ánægður með leikinn hjá mér og spilaði nokkuð vel. Ég hefði þó gjarnan viljað fá þrjú stig í dag í staðinn fyrir markið," segir Gylfi, sem var einnig í byrjunarliðinu um síðustu helgi. Árangur hans hefur vakið eftirtekt en miðað við þann fjölda mínútna sem hann hefur spilað skorar hann að meðaltali mark á 90 mínútna fresti. Það telst afar gott, sérstaklega fyrir miðjumann í einni sterkustu deild heims.

„Ég spilaði fyrir aftan framherjann í dag, sem sóknartengiliður. Ég gerði það líka um síðustu helgi og þetta er mín staða. Ég er auðvitað ánægður með að þjálfarinn skuli nota mig í henni," segir Gylfi, sem átti aldrei von á því að hann myndi labba beint í byrjunarliðið þegar hann kom til Þýskalands í haust.

„Liðinu gekk mjög vel í upphafi tímabilsins og því kom það mér svo sem ekki á óvart að ég hafi ekki fengið fleiri tækifæri. Auk þess vill þjálfarinn að við spilum á ákveðinn hátt og að við pressum til að mynda mikið á andstæðinginn. Það hefur tekið sinn tíma að venjast því," segir Gylfi.

„En það var vissulega erfitt að fara frá Reading þar sem ég spilaði alla leiki og að vera svo hent á bekkinn hér. Sérstaklega þar sem mér virtist ganga ágætlega. Ég skoraði kannski en var svo aftur kominn á bekkinn í næsta leik. En ég vona að þetta sé allt á réttri leið og ég held að ég fái enn meira að spila eftir jól."

ÓGNANDI Gylfi er hér í strangri gæslu þeirra Alexander Madlung og Makoto Hasebe, leikmanna Wolfsburg, í leiknum um helgina. Gylfi náði þó að skora eitt mark í leiknum. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

> Það var vissulega erfitt að fara frá Reading þar sem ég spilaði alla leiki og að vera svo hent á bekkinn hér.
>
> **GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON**
> LEIKMAÐUR HOFFENHEIM

Gylfi segir að sér gengi vel að aðlagast aðstæðum í Þýskalandi. „Ég hef verið hér í þrjá mánuði og hef æft mjög vel – bætt hraðann og styrkinn. Ég held að þetta verði orðið enn betra eftir nokkra mánuði," segir hann.

„Ég vissi að þetta myndi taka sinn tíma. Þetta er miklu sterkara lið en Reading en það er jákvætt að fá mikla samkeppni um stöðu í byrjunarliðinu. En þetta er allt að koma, ég er byrjaður að tala meiri þýsku við félagana og þeir eru farnir að kynnast mér betur. Ég held að það sé jákvætt."

Gylfi hefur verið orðaður við nokkur stórlið í Evrópu í fjölmiðlum í haust, til að mynda Manchester United. „Jú, það er auðvitað gaman að því en ég er lítið að spá í það. Ég er að spila í einni sterkustu deild heims og hér eru útsendarar annarra liða á öllum leikjum. Það gerist ekkert nema að það sé tilboð á borðinu og ef maður væri mikið að velta sér upp úr sögusögnum yrði maður fljótt klikkaður."

Hann er því ánægður hjá Hoffenheim – eins og er. „Þetta var mjög erfitt fyrir 2-3 vikum þegar ég fékk lítið að spila og ég veit ekki hvort ég hefði svarað þessari spurningu játandi þá. En innst inni veit ég að það er verið að koma mér inn í málin hægt og rólega og því er ég nokkuð sáttur. Ég er líka ánægður með að fá jólafrí í fyrsta sinn í 5-6 ár og hlakka mikið til að koma heim í snjóleysið á Íslandi."

eirikur@frettabladid.is

DAVID VILLA Skoraði tvö gegn Espanyol um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

Real Madrid og Barcelona komin í jólafrí:

Ótrúlegir Börsungar

FÓTBOLTI Þegar leik Racing og Hercules lýkur í kvöld verður spænska úrvalsdeildin komin í jólafrí. Óhætt er að segja að Barcelona og Real Madrid ljúki árinu á jákvæðum nótum, þá sérstaklega fyrrnefnda liðið.

Börsungar hafa haft fádæma yfirburði í spænsku úrvalsdeildinni undanfarnar vikur. Um helgina unnu þeir 5-1 sigur á grönnum sínum í Espanyol en það var fyrsta deildarmarkið sem Barcelona fékk á sig í rúman mánuð. Á þessu tímabili vann liðið alla fimm leiki sína með markatölunni 26-1. Þar með er talinn 5-0 sigur á Real Madrid í lok nóvember.

Þetta er þó eini tapleikur Real á tímabilinu til þessa en liðið hefur unnið tíu af síðustu ellefu leikjum sínum. Í gær lagði liðið Sevilla á heimavelli, 1-0, þrátt fyrir að vera manni færri lengi vel í síðari hálfleik. Angel di Maria skoraði sigurmarkið um stundarfjórðungi fyrir leikslok. Liðið hefur þar að auki ekki byrjað betur í deildinni í heil nítján ár.

Maður ársins í Real Madrid er þó án nokkurs vafa Cristiano Ronaldo. Hann gerði sér lítið fyrir og skoraði 41 mark í öllum keppnum á árinu 2010 (36 í deildinni, fjögur í Meistaradeildinni og eitt í bikarnum).

Madrídingar eru þó sjálfsagt ekki ánægðir með að vera tveimur stigum á eftir Barcelona, sem trónir á toppi deildarinnar um jólin með 43 stig af 48 mögulegum.

- esá

LAMBAKJOT.IS

Lambahryggur

- FYLLTUR Í SMJÖRDEIGI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambaryggur á beini • 2 pakkar smjördeig • 3 box sveppir • 10 döðlur • 50 g beikon • 2 dl rjómi • 1 búnt steinselja • 2 egg

Úrbeinið hrygginn, nýtið allt kjötið, fitu og sinuhreinsið. Skerið sveppi, döðlur og beikon smátt og steikið létt á pönnu. Hellið rjóma yfir og sjóðið niður. Brúnið kjötið á pönnu í smjöri. Þerrið á stykki. Gætið þess að fletja ekki út smjördeigsplöturnar, leggið þær hlið við hlið og þrýstið börmunum saman með fingrunum. Leggið hryggfylluna (fille) hlið við hlið ofaná helminginn af smjördeiginu og lundina á milli. Smyrjið sveppablöndunni yfir allt kjötið. Penslið deigið með eggi og leggið hinn helminginn af smjördeiginu yfir. Þrýstið samskeytunum saman og penslið yfir allt með eggi.
Bakið í ofni við 200 - 220°C í 10 - 15 mín. Náið kjarnhita kjötsins í 50°C.

Sykurlögur fyrir kartöflur

500 g sykur • 1 dl appelsínusafi • 1 dl rjómi • kanill & salt á hnífsoddi

Bræðið sykur þar til hann verður brúnn. Hellið volgum appelsínusafa útí, síðan rjómanum og kryddið með salti og kanil.

Rauðkál

1 poki niðursneitt rauðkál • 500 ml rauðvín • 1 grænt epli • 1 skarlottulaukur • 1 negulnagli • 50 g flórsykur 50 g púðursykur • 1 dl balsamic edik

Epli saxað smátt og sett í pott ásamt rauðkáli. Laukur afhýddur og negulnagla stungið í, hann settur í pottinn ásamt sykri, ediki og rauðvíni. Sjóðið í 1 klst.

Sósa

Bein af úrbeinuðum lambahrygg • 1 tómatur • 1 búnt timían (garðablóðberg) • 1 gulrót • 1 laukur • 1 hvítlaukur 1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatmauk (puré) • 1 msk smjör

Höggvið beinin og brúnið í ofni. Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og látið krauma í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin út í ásamt vökva og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. Sigtið og sjóðið niður um 2/3. Þeytið smjör út í og kryddið. Borið fram á rauðkáls- og belgjabaunabeði og sykurbrúnuðum kartöflum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... VEISLUKJÖTIÐ

Á LEIÐ Í EVRÓPUKEPPNI Fjölnir er Íslandsmeistari í Futsal árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Willum Þór Þórsson er landsliðsþjálfari í Futsal:

Mjög erfitt að meta hvar við stöndum

FUTSAL Willum Þór Þórsson er landsliðsþjálfari í Futsal en eftir mánuð er komið að fyrsta móti hjá liðinu. Þá verður leikið í forkeppni EM þar sem Ísland er í riðli með Grikklandi, Armeníu og Lettlandi. Leikið verður hér á landi.

Willum hefur tvívegis stýrt sínum liðum til Íslandsmeistaratitils í greininni og telur að Futsal hafi nýst sínum liðum vel. „Þessi leikur er mjög hraður og það er ýmislegt í honum sem er keimlíkt hefðbundnum fótbolta. Menn þjálfa sig í tækni, fótavinnu og liðssamvinnu í þessu. Ég er ekki í vafa um að þessi tegund af fótbolta hjálpar mönnum bara að verða betri."

Hann er virkilega ánægður með hvernig tókst til með nýlokið Íslandsmót. „Það eru komin geysilega sterk lið eins og til dæmis þessi lið sem eru að spila til úrslita. Einnig er til fyrirmyndar hvernig þjálfararnir hafa sinnt þessu," segir Willum.

Undirbúningur landsliðsins fer af stað með æfingum milli jóla og nýárs. „Ég reikna með að það verði 16-20 manna hópur svo vinnum við með hann inn í mótið. Á skýrslu mega svo vera tólf."

Willum segir að meðal þeirra sem verði í hópnum verði nokkrir gamlir jaxlar. „Þessar þjóðir sem við erum að fara að mæta í janúar eru komnar skrefi á undan okkur, byrjuðu að stunda þetta fyrr. En þetta er mjög spennandi verkefni og erfitt að meta möguleika okkar. Við förum inn í riðilinn í lægsta styrkleikaflokknum."

„Ég held að þessi lið séu álík að getu. Ég hef séð einhver myndbrot en það er erfitt að gera sér grein fyrir hvar við stöndum. Við eigum samt nokkra gríðarlega sterka leikmenn. Við þurfum að nýta tímann vel fram að móti og tileinka okkur taktík og nálgunina í leiknum, það er kannski helst það sem við þurfum að fara yfir." - egm

Fjölnir tók fyrsta titil 2011

Þrátt fyrir að árið 2011 sé ekki gengið í garð er búið að krýna Íslandsmeistara þess árs í Futsal. Þó að Fjölnismenn æfi íþróttina ekki stóðu þeir uppi með gullið.

FUTSAL Úrslitakeppnin í Íslandsmótinu í innanhússfótbolta, Futsal, fór fram um helgina. Keppnin var haldin fyrr en undanfarin ár vegna þátttöku landsliðsins í Evrópukeppninni í janúar.

Fjölnir úr Grafarvogi vann Íslandsmeistaratitilinn með því að leggja Víking Ólafsvík í úrslitaleik sem fram fór í íþróttahúsinu Álftanesi 3-2. Eftir að hafa lent undir 2-1 sneru Fjölnismenn blaðinu við í miklum spennuleik. Ólafsvíkingar voru hársbreidd frá því að jafna en þá átti liðið meðal annars skot í stöngina.

Ungt lið Fjölnis stóð því uppi sem meistari en þjálfarinn Ásmundur Arnarsson segir að þetta mót sé skemmtilegt krydd í veturinn. „Við fáum engan tíma til að æfa þetta Futsal en við brjótum aðeins veturinn upp með því að spila þessa leiki. Menn eru vaxandi í þessu eftir því sem þeir spila þetta oftar. Mér finnst þetta skemmtilegt mót og um að gera að nota þennan tíma, nóvember og desember, til að hafa svona keppni," sagði Ásmundur eftir úrslitaleikinn.

Mörg skemmtileg tilþrif sáust á þessu Íslandsmóti í Futsal og var aldursdreifing hjá liðunum mikil. Nokkrar gamlar kempur létu til sín taka og má þar meðal annars nefna Zoran Daníel Ljubicic sem lék með Keflavík á mótinu og Sigurstein Gíslason sem tók fram skóna og lék með Leikni.

Fjölnir lagði Grundarfjörð í átta liða úrslitum á föstudag og vann sér svo inn sæti í úrslitaleiknum með því að leggja Keflavík á laugardag. „Það var mikið fjör og spenna í þessum leikjum í úrslitakeppninni og þetta er bara gaman," sagði Ásmundur. Reglurnar í Futsal eru frábrugðnar gamla innanhússboltanum en Ásmundur segir að stærsti munurinn sé sjálfur knötturinn. Notast er við sérstakan Futsal-bolta sem er minni og með aðra eiginleika en hefðbundinn bolti.

„Það er erfitt að taka neglurnar sem maður tók í gamla daga. Þessi bolti býður upp á góðan samleik og menn eru að vinna fjórir á móti fjórum. Það er alveg hægt að nýta þetta í útiboltanum í rólegheitunum. Það er hægt að græða mikið á þessu, þjálfun í snerningu við boltann, varnarvinnu og samvinnu milli leikmanna," sagði Ásmundur.

Það má segja að þarna hafi fyrsta meistaratitli næsta árs verið úthlutað en Fjölnismenn fá titilinn Íslandsmeistarar í Futsal 2011. Þeir fá því þátttökurétt í Evrópukeppni meistaraliða á næsta ári. „Við eigum eftir að ræða það innanbúðar hvernig við höndlum það. Við sjáum bara til, það á eftir að skoða kostnaðarhlið og annað," sagði Ásmundur.

elvargeir@frettabladid.is

SÉRSTAKUR BOLTI Í Futsal er notaður sérstakur bolti sem er minni í sniðum en sá sem er notaður utanhúss en er þyngri og skoppar síður. Hér er Fjölnismaðurinn Kristinn Freyr Sigurðsson í úrslitaleiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞAÐ ERU NÚ EINU SINNI AÐ KOMA JÓL

HP AIO 100 All-in-One

149.900 kr.

VAXTA LAUST LAN

Nett og hagstæð **HP Pavilion borðtölva** og 20" skjár AIO (sambyggð), **Örgjörvi:** AMD Athlon II X2 260, **Vinnsluminni:** 4 GB DDR3, **Harður diskur:** 1 TB SATA 7200 rpm, **Drif:** LightScribe DVD-RW geislaskrifari, **Tengi:** 6 USB 2.0 (2 á hlið), RJ-45, tengi fyir heyrnartól og microphone.

HP Photosmart WiFi eAIO

19.900 kr.

HP ePrint Prentaðu hvað sem er, hvaðan sem er!
HP Photosmart eAIO fjölnotaprentari með WiFi tengingu.

ePrint tækni

HP Compaq CQ62

VAXTA LAUST LAN

99.900 kr.

Glæsileg 15,6" fartölva,
Örgjörvi: AMD Sempron V120,
Vinnsluminni: 3 GB DDR3, **Harður diskur:** 250 GB SATA 7200 rpm

HP Pavilion dv6

VAXTA LAUST LAN

149.900 kr.

Glæsileg 15,6" fartölva,
Örgjörvi: AMD Athlon II Dual-Core P340,
Vinnsluminni: 4 GB DDR3, **Harður diskur:** 320 GB SATA 7200 rpm

Hátalarar og höfuðtól — frá 4.900 kr.

Tölvumýs — frá 3.900 kr.

Fartölvutöskur — frá 4.900 kr.

Sjónvarps-flakkarar — frá 9.900 kr.

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18 / kl. 11 - 16 alla laugardaga í desember

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

* Skv. Gartner.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

VERT

> **Helen Mirren**

„Leyndardómur lífsins felur það í sér að læra á hvernig við eigum að díla við það."

Helen Mirren fer með aðalhlutverk í spennumyndinni Shadowboxer sem er á dagskrá Stöðvar 2 bíó í kvöld kl. 22.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: SUNNA VALGERÐARDÓTTIR ER ORÐIN MEIRA MÓÐINS

Loksins nýir og betri vinir fundnir

Ég varð alveg ofboðslega glöð þegar ég áttaði mig á því að ég var búin að finna mér nýjan uppáhaldsþátt. Það hafði verið langt og strangt ferli, og trúið mér, ég var virkilega búin að reyna. How I Met Your Mother, Two and a Half Men (það féll fljótt), Cougar Town … allt saman þættir sem ég reyndi við, til þess að fylla upp í tómarúmið sem varð til þegar Friends voru loksins orðnir svolítið næntís, of stuttur tími var liðinn frá síðasta Arrested Developement maraþoni, og maður er einfaldlega ekki í stakkinn búin fyrir Its Always Sunny in Philadelphia. Þá kom þátturinn sem ég var búin að heyra mikið um – en aldrei horft á.

Modern Family er snilld. Og ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þessir þættir eru ekki fullkomlega nýir á nálinni, þó svo að ég virðist vera ein af þeim síðustu til þess að átta sig á því hvað þeir eru fyndnir. Ég áttaði mig reyndar ekki á Friends fyrr en í kringum 2005. Þá voru flestir hættir að bjóða sexmenningunum ógurlegu heim í stofu til sín. En ekki ég, ég var rétt að byrja. Það má í raun segja að ég sé á sama stað núna með Friends og fólk var almennt fyrir um það bil fimm árum. Þannig að uppgötvun mín á Modern Family er í raun stórkostleg framför.

Ef maður er latur, þreyttur, dapur, eða á að vera að gera eitthvað annað en að horfa á sjónvarpið, eins og að taka til, vinna eða læra, þá mæli ég eindregið með Modern Family til þess verks. Passlega langir og alveg ofboðslega fyndnir. Ef viðkomandi letihaugur og slugsi er mikið fyrir eitthvað sem er ofboðslega fyndið.

SJÓNVARPIÐ

15.55 Svava (e)
16.50 Landinn (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Jóladagatalið - Jól í Snædal (e)
18.00 Franklín (44:65)
18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Undrabarnið Alex (Only Human: A Boy Called Alex) Bresk heimildamynd. Fylgst er með 16 ára pilti, Alex Stobbs, um þriggja mánaða skeið meðan hann reynir að stjórna flutningi á Magnificat eftir Bach illa haldinn af slímseigjusjúkdómi.
20.55 Viðtalið (Cynthia Enloe) Bogi Ágústsson ræðir við Cynthiu Enloe sem er bandarískur stjórnmálafræðingur og prófessor.
21.25 Jólamatseld Camillu (2:2) (Camilla Plum julespecial) Danski kokkurinn Camilla Plum eldar jólaönd og gæs.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Lukkubær (2:8) (Happy Town) Bandarísk þáttaröð.
23.05 Þýski boltinn Mörk og tilþrif úr síðustu leikjum í Bundesligunni, úrvalsdeild þýska fótboltans.
00.00 Kastljós (e)
00.25 Fréttir (e)
00.35 Dagskrárlok

SJÓNVARPIÐ BÍÓ

06.15 The Love Guru
08.00 Happily N'Ever After
10.00 Grilled
12.00 Mee-Shee: The Water Giant
14.00 Happily N'Ever After
16.00 Grilled
18.00 Mee-Shee: The Water Giant
20.00 The Love Guru
22.00 Shadowboxer
00.00 Half Nelson
02.00 After School Special
04.00 Shadowboxer
06.00 School of Life

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.45 Galdrabókin (20:24)
07.50 Bratz
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (5:22)
11.00 White Collar
11.45 Falcon Crest (6:28)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (13:24)
13.25 My Blue Heaven
15.00 ET Weekend
15.50 Barnatími Stöðvar 2
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.53 The Simpsons (13:22)
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Two and a Half Men (17:19)
19.55 How I Met Your Mother (8:22)
20.20 Glee (6:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
21.10 Undercovers (3:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
21.55 The Deep End (2:6) Áhrifaríkir þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga.
22.45 Dollhouse (12:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð.
23.40 The Bill Engvall Show (2:8)
00.05 Modern Family (3:22)
00.35 Chuck (5:19)
01.20 Burn Notice (1:16)
02.05 My Blue Heaven
03.40 Glee (6:22)
04.25 The Deep End (2:6)
05.10 The Simpsons (13:22)
05.35 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Sevilla
18.10 Spænski boltinn: Real Madrid - Sevilla
19.55 Wendy's Three Tour Challenge Útsending frá skemmtilegu golfmóti þar sem þrjú lið mætast.
21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
21.50 Til síðasta manns (5:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
22.45 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.35 European Poker Tour 6 - Pokers Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Chelsea - Man. Utd.
16.05 Blackburn - West Ham
17.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
18.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
19.50 Man. City - Everton Bein útsending frá leik Manchester City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
23.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
23.30 Man. City - Everton Útsending frá leik Manchester City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.35 Matarklúbburinn (6:6) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.40 Rachael Ray (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
12.00 Matarklúbburinn (6:6) (e)
12.25 Pepsi MAX tónlist
15.40 Game Tíví (14:14) (e)
16.10 Psych (9:16) (e)
16.55 Rachael Ray
17.40 Dr. Phil
18.20 Spjallið með Sölva (13:13) (e)
19.00 Judging Amy (17:23) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
19.45 America's Funniest Home Videos (37:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20:10 90210 (7:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
20.55 Life Unexpected (3:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli.
21.45 CSI: New York (20:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
22.35 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.20 Dexter (6:12) (e)
00.10 United States of Tara (11:12) (e)
00.40 Life Unexpected (3:13) (e)
01.25 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
11.30 Golfing World
12.20 South African Open (2:2)
16.20 European Tour - Highlights (1:45)
17.10 Golfing World
18.00 South African Open (2:2)
22.00 Ryder Cup Official Film 2010
23.15 PGA Tour Yearbooks (9:10)
00.00 ESPN America

EXTRA

19.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey
19.40 E.R. (7:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
20.25 Ástríður (9:12) Heilbrigð innbyrðis samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Hlemmavídeó (9:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
22.25 Numbers (9:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flóknna sakamála.
23.05 Mad Men (4:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper.
23.55 Ástríður (9:12)
00.20 E.R. (7:22)
01.05 The Doctors
01.45 Sjáðu
02.10 Fréttir Stöðvar 2
03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir
18.45 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
19.00 Fróðleiksmolinn

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Hvernig borðum við skynsamlega á jólunum?
20.30 Golf fyrir alla Brynjar og Óli Már kynna Golf fyrir alla.
21.00 Frumkvöðlar Frumkvöðlaþáttur Elínóru.
21.30 Eldhús meistarana Magnús eldar rjúpur og hamborgarahrygg með öllu.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir.is
...ég sá það á Vísi

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. KL. 20.20
Glee

Það verður fjörugt einvígi í Glee í kvöld. Núna eru það strákar gegn stelpum en til þess að gera keppnina meira spennandi þá þurfa strákarnir að velja „stelpulög" og stelpurnar „strákalög".

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Samkomuhúsið: Ríkisútvarpið 80 ára **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Samkomuhúsið: Ríkisútvarpið 80 ára **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.50 The Weakest Link **13.35** Dancing with the Stars **14.55** Dancing with the Stars **16.15** Cranford **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Vicar of Dibley **19.30** After You've Gone **20.00** After You've Gone **20.30** Messiah - The Rapture **21.20** The Jonathan Ross Show **22.10** Vicar of Dibley **22.40** EastEnders **23.10** After You've Gone **23.40** Messiah - The Rapture

DR 1

12.15 Niklas' mad **12.45** OBS **12.50** Sporløs skilt **13.30** Det søde liv **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Strings **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Substitutterne **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Kender du typen **19.30** Det søde liv **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** En uforglemmelig ferie **22.00** OBS **22.05** Taggart **23.50** Inspector Morse

NRK 1

12.10 Takk for sist **12.50** Oscarshall - et kongelig smykke **13.30** Lisa goes to Hollywood **14.00** NRK nyheter **14.10** Norsk militær tattoo 2010 **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Camilla Plum julespecial **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Matlyst **19.15** Etter at du dro **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Ludvig den 15. - Konge mellom lys og mørke **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lewis **23.50** Nytt på nytt

SVT 1

12.20 Sverker rakt på **12.50** Kobra **13.35** En stilla flirt **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Lukten av Indien **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Ung & bortskämd **20.00** Våra vänners liv **21.00** Grotesco **21.30** Imagine Me & You **23.00** Min jul **23.05** Svindlarna

Gefðu sanna gjöf þessi jól

Bóluefni gegn mislingum Fleiri en 600 börn deyja á hverjum degi af völdum mislinga. Fyrir aðeins 1.800 krónur er hægt að útvega bóluefni gegn þessum banvæna sjúkdómi fyrir 50 börn.

Orkukex Þetta orkuríka kex hefur verið þróað sérstaklega til þess að útvega börnum næringu í einföldu formi. Kexið hentar mjög vel sem staðgóð fæða fyrir börn þegar neyð ríkir.

„Plumpynut" Þessi næringarríka fæða úr jarðhnetum er tilbúin til neyslu beint úr pakkanum. Oft þarf bara þrjá pakka af þessari undrafæðu á dag til þess að bjarga lífi vannærðs barns.

Námsgögn Gefðu tuttugu stílabækur og tuttugu blýanta sem munu gera fátækustu börnum heims kleift að nýta hæfileika sína til fulls.

Vatnshreinsitöflur Ímyndaðu þér hvað þú gætir snert líf margra barna með einföldum vatnshreinsitöflum, en hver tafla getur hreinsað um 4 – 5 lítra af óhreinu vatni og breytt því í heilnæmt drykkjarvatn.

Á hverjum degi deyja 22 þúsund börn vegna þess að þau skortir eitthvað sem við Íslendingar tökum sem sjálfsögðum hlut. Í vefverslun okkar getur þú keypt lífsnauðsynlegar jólagjafir sem bágstödd börn víða um heim þurfa til þess að lifa af. Við sendum vörurnar sem þú velur beint til barna sem þurfa á þeim að halda og þú færð í staðinn gjafabréf sem þú getur gefið vinum þínum og fjölskyldu. Megi jólin í ár verða óvenjulega gleðileg!

Kauptu jólagjafirnar á **www.unicef.is/sannargjafir**

unicef

www.boddydesign.com

Hönnun:
Eva Björnsdóttir
Gullsmiður

Íslensk hönnun

Kærleikur

Varðveittu þann sem er þér kær, næst hjarta þínu.
Mynd í rhodiumhúðuðum silfurramma
með svartri agat hálsfesti.

2 gerðir af myndarömmum í boði.
Bjóðum einnig áletrun á bakhlið rammans.

meba | rhodium
KRINGLUNNI & SMÁRALIND

Verð 9800 kr.

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég horfi nú svo lítið á sjónvarp, en í augnablikinu er þátturinn Walking Dead í uppáhaldi.“

Katla Rós Völudóttir, grafískur hönnuður.

Bæta tattústofu við Mótorsmiðjuna

„Þetta er götuhjólaheimurinn – við erum rokk og ról-megin í hjólamennskunni,“ segir Guðmundur Týr Þórarinsson, best þekktur sem Mummi í Mótorsmiðjunni.

Mummi og konan hans, Ýrr Baldursdóttir, hyggjast bæta tattústofu við Mótorsmiðjuna í Skipholti, en þar er fyrir verkstæði, *airbrush*-þjónusta og námskeið, notuð hjól til sölu, leður og lítil kaffitería.

Mummi og Ýrr undirbúa nú opnunina, sem verður þó ekki fyrr en á nýju ári þar sem þau eru ennþá að bíða eftir leyfi frá borginni. „Við erum búin að vera einn og hálfan mánuð að torfa þetta með leyfið, sem er að verða svolítið hvimleitt,“ segir Mummi, sem hyggst sjálfur ekki snerta tattúnálina, en Ýrr sér alfarið um það. „Hún var í þessu í gamla daga,“ segir Mummi. „Ég held að hún hafi ekki verið að húðflúra síðustu 10-15 árin. Þó að leyfið kæmi í dag þá opnum við stofuna ekki fyrr en eftir mánuð. Hún er að djöflast á mér, ná þessu aftur og svona. Ég er allur út ataður í þessu - það er ýmislegt sem má laga og breyta. Hún djöflast á mér í tannlæknastólnum og ég verð að taka því eins og karlmaður og þjást. Bíta á jaxlinn. Hún er alveg með'etta, sko. Hún er bara að setja græjurnar í gang og prófa.“ - afb

KVELUR MUMMA Ýrr er byrjuð að setja tattúgræjurnar á ný og Mummi kvelst í stólnum á meðan hún bætir við og lagar tattúin hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MCKINLEY RASK OVERALL Kuldagalli úr Exodus útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Sérstaklega styrktur á rassi og hnjám. Stærðir: 80-120.

MCKINLEY MINIOR WINTER MITTEN Vatnsheldar lúffur með flísfóðri. Barnastærðir.

INTERSPORT

JÚLÍA TÓMASDÓTTIR: ER AÐ SAFNA Í REYNSLUBANKANN

Fetar í fótspor mömmu

Júlía Tómasdóttir er aðeins þrettán ára gömul en þykir þrátt fyrir ungan aldur efnilegur stílisti. Júlía hefur ekki langt að sækja hæfileikana því móðir hennar, Alda Björg Guðjónsdóttir, er einn eftirsóttasti stílisti landsins.

Júlía hefur fengið að fylgja móður sinni í vinnunna alveg frá því að hún var barn en undanfarið ár hefur hún verið að taka að sér eigin stílistaverkefni. „Mér finnst þetta rosalega skemmtilegt starf og þetta er það sem ég vil gera í framtíðinni,“ segir Júlía. Hún hefur tekið að sér búningahönnun fyrir tvær stuttmyndir eins nemanda í Kvikmyndaskóla Íslands og segir þau verkefni hafa verið mjög skemmtileg. „Ég vann við tvær stuttmyndir eftir Ingva Hrafn sem er í Kvikmyndaskólanum og svo aðstoðaði ég Steinunni Þórðardóttur við förðun í annarri mynd í leikstjórn Ómars Haukssonar. Ég er samt ekki að þessu fyrir peninginn því ég fæ ekkert greitt fyrir þetta, ég er fyrst og fremst að safna í reynslubankann,“ segir Júlía sem vill helst vinna við kvikmyndagerð eða eitthvað því tengdu.

Alda Björg, móðir Júlíu, rekur fyrirtækið Snyrtilegan klæðnað og segist Júlía vel geta hugsað sér að taka við rekstri fyrirtækisins einhvern tímann í framtíðinni. „Ég er alveg ákveðin í því að halda áfram í þessum bransa og ég held að mamma sé sátt við að ég feti í hennar fótspor. Hún getur eiginlega ekki sett sig upp á móti því þar sem þetta er í raun henni að kenna, hún kom mér út í þennan bransa,“ segir Júlía og hlær.

Innt eftir því hvort hún sé dugleg að kaupa föt svarar Júlía játandi og viðurkennir að hún eigi stórt safn af fötum. „Mér finnst mjög gaman að kíkja í búðir og kaupa mér föt. Ég og bræður mínir eigum saman fataherbergi og ég tek mestallt plássið þar inni.“ Júlía segist stefna á framhaldsnám erlendis og er draumurinn að fá inngöngu inn í Julliard-háskólann í New York. „Ég heimsótti New York í fyrsta sinn í mars og fannst borgin svo frábær að ég ákvað strax að flytja þangað út um leið og ég get. Mannlífið var svo fjölbreytilegt og svo eru tískuverslanirnar auðvitað lokkandi.“ sara@frettabladid.is

ÁKVEÐIN STÚLKA Júlía Tómasdóttir er aðeins þrettán ára gömul en er þegar farin að taka að sér verkefni sem stílisti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heilaspunaleikur á Facebook

Höfundar borðspilsins Heilaspuni, sem sló í gegn fyrir síðustu jól, eru að undirbúa Facebook-leikjaútgáfu af spilinu. Leikurinn verður til að byrja með aðeins á ensku og er ætlaður fyrir hinn gríðarstóra Facebook-markað.

„65 prósent af þeim sem spila Facebook-leiki eru konur og það finnst okkur áhugavert því við erum tvær stelpur sem eigum þetta fyrirtæki saman,“ segir Sesselja G. Vilhjálmsdóttir, sem er manneskjan á bak við Heilaspuna ásamt Valgerði Halldórsdóttur. Þær reka saman sprotafyrirtækið Matador Media sem þær stofnuðu í kringum útgáfu Heilaspuna. Til að fjármagna þróunina á nýja netleiknum ákváðu þær að gefa borðspilið aftur út fyrir þessi jól en það seldist upp í fyrra.

„Facebook-markaðurinn er risastór og til að mynda þénar stærsta leikjafyrirtækið á Facebook meira en Facebook sjálft,“ útskýrir Sesselja. „Facebook-leikirnir fá mestar tekjur í gegnum sýndarvörur sem þú getur keypt inn í leikinn þannig að þér gangi betur, eins og í Farmville.“

Að sögn Sesselju þarf markaðssetningin að vera góð eigi árangur að nást á Facebook. „Þetta er spurning um margföldunaráhrif. Þegar fólk byrjar að spila verður svolítil keðjuverkun en það tekur smá tíma að safna keppendum. En við höfum ekki séð sambærilega leiki á Facebook og teljum þetta eiga gott erindi til fólks.“

Heilaspunaleikurinn er væntanlegur á Facebook snemma á næsta ári. Fleiri leikir eru á teikniborðinu hjá Sesselju og Valgerði, þar á meðal net-fjölskylduleikurinn Kinwins sem bar sigur úr býtum í frumkvöðlakeppninni The Startupp Weekend Iceland í síðasta mánuði. - fb

REYNA FYRIR SÉR Á FACEBOOK Sesselja G. Vilhjálmsdóttir (til hægri) og Valgerður Halldórsdóttir ætla að reyna fyrir sér á Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GAGNRÝNENDUR ERU SAMMÁLA

★★★★★

„Gillz sýnir enn og aftur að hann er ekki bara frábær þjálfari. Fyndnasta bók sem ég hef lesið."

★★★★★

Aron Pálmarsson, atvinnumaður í handbolta

„Mér finnst Egill flottur og bókin hans líka. Hann er með þetta á tæru."

★★★★★

Linda Pétursdóttir, eigandi Baðhússins

„Gillz er búinn að "inspirera" mig lengi. Frábær bók"

★★★★★

Gísli Örn Garðarsson, leikari

„Ég treysti mönnum eins og Gillz. Mjög skemmtileg lesning."

★★★★★

Rakel Garðarsdóttir, Framleiðandi Vesturport



„Ein önnur snilldin frá Gillzaranum, þvílík snilld!"

★★★★★

Gulli Helga, útvarpsmaður, sjónvarpsmaður

„Ómetanlegar ráðleggingar, forvitnileg og skemmtileg bók."

★★★★★

Björn Hlynur Haraldsson, leikari

„Svona eiga herramamenn að haga sér, skyldueign fyrir alla karlmenn."

★★★★★

Halla Vilhjálmsdóttir, leikkona

„Afhverju var þessi bók ekki búin til fyrir 10 árum síðan, þvílík gargandi snilld."

★★★★★

Ásgeir Kolbeinsson, sjónvarpsmaður, kyntákn

„Gillz er skemmtileg fyrirmynd. Þorir að vera hann sjálfur og er frábær og litríkur karakter. Þessi bók hrifur mann frá upphafi til enda og á að vera til á hverju heimili."

★★★★★

Sigga Kling, rithöfundur

„Lífið er leikur, leikt´ann. Þessi bók meitlar þá speki í stein."

★★★★★

Sölmundur Hólm, skemmtikraftur

„Tussufín bók"

★★★★★

Simmi og Jói, sjónvarpsmenn, eigendur Hamborgarafabrikkunar

BÓKAFÉLAGIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Forsýning á Króknum

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardaginn verður kvikmyndin Rokland frumsýnd um miðjan næsta mánuð en hún er byggð á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar. Myndin verður frumsýnd hinn 13. janúar en fer svo í almennar sýningar í Sambíóunum Egilshöll hinn 14. janúar. Hins vegar ætla aðstandendur myndarinnar að halda sérstaka forsýningu á Sauðárkróki hinn 29. desember en myndin gerist að einhverju leyti í Skagafirðinum. Með hlutverk hins reiða hugsjónamanns Bödda fer Ólafur Darri Ólafsson en honum til halds og trausts eru meðal annars **Stefán Hallur Stefánsson**, Elma Lísa Gunarsdóttir og Laddi auk Láru Jóhönnu Jónsdóttur. **- fgg**

Tók lagið á English Pub

Reykjavík virðist vera vinsæll áfangastaður sjónvarpsstjarna þessa daganna en leikarinn **Ed Westwick** var staddur í Reykjavík um helgina. Westwick er þekktastur fyrir að fara með hlutverk kvennabósans Chuck Bass í sjónvarpsþáttunum vinsælu Gossip Girl en hann fékk lítinn frið frá æstum aðdáendum í miðbæ Reykjavíkur aðfararnótt sunnudags. Sást til Westwick á English Pub snemma kvölds þar sem leikarinn virtist njóta athyglinnar því hann steig á svið og fékk að taka lagið með hljómsveit sem hélt uppi fjörinu á staðnum þetta kvöld. Seinna fór hann á Kaffibarinn þar sem hann þótti vist heldur dónalegur við aðra gesti. Í gær bárust fréttir af Westwick í Bláa lóninu en hann kom víst við hér á landi á leið sinni til London. **- mþl**

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Óvíst um tjón vegna eldsins
2. Karlmaður lést eftir bílslys
3. Snúið upp á hendurnar á Geir og Árna
4. Var byrjaður að brjótast inn sextán ára
5. Setti met í sæðistöku

Bók sem hjálpar konum að finna hvað fer þeim best

www.beautybar.is / sími 544 5959

"**Flott bók á allan hátt.** Það eru fáir sem búa yfir jafn miklum hafsjó af fróðleik er við kemur bættu útliti fólks, eins og Karl Berndsen.
Ég mæli hiklaust með þessari bók."
Linda Pétursdóttir

Allt frá afasímum til snjallsíma

3G

LG OPTIMUS ONE
Flottur Android sími sem fer vel í hendi.
Símalán-útborgun: 0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 49.900 kr.

LG COOKIE T300
Ódýr sími með snertiskjá og 2GB minniskorti.
Símalán-útborgun: 0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 19.900 kr.

MEÐ ÞESSUM LG OG NOKIA SÍMUM FYLGIR
1.000 kr. inneign á mánuði í eitt ár
Netið í símanum á 0 kr. í einn mán.*
Enski boltinn í símann á 0 kr. í einn mán.
*Notkun á Íslandi, 100 MB

GLÆSILEGIR KAUPAUKAR
Veldu einn:
Smáhátalari fyrir símann
Taska fyrir símann
Bílstandur
Á meðan birgðir endast

NOKIA C5
Frábær Ovi sími frá Nokia.
Símalán-útborgun: 0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 32.900 kr.

DORO PHONO EASY 338
Kjörinn fyrir ömmu og afa.
Símalán-útborgun: 0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 17.900 kr.

Frelsiskort fylgir ásamt 1000 kr. inneign

Það er Síminn
siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM44319